**ALEXANDER ÓÐINSSON**

*Æfir aikido og heldur til Japans í þjálfunarbúðir*

allt Heilsa Tíska




**TOM WAITS**

*leikur í kvikmynd Dags Kára*

Tökur hefjast í nóvember

**FÓLK 38**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. maí 2006 — 130. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000




### Nýr liðsmaður Ske

Höskuldur Ólafsson hefur tekið við hljóðnemanum af Ágústu Evu Erlendsdóttur í hljómsveitinni Ske.

**FÓLK 30**

### Samræmd próf

„Kannski væri betra að hafa þriðju og síðustu samræmdu prófin í grunnskóla að hausti þegar nemendur eru í 9. bekk,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir. „Þá væri hægt að meta stöðu þeirra í einstökum námsgreinum og námsþáttum og skólinn hefði tækifæri til að snerpa á þeim námsþáttum sem sýndu slakasta stöðu.“

**Í DAG 20**

### Biðin var þess virði

Margrét Hallgrímsdóttir þakkar þolinmæðinni fyrir evrópska viðurkenningu sem safnið hlaut um helgina.

**TÍMAMÓT 24**



### Stefnir á atvinnumennsku

Körfuboltamaðurinn Helgi Már Magnússon hefur lokið námi í Bandaríkjunum og stefnir á að komast að hjá liði í Evrópu á næstu leiktíð en að öðrum kosti mun hann spila með KR.



**ÍÞRÓTTIR 34**

### VEÐRIÐ Í DAG




**GÆTI SKÚRAÐ Í BORGINNI**

Í dag verður hæg breytileg átt. Skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan til í dag og suðvestan til síðdegis. Nokkuð bjart veður á Vestfjörðum og norðan til á landinu. Hiti 5-10 stig að deginum. Næturfrost.

**VEÐUR 4**

Vinstri grænir á Akranesi bæta verulega við sig samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins:

# Framsókn tapar helmingi fylgisins

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn á Akranesi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn mælist nú með 41,7 prósenta fylgi. Gunnar Sigurðsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, segir könnunina sýna að flokkurinn eigi möguleika á að ná hreinum meirihluta. Hann segist þó hafa átt von á að flokkurinn myndi bæta við sig fylgi eftir að sjálfstæðismenn kynntu Gísla Einarsson sem bæjarstjóraefni. Sú hefur ekki orðið raunin.

Samfylking er annar stærsti flokkurinn og hefur nú 28,1 prósents fylgi. Sveini Kristinssyni, oddvita Samfylkingarinnar, líst ekki illa á þessa niðurstöðu. „Við erum náttúrlega í bardaga við mann sem kemur beint úr okkar flokki. Það er okkur auðvitað erfitt.“

Vinstri grænir bæta verulega við sig frá síðustu kosningum og hafa nú 12,7 prósenta fylgi, jafnmikið og Framsóknarflokkurinn. Rún Halldórsdóttir, oddviti Vinstri grænna, segir þetta fína niðurstöðu fyrir flokkinn. „Við höfum fundið fyrir ánægju með að við skulum vera að bjóða fram aftur, svo þetta er bara hvatning fyrir okkur í kosningabaráttunni.“ Guðmundur Jónsson, oddviti Framsóknarflokks, er hins vegar ekki eins ánægður, þar sem flokkurinn er samkvæmt þessu að missa bæjarfulltrúa. „Það er alveg ljóst af þessari könnun að stór hluti Skagamanna á eftir að gera upp hug sinn. Við teljum að við eigum þar mikið að sækja.“

Frjálslyndi flokkurinn, sem nú býður fram í fyrsta sinn, mælist með 4,5 prósent. Karen Jónsdóttir, oddviti Frjálslyndra segir niðurstöðuna mikil vonbrigði. „Það kemur mér á óvart að Skagamenn séu ekki orðnir þreyttari en þetta á þeirri stjórn sem hér hefur verið. Þetta eru döpur tíðindi.“ - shá/ss / sjá síðu 6






**VEÐURBLÍÐAN NÝTT TIL HINS ÍTRASTA** Þau eru mörg og fjölbreytt vorverkin sem mannfólkið þarf að sinna og því er rík ástæða til að nýta tækifærin sem veðurblíða síðustu daga hefur boðið upp á. Sæmundur Aðalbjörnsson húsamálari naut blíðunnar á meðan hann klæddi húsið við Veghúsastíg 9 í Reykjavík í nýjan búning eins og fjölmargir landsmenn aðrir vinna að þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðstefna um efnahagsmál:

## Hófleg bjartsýni ríkir

**VIÐSKIPTI** Fulltrúar atvinnulífs eru á varðbergi vegna núverandi stöðu íslensks efnahagslífs þótt hún valdi þeim ekki áhyggjum, að mati Neil Prothero, ritstjóra hjá Economist. Blaðið hélt í gær ráðstefnu á Hótel Nordica um íslenskt atvinnulíf.

„Best er að lýsa afstöðu þeirra á þann veg að menn séu hóflega bjartsýnir. Það ríkir skilningur á því að hægja muni á hagvextinum en það verður engin brotlending,” segir Prothero. - óká / sjá síðu 23

Börðu mann til óbóta:

## Eftirlýstir fyrir líkamsárás

**LÖGREGLA** Þrír menn eru eftirlýstir af lögreglu vegna alvarlegrar líkamsárásar á föstudagskvöld. Rændu þeir manni af heimili hans og fóru með hann upp í Heiðmörk, þar sem þeir börðu hann til óbóta. Fórnarlambið liggur þungt haldið á spítala.

Mennirnir þrír eru þekktir í undirheimum Garðabæjar og hafa allir komið margoft við sögu lögreglu. Einn mannanna var viðriðinn sveðjuárás í Garðabæ í fyrra og hinir tveir eru á skilorði. ■

# Frumvarp Valgerðar hangir á bláþræði

**Andstaða nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins við frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands er óbreytt þrátt fyrir sáttatilraunir fyrir helgi. Iðnaðarráðherra útilokar ekki lagfæringar en vill enga kollsteypu.**

**BYGGÐAMÁL** Fyrir liggur að andstaða við frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um að sameina stuðning við byggða-, atvinnu- og tækniþróun undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er óbreytt þrátt fyrir tilraunir stjórnarliða fyrir helgi til að jafna ágreining.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur vilji helstu andstæðinga í röðum stjórnarþingmanna til þess að draga byggðamálin út úr frumvarpinu og fresta afgreiðslu þeirra þar til Alþingi kemur saman í haust.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segist ekki hafa lagst gegn því að gera lagfæringar á frumvarpinu en engar kollsteypur komi til greina. „Margir halda að Byggðastofnun hafi allt annað hlutverk en hún hefur og það veldur ruglingi. Byggðastofnun fæst við atvinnuþróun á landsbyggðinni. Ef ein atvinnuþróunarstefna gildir fyrir landsbyggðina og önnur fyrir þéttbýlið breikkar bilið. Frumvarpið gengur út á að í landinu verði ein heildstæð atvinnuþróunarstefna,“ segir Valgerður.

Viðmælendur Fréttablaðsins í röðum stjórnarflokkanna telja átökin um byggðaþátt málsins þess eðlis að þýðingarmikið sé fyrir stjórnarsamstarfið að ná samstöðu um málið áður en þing kemur saman í lok mánaðarins. Reynt geti á samningslipurð formanna stjórnarflokkanna.

„Menn hittast og ræða málin í ágætu samstarfi. Ég legg áherslu á að ljúka störfum iðnaðarnefndar um þetta mál en næsti fundur hefur ekki verið ákveðinn,“ segir Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður nefndarinnar.

Um sjötíu umsagnir hafa þegar borist iðnaðarnefnd um frumvarpið og er áberandi andstaða við að sameina undir einum hatti Byggðastofnun annars vegar og Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hins vegar. - jh / sjá síðu 16









## SPURNING DAGSINS

*Margrét, eru íslenskar þjóðminjar einna bestar í Evrópu?*

„Það er mjög afstætt að tala um virði þjóðminja. Þær eru alls staðar ómetanlegar.“

Þjóðminjasafn Íslands er eitt þriggja safna sem hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í samkeppni um safn Evrópu árið 2006. Þetta er mikill heiður að sögn Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar.

Á þriðja hundrað björgunarsveitarmenn eru á Möðrudalsöræfum:

# Víðtæk leit að sautján ára pilti

**LEIT** Björgunarsveitir frá Norður- og Austurlandi, ásamt liðsmönnum björgunarsveita af höfuðborgarsvæðinu, leituðu í allan gærdag á Möðrudalsöræfum að sautján ára gömlum pilti, Pétri Þorvarðarsyni, sem saknað hefur verið frá Grímsstöðum á Fjöllum síðan klukkan eitt aðfaranótt sunnudags. 240 björgunarsveitamenn á 32 bílum og fjölda fjór- og sexhjóla, auk sporhunda og víðavangsleitarhunda, hafa komið að leitinni sem hófst síðdegis á sunnudag. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi hafði leitin ekki borið árangur.



PÉTUR ÞORVARÐARSON

Pétur gekk frá Grímsstöðum um klukkan eitt á sunnudagsnótt og var þá klæddur í gallabuxur og flíspeysu. Hann hringdi tvívegis um nóttina, fyrst um klukkan tvö og svo rúmri klukkustund síðar. Hann taldi sig þá vera að nálgast Fellabæ við Lagarfljót.

Þyrlur Landhelgisgæslunnar voru ekki til taks til að aðstoða við leitina. Við athugun á föstudag kom fram bilun í drifskafti þyrlunnar TF-Líf og TF-Sif er í uppfærslu í Noregi. Þyrla danska sjóhersins frá eftirlitsskipinu Triton fór norður í gærkvöldi og hóf leit klukkan átta í gærmorgun. Þyrla Varnarliðsins var síðan ræst út eftir hádegið og var komin á leitarsvæðið um fjögurleytið. Eldsneytisbíll sem koma átti með eldsneyti fyrir dönsku þyrluna bilaði á leiðinni til Grímsstaða og sá því Varnarliðsþyrlan ein um leit úr lofti seinni partinn í gær. **- shá**



**FRÁ LEITINNI Á MÖÐRUDALSÖRÆFUM** Um 240 björgunarsveitarmenn taka þátt í leitinni og þeim fylgir mikill búnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA

Hnífstungan í Hafnarfirði:

## Í varðhaldi til loka mánaðar

**LÖGREGLUMÁL** Einn mannanna þriggja sem handteknir voru í tengslum við hnífstungu í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags hefur viðurkennt verknaðinn og verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 29. maí. Hinum tveimur hefur verið sleppt.

Maðurinn sem játaði er á nítjánda aldursári. Hann var handtekinn í bíl á Kaldárselsvegi ásamt tveimur piltum skömmu eftir hnífstunguárásina. Samkvæmt vitnum að árásinni var félagi þess stungna einnig keyrður niður af bíl árásarmannsins og slasaðist lítillega, en rannsókn þess máls stendur enn yfir. **- sh**

Skíðamaður á sjötugsaldri:

## Fannst látinn á Fjarðarheiði

**ANDLÁT** Maður á sjötugsaldri fannst látinn á Fjarðarheiði á tólfta tímanum í gærkvöld. Hann hafði farið á bíl upp á heiðina til að ganga á skíðum. Þegar maðurinn skilaði sér ekki til baka á eðlilegum tíma var óskað eftir aðstoð björgunarsveita.

Um tíu björgunarmenn sem höfðu verið við leit að unga manninum á Mýrdalsöræfum leituðu á vélsleðum og fundu manninn eftir stutta leit í nágrenni við Heiðarvatn, um einn kílómetra frá bíl hans. Hann var þá látinn og er talið að hann hafi orðið bráðkvaddur. **- sh**

### KJARAMÁL

**Samningur samþykktur** Setuverkfall stuðningsfulltrúa á svæðisskrifstofum fatlaðra sem átti að hefjast í gærkvöld var blásið af. Nýgerður stofnanasamningur var samþykktur í gær sem felur í sér að laun stuðningsfulltrúa hækka til samræmis við laun starfsmanna í sambærilegum störfum hjá sveitarfélögum.



**SELFOSS** Töluverðar hræringar hafa orðið í stjórnmálunum í Árborg í kjölfar frétta af ölvunarakstri Eyþórs Arnalds.

# Tekur að óbreyttu sæti í bæjarstjórn

**Eyþór Arnalds er hættur þátttöku í kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í Árborg og hyggst taka sér frí frá störfum í bæjarstjórn á meðan hann tekur út refsingu fyrir ölvunarakstur. Að óbreyttu mun hann þó taka sæti að því loknu.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Með þessu er ég fyrst og fremst að biðjast afsökunar á gjörðum mínum, þótt þetta sé að sjálfsögðu óafsakanlegt,“ segir Eyþór. Í yfirlýsingunni sem hann sendi frá sér í fyrrakvöld kemur fram að hann muni ekki taka frekari þátt í kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í Árborg og að hann hyggist taka sér frí frá störfum sem bæjarfulltrúi á komandi kjörtímabili á meðan hann tekur út refsingu fyrir ölvunarakstur. Yfirlýsingin kom í kjölfar fjögurra klukkustunda fundar í Valhöll með forvígismönnum flokksins og frambjóðendum hans í Árborg.

Að óbreyttu segist Eyþór munu taka sæti í bæjarstjórn að loknu þessu fríi, en það sé þó ekki einhliða ákvörðun hans. „Framtíðin er óráðin, fyrir utan það að ég tek núna út mína refsingu og vinn í mínum málum.“

Lögreglu barst ábending á aðfaranótt sunnudags um að ekið hefði verið á ljósastaur við Sæbraut og flúið af vettvangi. Eyþór var handtekinn stuttu síðar í bifreið sem átti við lýsingu vitnis og reyndist ölvaður. Hann játaði síðan brotið við yfirheyrslu.



EYÞÓR ARNALDS



ÞÓRUNN JÓNA HAUKSDÓTTIR

Eyþór segist harma atvikið. „Slíkt hefur aldrei hent mig áður en enn er engu að síður óafsakanlegt. Með þessu brást ég trausti samflokksmanna minna, stuðningsmanna, fjölskyldu og þeirra kjósenda sem ég leita eftir stuðningi hjá,“ segir í yfirlýsingunni. Eyþór segist munu vinna í sínum málum og leita sér áfengismeðferðar.

Að sögn Eyþórs voru ekki allir sammála um hvernig bregðast skyldi við. „Það voru margir sem vildu að ekkert yrði gert og að ég leiddi listann áfram.“ Í yfirlýsingunni segir að full samstaða sé um niðurstöðuna í framboðshópnum. Nafn Eyþórs verður áfram efst á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Árborg þegar kemur að kosningunum þar sem lög heimilega ekki breytingar á listanum eftir að framboðsfrestur rennur út.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, sem skipar annað sæti á listanum, segist þó tekin við stjórnartaumunum. „Manneskjan sem er í öðru sæti er auðvitað alltaf tilbúin að fara í fyrsta sætið og ég hef tekið við stöðu oddvita flokksins,“ segir Þórunn og bætir við að listinn sé mjög breiður og að sá árangur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð í Árborg sé að miklu leyti því að þakka.

**stigur@frettabladid.is**

Ráðherra lækkar áhættustig:

## Engin tilvik fuglaflensu

**FUGLAFLENSA** Þar sem engin staðfest tilvik fuglaflensu af H5N1-stofni hafa verið staðfest hér á landi hefur Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar, ákveðið að breyta viðbúnaðrstigi vegna fuglaflensu.

Tímabundnum varnaðaraðgerðum til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla hefur verið aflétt. Þar með er ekki lengur gerð sú krafa að hýsa alla alifugla. Ákvörðun ráðherra byggir á því að nú liggur fyrir að fuglaflensa hefur ekki greinst í yfir 240 sýnum sem tekin hafa verið úr villtum fuglum hér á landi. **- th**

Dómsmálaráðuneytið:

## Breytt vegabréfaútgáfa

**VEGABRÉF** Útgáfa nýrra íslenskra vegabréfa með lífkennaupplýsingum hefst á morgun. Með tilkomu nýju vegabréfanna verður ekki lengur hægt að sækja um íslensk vegabréf erlendis nema í fimm sendiráðum þar sem settur verður upp sérstakur umsóknabúnaður.

Mögulegt er að endurnýja núgildandi vegabréf í dag en eftir þann tíma verður ræðismönnum og sendiráðum óheimilt að taka við umsóknum um vegabréf. Evrópusambandið hefur samþykkt að öll ríki þess hefji útgáfu rafrænna vegabréfa og er þessi samþykkt skuldbindandi fyrir Ísland. **- shá**

### EVRÓPUSAMBANDIÐ

**Löglegur kavíar** Evrópusambandið samþykkti í gær nýjar reglur um viðskipti með kavíar. Ætlunin er að reyna að sporna gegn ólöglegum styrjuveiðum í Kaspíahafi, en fiskurinn er í útrýmingarhættu. Samkvæmt nýju reglunum mun koma fram á umbúðum utan um hrognin hvenær þeim var safnað og hvar, svo ljóst sé að um lögleg styrjuhrogn sé að ræða.


VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓„Verndum götumynd Laugavegarins.“

2 sæti

Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR


Bjarki Birgisson og Gyða Rós Bragadóttir ætla að hjóla hringinn í kringum landið:

# Lagt af stað í hjólatúrinn mikla

**FERÐALAG** Bjarki Birgisson og Gyða Rós Bragadóttir lögðu af stað í gær í hjólreiðaför sína hringinn í kringum landið. Þau hjóla undir kjörorðinu „Hjólað fyrir velferð barna“ en ætlun þeirra er að vekja athygli á börnum með geðraskanir og fjölskyldum þeirra. Áætlað er að hringferðin taki tæpa 80 daga og er leiðin um 2.700 kílómetra löng. Þau ætla ekki einasta að hjóla eftir þjóðvegi eitt heldur einnig um Vest- og Austfirði. Bjarki og Gyða Rós lögðu upp frá húsakynnum Barna- og unglingageðdeildar Landspítala í gærmorgun og sögðust full tilhlökkunar. Nokkrir starfsmenn deildarinnar fylgdu þeim hjólandi úr hlaði og hvöttu um leið landsmenn til að hjóla með þeim þegar þeir yrðu á vegi þeirra.

Bjarki er gjörkunnugur þjóðvegunum en á síðasta ári gekk hann hringinn í kringum landið ásamt Guðbrandi Einarssyni nuddara undir slagorðinu „Haltur leiðir blindan“. Fari allt að óskum nú verður Bjarki að líkindum fyrsti maðurinn sem afrekar bæði að ganga og hjóla hringinn í kringum landið. **- bþs**



**HJÓLAÐ AF STAÐ** Bjarki Birgisson og Gyða Rós Bragadóttir lögðu af stað í gærmorgun í ferðalag sitt hringinn í kringum landið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MITSUBISHI MOTORS

# Hörkuverð

# 3.590.000 kr.

**Sjálfskiptur með 3 lítra 177 hestafla V6 bensínvél.**

HVITA HUSID / SIA.5477




Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur

**38.247 kr. á mánuði***

## Staðalbúnaður í Pajero Sport:

- Hátt og lágt drif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Stigbretti
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn

## Pajero Sport er fullvaxinn alvörujeppi

á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Pajero Sport er einnig fáanlegur í lúxusútgáfu (President) með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 15.05.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,04 | 71,38 |
| Sterlingspund | 133,67 | 134,31 |
| Evra | 91,02 | 91,52 |
| Dönsk króna | 12,208 | 12,28 |
| Norsk króna | 11,673 | 11,741 |
| Sænsk króna | 9,7 9,756 | 9,728 |
| Japanskt jen | 0,6437 | 0,6475 |
| SDR | 106,09 | 106,73 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**126,0306**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brasilískt glæpagengi ræðst gegn lögreglu og fangavörðum:

# Yfir áttatíu farast í átökum

**BRASILÍA, AP** Brasilískt glæpagengi er sagt standa að baki ofbeldisöldu sem gengið hefur yfir Sao Paulo í Brasilíu undanfarna daga, en í þeim átökum hafa yfir áttatíu farist. Flestir hinna látnu eru sagðir vera fangar eða lögreglumenn.

Grímuklæddir meðlimir gengisins réðust gegn lögreglustöðvum með handsprengjum og vélbyssum um helgina og á sunnudagskvöld og í gær kveiktu þeir í fjölda strætisvagna, sem varð til þess að þúsundir manna komust ekki til vinnu sinnar í gærmorgun.

Meðlimir glæpagengisins eru sagðir æfir yfir fangaflutningi þar sem átta leiðtogar gengisins voru færðir í öryggisfangelsi fyrir helgi.

Átökin hafa ollið uppþotum í 46 fangelsum í Sao Paulo-fylki og í gær héldu fangar 237 fangavörðum í gíslingu. Fangarnir höfðu þó hvorki sett fram neinar kröfur síðdegis í gær, né skaðað gísla sína, að sögn talsmanns fangelsisyfirvalda í Sao Paulo.

Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, hélt neyðarfund í gær og bauð fram aðstoð hersins, en vonast er til að átökunum linni án aðkomu hans. Lögreglan hefur handtekið á áttunda tug manns í tengslum við átökin. **- smk**



**SKOTÁRÁS** Ráðist var á þessa lögreglustöð í Brasilíu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leikskólar á Fljótsdalshéraði:

# Engir biðlistar

**SKÓLAMÁL** Öll börn sem hafa óskað eftir leikskólavist á Fljótsdalshéraði og eru fædd árin 2004 og 2005 hafa fengið inngöngu nú í haust.

Börn fædd árið 2004 eru óvenju mörg á Fljótdalshéraði, um fimmtíu prósentum fleiri en í öðrum árgöngum í sveitarfélaginu. Flest barnanna sem fædd eru það ár hafa sóst eftir leikskólavist, yfir níutíu prósent. Þau börn sem fædd eru 2005 og hafa verið á biðlista eftir leikskólavist í haust hafa einnig öll fengið inni á leikskólum sveitarfélagsins.

Mikil fólksfjölgun hefur verið í sveitarfélaginu, sem varð til árið 2004 og er það fjölmennasta á Austurlandi, með um 3.500 íbúa. **- gbg**



**MISSKILNINGUR** Neyðarvörður sendi sjúkrabíl að Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Mistök hjá Neyðarlínunni:

# Vinnubrögðin hörmuð

**SLYS** Starfsmaður Neyðarlínunnar gerði þau mistök á miðvikudag að senda sjúkrabíl að Hallgrímskirkju eftir að upplýsingar bárust um umferðarslys við Höfnersbryggju á Akureyri. Þar hafði verið ekið á tíu ára gamla stúlku. Hún slasaðist ekki alvarlega.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir að um misskilning varðandi staðsetningu hafi verið að ræða, innhringjandi hafi einnig verið óskýr í máli og erfitt að fá frá honum nákvæmar upplýsingar. „Þrátt fyrir það átti neyðarvörður að sjá hvaðan var hringt og Neyðarlínan harmar þau vinnubrögð.“

Neyðarlínan féllst á að leyfa Fréttablaðinu að hlusta á viðtöl neyðarvarðarins. Upptökurnar endurspegla mikla samskiptaerfiðleika. **- shá**

## RÚSSLAND

**Eyðniráðstefna í Moskvu** Ráðstefna um HIV og eyðni hófst í Moskvu í gær og er þetta í fyrsta sinn sem slíkur fundur er haldinn í Rússlandi. Samkvæmt opinberum tölum eru um 350.000 manns smitaðir af HIV-veirunni í Rússlandi.

## LEIÐRÉTTING

Tölur víxluðust í súluriti Fréttablaðsins í gær við hlutfall þeirra Akureyringa sem vildu sjávarsíki í miðbæinn. Rétt er að 66,6 prósent svöruðu spurningunni neitandi en 33,4 prósent játandi.

# Dæmdur fyrir kynferðisbrot og að eiga barnaklám

**Ólafur Barði Kristjánsson var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fimm stúlkubörnum. Brotin vörðuðu grófa kynferðislega áreitni og gerð og vörslu barnakláms, þar sem þrjár stúlknanna komu við sögu. Þá var maðurinn dæmdur til greiðslu á nær fjórum milljónum króna.**

**DÓMSMÁL** Maður á fimmtugsaldri, Ólafur Barði Kristjánsson, var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fimm ungum stúlkum. Þá var honum gert að greiða þeim samtals 2,3 milljónir í miskabætur, svo og ríflega 1,6 milljónir í sakarkostnað.

Ein stúlkan var nýorðin níu ára þegar Ólafur Barði braut gegn henni. Hún hafði farið með honum og börnum hans í útilegu til Þingvalla. Um nóttina áreitti hann stúlkuna gróflega, káfaði meðal annars á kynfærum hennar og hafði í frammi fleiri grófar athafnir. Stúlkan hefur að undanförnu gengið til sálfræðings, sem ber að atburðurinn hafi greinilega hvílt á henni.

Brot gegn annarri stúlku er þannig til komið að mánudaginn 21. mars gerði lögregla húsleit á heimili Ólafs Barða og lagði hald á tölvu hans. Í henni reyndust vera nokkrar myndir af ungri stúlku, sem sýndu hana halda um getnaðarlim karlmanns og karlmanninn rassskella stúlkuna. Foreldrar stúlkunnar báru kennsl á hana og töldu að hún hefði sennilega verið fimm ára þegar myndin var tekin. Móðir stúlkunnar sagði að eftir misnotkunina hefði stúlkan verið óvenju uppstökk, kvíðin og fengið mikil grátköst. Maðurinn játaði hjá lögreglu að hann hefði haft í frammi grófar kynferðisathafnir gagnvart henni.

Þriðja stúlkan varð fyrir áreitni af hálfu mannsins þegar hún gisti hjá dóttur hans, sem var vinkona hennar. Stúlkan kom hágrátandi heim um miðja nótt og sagði að maðurinn hefði káfað á sér „á óæskilegum stöðum“.

Í fórum mannsins fundust 210 myndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Þar komu tvær síðustu stúlkurnar við sögu, ásamt einni af stúlkunum sem að ofan er getið.

**jss@frettabladid.is**




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Ólafur Barði Kristjánsson var dæmdur í tveggja ára fangelsi. Hann þarf að greiða fórnarlömbum sínum 2,3 milljónir í miskabætur.

Urðu skelkuð og ráðþrota eftir frásögn dótturinnar:

## Skerandi öskur

„Ég man enn skerandi vein dóttur minnar þegar hún kom hlaupandi heim,“ segir móðir tólf ára gamallar stúlku sem beitt var kynferðislegu ofbeldi af Ólafi Barða Kristjánssyni fyrir rúmlega ári síðan. Stúlkan fékk leyfi til þess að gista eina nótt hjá vinkonu sinni, sem er dóttir mannsins, sem síðan var ákærður. Á þessum tíma bjó maðurinn ásamt fjölskyldu sinni í einbýlishúsi skammt frá heimili stúlkunnar. Stúlkan skýrði móður sinni strax um nóttina frá því sem gerðist.

„Við hjónin vorum ofsalega skelkuð og ráðþrota eftir að við heyrðum frásögn dóttur okkar. Hún lýsti því í smáatriðum þegar maðurinn leitaði á hana í herbergi dóttur hans. Hún þóttist vera sofandi í fyrstu, þegar atvikið átti sér stað, en öskraði síðan af hræðslu og kom sér út úr húsinu og hljóp heim.“

Lögreglan var kölluð til eftir að stúlkan hafði lýst fyrir foreldrum sínum þegar maðurinn leitaði á hana. Móðir stúlkunnar segir lífsreynslu sem þessa hafa varanleg áhrif á líf fjölskyldunnar. „Rannsóknarlögreglan hóf fljótt að rannsaka málið og voru vinnubrögð lögreglunnar til fyrirmyndar. Við fórum niður á bráðamóttöku þar sem hæft starfsfólk tók á móti okkur.“

Móðirin segir dótturina enn glíma við óöryggistilfinningu og hræðslu. „Hún fer reglulega í viðtal hjá starfsmanni Barnahúss og það hefur reynst henni afskaplega vel. En þetta atvik á eftir að fylgja henni ævilangt.“

Móðir stúlkunnar miðlar því til foreldra að vera á verði gagnvart kynferðisbrotamönnum því þeir leynist víða. „Í eðli sínu geta sárin, sem kynferðisbrot gagnvart börnum skilja eftir sig, ekki gróið. Þau verða alltaf opin og sársaukinn sem þeim fylgir hverfur aldrei. En það er hægt að búa um þau með því að hjálpa börnunum að lifa með sárunum sem kynferðislegt ofbeldi skilur eftir sig.“ **- mh**





TÆKNIFRÆÐI
Byggingartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Vél- og orkutæknifræði

Tæknifræðinám við Háskólann í Reykjavík býður upp á fjölmarga spennandi möguleika að námi loknu.

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is og hjá námsráðgjöfum í síma 599 6200.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HITAMETIÐ Á STÓRHÖFÐA**

Hitametin sem féllu í hlýindakaflanum nú fyrr í maí voru nokkur. Þótti mér athyglisverðast hitametið á Stórhöfða, 16,5 °C. Á Höfðanum er truflun lands mjög lítil og því segir þetta okkur hversu hlýr loftmassi lék um okkur. Reyndar hefur mælst hærri hiti þar í maí en það var á þeim tíma þegar hitamælarnir voru í veggskýlum en þeim var útrýmt eftir síðari heimsstyrjöldina. Það var gert 1955 á Stórhöfða. Tölur úr veggskýlum sýndu því miður oft of há gildi og því ekki hægt að nota þau þegar borin eru saman einstök hitamet.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C rigning | London | 20°C léttskýjað | Alicante | 27°C skýjað |
| Billund | 13°C rigning | París | 19°C skyjað/skúr | Mallorca | 22°C léttskýjað |
| Osló | 13°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 24°C hálfskýjað | Krít | 21°C léttskýjað |
| Gautaborg | 13°C skýjað/skúrir | Berlín | 21°C skýjað | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Heilsudagar í Nóatúni
20% afsláttur
Frábært úrval af vítamínum og bætiefnum frá Heilsu
Good´n natural 30% afsláttur
Nóatún – á grænni grein!
Lífrænt
Nýtt í Nóatúni!
EDEN ORGANIC
BAUNIR, SÓSUR OG TÓMATAR
167 kr. stk.
Nýtt í Nóatúni!
MCCAIN SMOOTHIES
JARÐARBER & BANANA, BLÖNDUÐ BER, APPELSÍNU & MANGÓ, ANANAS & KÓKOS
299 kr. pk.
KELLOGG´S HEILSUBITAR
SPECIAL K, FRUIT´N FIBRE
199 kr. pk.
Nýtt í Nóatúni!
Giovanni hárvörur
20% afsláttur
Nýtt í Nóatúni!
Kiss my face
20% afsláttur
EGILS KRISTALL
VENJULEGUR, EPLA, SÍTRÓNU OG MEXICAN LIME
79 kr. 1/2 l
NÓATÚN



## KJÖRKASSINN

*Á að hætta við byggingu hátæknisjúkrahúss við Hringbraut?*

| | |
|---|---|
| Já | 74% |
| Nei | 26% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Heldurðu að Silvía Nótt komist áfram í forkeppni Eurovision?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Auglýst eftir tug hjúkrunarfræðinga á Barnaspítala Hringsins:

# Hágæslu verður hraðað

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefnt er að því að koma á svokallaðri hágæslu á Barnaspítala Hringsins á LSH eins fljótt og auðið er. Þetta segir Ragnheiður Sigurðardóttir, deildarstjóri á vökudeild, sem sæti á í hjúkrunarráði spítalans og er jafnframt í teymi sem undirbýr hágæsluna.

Í sjónvarpsþættinum Kompási á NFS var í fyrrakvöld greint frá hjónum sem eiga mikið veikt barn á spítalanum. Þau höfðu vakað yfir því síðustu vikur og mánuði, en í gær brá til betri vegar.

„Okkur var tilkynnt að það yrði fengið hjúkrunarfólk til að sinna barninu að næturlagi, en það þarf aðstoð á klukkustundar fresti,“ sagði Hjörleifur Már Jóhannsson, faðir barnsins, við Fréttablaðið. „Þetta þýðir að fólk þarf að bæta á sig aukavinnu, sem er slæmt. En þetta er mikill léttir fyrir okkur því ef svefninn fer þá er lítið eftir.“

Um helgina var auglýst eftir fólki til starfa við hágæsluna og hafði ein umsókn borist í gær. Spurð hvenær gera megi ráð fyrir að hágæslan komist á segir Ragnheiður það fara eftir svörun við atvinnuauglýsingunni.

„Ef hún er góð þarf nokkrar vikur til að hún verði að raunveruleika,“ sagði hún. „Við þurfum að ráða tvær vaktalínur, sem þýðir 9-10 hjúkrunarfræðinga. Við erum bjartsýn úr því að viðbrögð fóru að berast við auglýsingunni á fyrsta virka degi eftir að hún birtist.“ - jss



**BARNASPÍTALINN** Fyrir liggur að hágæslan fær sextíu milljónir á ári í fimm ár til rekstrarins.

Ungur fangi sýknaður:

# Var með dóp á Litla-Hrauni

**DÓMSMÁL** Sautján ára ungum refsifanga á Litla-Hrauni var ekki gerð sérstök refsing fyrir héraðsdómi vegna fíkniefna sem fundust á honum þegar hann sneri til baka í fangelsið eftir dagsleyfi.

Segir í dómnum að þar sem magn fíkniefnanna hafi verið lítið og hafi ekki haft áhrif til þyngingar dómi þeim er hann var dæmdur til í Hæstarétti hinn 11. maí síðastliðinn verði honum ekki gerð sérstök refsing nú. Pilturinn afplánar rúmlega tveggja ára fangelsisdóm vegna fíkniefnabrota og ráns. Á pilturinn langan sakaferil að baki þó ungur sé. - aöe


BÍLL DAGSINS
OPEL ASTRA 1.2
Nýskr 01.99 - Beinskiptur - Ekinn 98 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


# Vinstri grænir gætu komið manni að

**Framsókn fengi aðeins einn fulltrúa kjörinn á Akranesi og tapar manni til Vinstri grænna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking halda sínum fulltrúum en Frjálslyndir ná ekki manni inn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Vinstri grænir á Akranesi geta næstum tvöfaldað fylgi sitt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 12,6 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, en hann hlaut 6,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Ef þetta yrðu niðurstöður kosninga myndi flokkurinn fá einn bæjarfulltrúa kjörinn, en hann hefur nú engan fulltrúa í bæjarstjórn.

Í könnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var um mánaðamótin mars-apríl sögðust 10,8 prósent myndu kjósa Vinstri græna og hefur flokkurinn því aðeins bætt við sig fylgi síðan þá. Jafnt hlutfall karla og kvenna segjast nú myndu kjósa listann.

Sjálfstæðisflokkurinn bætir einnig við sig fylgi frá síðustu kosningum. 41,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust nú myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því myndi Sjálfstæðisflokkurinn halda sínum fjórum bæjarfulltrúum. Aðeins fleiri karlmenn en konur segjast myndu kjósa flokkinn; 42,3 prósent karla og 40,9 prósent kvenna. Þetta er örlítið minna fylgi en flokkurinn mældist með í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar, þegar 42,6 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Athygli vekur að í millitíðinni kynnti Sjálfstæðisflokkurinn Gísla Einarsson, fyrrum þingmann Samfylkingar, sem bæjarstjóraefni sitt. Það útspil virðist ekki hafa áhrif á fylgi flokksins. Fylgið nú mælist hins vegar nokkuð meira en í síðustu kosningum, þegar hann hlaut 35,0 prósent atkvæða.

Samfylking tapar fylgi frá síðustu kosningum. Nú segist 28,1 prósent myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því myndi flokkurinn halda sínum þremur bæjarfulltrúum. Örlítið fleiri karlar en konur




segjast myndu kjósa Samfylkinguna, en fylgið skiptist nánast jafnt milli kynja. Þessi niðurstaða er mjög áþekk skoðanakönnun Félagsvísindastofnunnar, þegar 28,9 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Fylgið nú mælist tæpum fjórum prósentustigum minna en flokkurinn hlaut í síðustu kosningum þegar flokkurinn hlaut 32,4 prósent atkvæða.

Framsóknarflokkurinn tapar verulegu fylgi frá síðustu kosningum. Nú mælist fylgi Framsóknarflokksins 12,7 prósent og fengi flokkurinn samkvæmt því einn bæjarfulltrúa kjörinn. Aðeins fleiri konur en karlar styðja Framsóknarflokkinn á Akranesi nú, en 14,1 prósent kvenna segist myndu kjósa flokkinn, en 11,5 prósent karla. Þessi niðurstaða er nánast samhljóða könnun Félagsvísindastofnunar, þegar fylgi flokksins mældist 12,3 prósent. Flokkurinn tapar hins vegar 13,3 prósenta fylgi frá síðustu kosningum, þegar Framsóknarflokkurinn hlaut 26,0 prósent atkvæða og tvo bæjarfulltrúa kjörna.

Frjálslyndi flokkurinn bauð ekki fram í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Fylgi flokksins mælist nú 4,5 prósent. Í könnun Félagsvísindastofnunnar höfðu Frjálslyndir ekki tilkynnt um framboð, en þá sögðust 5,4 prósent kjósa Frjálslynda flokkinn.

Hringt var í 600 íbúa Akraneskaupstaðar mánudaginn 15. maí. Skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga nú? 55,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt hvort viðkomandi hafi nýtt sér þjónustu Strætó bs. milli Akraness og Reykjavíkur. Rúmlega fjórðungur, 26,5 prósent, sagðist hafa nýtt sér þessa þjónustu en 73,5 prósent sögðust ekki hafa gert það. Nokkuð fleiri konur sögðust hafa tekið strætisvagn milli Akraness og Reykjavíkur; 30,7 prósent á móti 22,4 prósentum karla. Nokkuð margir vildu þó taka fram að þó svo að þeir notuðu ekki þjónustuna sjálfir væri mikil ánægja með þessa þjónustu.

99,8 prósent svarenda tóku afstöðu til þessarar spurningar.

svanborg@frettabladid.is


# Skipulagsferð!

Fræðumst um skipulagssögu Reykjavíkur miðvikudaginn 17. maí kl. 16:00 - 18:00. Farið verður frá Ráðhúsi Reykjavíkur og ekið um bæinn undir leiðsögn Péturs Ármannssonar arkitekts og sérfræðings í byggingarsögu Reykjavíkur. Kynnist því hvernig borgin hefur byggst upp, hvernig ólíkum aðferðum hefur verið beitt við skipulagningu hennar, hvað hefur virkað vel og hvað miður.

**Öll velkomin!**



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð



Samfylkingin | Reykjavík 2006





Fengu hundruð þúsunda fyrir að fegra bæinn:

# Rifu landamerkjagirðingar

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Ég verð að segja eins og er að það var lítil prýði að þessum girðingum en engu að síður voru þær teknar niður í heimildarleysi,“ segir Úlfar Ármannsson, íbúi að Asparvík á Álftanesi.

Komið hefur í ljós að félagar í Lionsklúbbi Álftaness, sem fengu tæpa milljón króna frá bænum fyrir nokkur verkefni til fegrunar bæjarins, rifu niður landamerkjagirðingar í leyfisleysi og verður bærinn að standa straum af kostnaði við að koma þeim upp aftur.

Um er að ræða landamerkjagirðingar milli Álftaness og Garðabæjar, Kirkjubrúar og Brekku auk merktrar spildu í eigu fyrirtækis. Að sögn Úlfars hafa eigendur þeirrar spildu fallist á að settar verði hitamerkingar í stað stauranna sem fyrir voru en. „Mál sem þessi eru þó nokkuð alvarleg og refsiverð í raun. Framkvæmdagleði er af hinu góða en kapp er best með forsjá. Guðmundur G. Gunnarsson bæjarstjóri rauk hins vegar til þegar þetta varð ljóst og samkomulag hefur náðst held ég við alla aðila sem hlut eiga að máli.“ - aöe



**FRÁ ÁLFTANESI** Á myndinni sést hluti þeirra girðinga er fjarlægðar voru í heimildarleysi af félagsmönnum Lions á Álftanesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 31680 03/2006

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

HAGNÝTT TÖLVUNÁM

**Tölvuviðgerðir**

Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við minniháttar bilanir í vélbúnaði tölvunnar og fá um leið viðamikla þekkingu á innviðum tölvunnar. Einnig er teknar fyrir helstu uppsetningar.



Nánari lýsing á heimasíðu skólans www.tsk.is
Námskeiðið er 18 kennslustundir og er kennt tvo laugardaga. Námskeiðið hefst 20. maí. Verð kr. 25.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Íslensk erfðagreining og bandaríska fyrirtækið Illumina í samstarf:

# Þróa DNA-greiningarpróf

**VÍSINDI** Íslensk erfðagreining hefur tekið upp samstarf við bandaríska fyrirtækið Illumina um að þróa og markaðssetja DNA-greiningarpróf fyrir algenga sjúkdóma. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem ÍE sendi frá sér í gær. Illumina hefur þróað tækni til viðamikilla skimana á erfðamenginu og kveður samningurinn á um að sá tæknibúnaður verði settur upp í höfuðstöðvum ÍE, sem verður til mikillar hagræðingar fyrir fyrirtækið, að því er fram kemur í tilkynningunni.

Í fyrstu verða þróuð próf til að greina breytileika í þremur erfðavísum sem tengjast hjartaáföllum, sykursýki af gerð 2 og brjóstakrabbameini.

Fyrirtækin munu deila þróunarkostnaði sem og hugsanlegum tekjum af sölu greiningarprófanna.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segist ánægður með tæknina sem Illumina leggur til. „Með þessum samningi getum við enn aukið á forskot okkar við að nota niðurstöður erfðarannsókna til að þróa ný lyf.“

Jay Flatley, forstjóri Illumina, segir prófin geta orðið mikilvægan lið í forvörnum og heilsugæslu. Hann segir spennandi að sameina krafta Illumina og ÍE, sem hann segir brautryðjanda í erfðarannsóknum á líffræðilegum orsökum algengra sjúkdóma og lyfjaþróun á þeim grundvelli. **- sh**



**AÐ STÖRFUM** Tæknibúnaðurinn frá Illumina verður í höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar. Myndin er úr safni.



**SADDAM HUSSEIN** Í réttarsal í gær. Einræðisherrann fyrrverandi segist enn vera forseti Íraks samkvæmt vilja þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttað yfir Saddam Hussein:

# Segist enn vera forseti Íraks

**ÍRAK, AP** Einræðisherrann fyrrverandi Saddam Hussein lýsti því yfir í réttarsal í gær að hann væri enn réttkjörinn forseti Íraks samkvæmt vilja þjóðarinnar. Hann þyrfti ekki að lýsa sig sekan eða saklausan af ákærum, því hann viðurkenndi ekki réttinn.

Saddam og sjö fyrrum undirmenn hans eru ákærðir fyrir morð á 148 sjía-múslimum og mannréttindabrot, meðal annars pyntingar á konum og börnum og ólöglegar handtökur 399 sjía-múslima árið 1982.

Á meðan dómari las ákæruna hafði Saddam Kóraninn í hendinni og sagði ákæruna engin áhrif hafa á sig, hann væri forseti Íraks. Dómarinn færði til bókar að Saddam segðist saklaus af ákærunum.

Réttarhöldin hafa staðið yfir með hléum síðan í október, en í gær höfu verjendur málflutning sinn og gert er ráð fyrir að vörnin standi að minnsta kosti í einn mánuð. Verði ákærðu fundnir sekir geta þeir átt von á dauðarefsingu. **- smk**







Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight

Ungmenni borða of lítið af ávöxtum og grænmeti:

# Drekka of mikið gos

**NÆRING** Rannsóknarstofa í næringarfræði (RÍN) hefur birt niðurstöður úr rannsókn á mataræði níu og fimmtán ára grunnskólanema en þátttakendurnir voru 366.

Helstu niðurstöðurnar eru þær að D-vítamínneysla er ekki nægjanleg en það er einkum rakið til lítillar lýsis- og fiskneyslu ungmenna. Lítil fiskneysla getur einnig valdið joðskorti en samkvæmt rannsókninni fá 44 prósent fimmtán ára unglinga minna joð en sem nemur meðaltalsþörf. Brauð- og kornmeti er ekki nægjanlega gróft og trefjaríkt, sem kemur fram í lítilli trefjaneyslu og mikilli neyslu á viðbættum sykri. Neysla á sykruðum gosdrykkjum og öðrum sykruðum drykkjum er mjög mikil og hefur lítið breyst frá síðustu könnun.

Ávaxta- og grænmetisneysla er um helmingur þess sem Lýðheilsustöð ráðleggur og með því lægsta sem gerist í Evrópu. Hún hefur þó aukist frá síðustu rannsókn, sem gerð var veturinn 1992-93. Önnur jákvæð tíðindi eru stóraukin vatnsdrykkja og flestir þátttakendur (áttatíu prósent) fóru eftir ráðleggingum um neyslu mjólkurmatar. Skýrslan bendir á að nær tuttugu prósent íslenskra barna og unglinga eru of þung og er í skýrslunni hvatt til frekari fræðslu um næringu. **- gbg**

## KEYPTU FÍKNIEFNIN Í EVRÓPU



**PARÍS** Mikael Már var að koma frá París þegar hann var handtekinn í Leifsstöð með á fjórða kíló af amfetamíni í fölskum botni á ferðatösku.



**AMSTERDAM** Mikael Már fékk þrjá tæplega tvítuga pilta til að flytja rúmlega hálft kíló af kókaíni frá Amsterdam til Íslands.



**FRANKFURT** Piltarnir þrír höfðu viðkomu í Frankfurt á leiðinni til landsins. Þar skiptu þeir efninu á milli sín og földu innan klæða.



**LEIFSSTÖÐ** Tollgæslan í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli hefur samtals náð rúmlega fjórum kílóum af fíkniefnum í þessum tveimur málum.



**FIMM ÁKÆRÐIR** Fjórir mannanna eru ákærðir fyrir fíkniefnasmygl en einn fyrir önnur afbrot.

# Afbrotagengi sætir ákæru

**Fimm menn voru ákærðir í gær fyrir margvísleg afbrot. Fjórir eru ákærðir fyrir að reyna að smygla ríflega fjórum kílóum af fíkniefnum til landsins.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á þrítugsaldri, Mikael Má Pálsson, fyrir að hafa föstudaginn 3. febrúar staðið að ólögmætum innflutningi á rúmlega 3,7 kílóum af amfetamíni hingað til lands, ætluðu til söludreifingar og í ágóðaskyni. Efnið flutti hann frá París, en tollverðir fundu það falið undir fölskum botni í ferðatösku hans þegar hann kom til landsins.

Ákæran nær til fjögurra einstaklinga, auk Mikaels Más, sem eiga að baki margvíslegan brotaferil. Auk ofangreinds er Mikael Már ákærður ásamt þremur tæplega tvítugum piltum fyrir fíkniefnalagabrot í janúar síðastliðinn, þar sem hann fékk tvo þeirra til að flytja tæplega hálft kíló af kókaíni frá Amsterdam hingað til lands. Hann fól þeim að útvega einn tiltekinn mann til viðbótar til verksins og þar kom þriðji pilturinn inn í málið. Mikael Már hitti svo piltana á óþekktum stað í Breiðholti, veitti þeim nánari leiðbeiningar um ferðina og upplýsingar um óþekktan tengilið í Amsterdam, afhenti þeim flugmiða til fararinnar og peninga til að greiða fyrir fíkniefnin og til uppihalds í ferðinni.

Piltarnir settu sig í samband við tengiliðinn ytra sunnudaginn 22. janúar og fóru síðan með fíkniefnið á Hótel Nova í Amsterdam. Þar pökkuðu þeir kókaíninu og fluttu það síðan með sér til Frankfurt í Þýskalandi, þar sem þeir skiptu því á milli sín, földu það innan klæða og fluttu hingað til lands. Þeir voru teknir af tollinum við komuna til landsins.

Mikael Már hefur jafnframt verið ákærður fyrir fíkniefnalagabrot, umferðarlagabrot og rangar sakargiftir. Hinir piltarnir voru, ýmist hver fyrir sig eða fleiri saman, ákærðir fyrir fíkniefnalagabrot, innbrot, þjófnaði, eignaspjöll og umferðalagabrot. Má þar nefna innbrot í húsnæði Extons - Kastljóss, þar sem þeir stálu ýmsum rafbúnaði og tölvubúnaði að verðmæti á áttundu milljón, innbrot í Hagaskóla, þar sem stolið var skjávarpa að verðmæti á annað hundrað þúsund og bílþjófnað. Gerir Tryggingamiðstöðin kröfu á hendur þremur piltanna að upphæð ríflega 4,5 milljónir vegna innbrotsins í Exton - Kastljós.

Ákæran er í þrettán liðum og hefur Mikael Már játað sök í því sem að honum snýr. **jss@frettabladid.is**


STEFNA VINSTRI GRÆNNA

BARNABORGIN REYKJAVÍK

- Gjaldfrjáls leikskóli frá lokum fæðingarorlofs
- Gjaldfrjáls skóladagur í grunnskóla þ.m.t skólamáltíðir og frístundaheimili
- Hollar skólamáltíðir og aukin hreyfing skólabarna
- Áframhaldandi uppbygging frístundaheimila ÍTR
- Beinn stuðningur við fjölbreytta tómstundaiðkun barna
- List- og verkgreinar verði efldar í leik- og grunnskóla
- Öflugt menningarstarf fyrir börn og með börnum
- Gæsluvellir fái nýtt hlutverk sem leikgarðar í hverjum borgarhluta
- Börn og ungmenni komi að hugmyndavinnu við þróun skólaumhverfis, s.s. uppbyggingu skólalóða
- Markviss stuðningur við móðurmálskennslu tvítyngdra barna
- Börn með fötlun njóti fullra mannréttinda
- Markvissar forvarnir á ábyrgð samfélagsins

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð





– allt fyrir garðinn

Landslagsráðgjöf MEST

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu varðandi garðinn. MEST býður upp á gott úrval af hellum & garðeiningum, skrautsteypu og skrautsteinum.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest – allt til bygginga

Bandaríkin taka Líbíu í sátt:

## Gadhafi þykir standa sig vel

**WASHINGTON, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skýrði frá því í gær að Líbía yrði tekin af lista Bandaríkjanna yfir þau ríki sem styddu hryðjuverkamenn.

Jafnframt taka ríkin tvö upp stjórnmálasamband að nýju eftir 25 ára hlé. Fyrir þremur árum féllst Moammar Gadhafi Líbíuforseti á að eyða gereyðingarvopnum og hefur síðan lagt áherslu á að bæta ímynd landsins, meðal annars með greiðslu skaðabóta til aðstandenda þeirra sem fórust með farþegaþotu yfir Lockerbie í Skotlandi árið 1988. **- gb**




**MOAMMAR GADHAFI** Líbíuforseti er kominn í náðina á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Landamæragæsla stórefld

### George W. Bush skýrði í gærkvöld frá áformum um að stórefla gæslu við landamærin að Mexíkó.

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti hyggst senda þúsundir þjóðvarðliða til landamæra Mexíkó í því skyni að stöðva eða draga verulega úr straumi ólöglegra innflytjenda til Bandaríkjanna.

Bush hugðist skýra frá þessum áformum opinberlega í sjónvarpsávarpi seint í gærkvöld, en fréttir höfðu þá þegar borist fréttastofum og fjölmiðlum í Bandaríkjunum.

Af hálfu forsetans munu þessar aðgerðir til þess ætlaðar að afla frekari stuðnings á þingi við breytingar á innflytjendalöggjöf Bandaríkjanna. Hörðustu íhaldmennirnir á þinginu hafa hikað við að styðja þær breytingar, sem eiga að auðvelda þeim ólöglegu innflytjendum sem þegar eru komnir til landsins að fá dvalar- og atvinnuleyfi.

Þjóðvarðliðarnir eiga að styrkja störf landamæralögreglunnar, sem áfram ber þó meginábyrgð á gæslu landamæranna. Um það bil hundrað þjóðvarðliðar eru nú þegar staðsettir við landamærin til að aðstoða við baráttu gegn smygli á eiturlyfjum.

Ýmsir þingmenn hafa þó lýst áhyggjum sínum af því að auka enn álagið á sveitir þjóðvarðliða, sem nú þegar hafa töluverðu hlutverki að gegna í Írak. Til dæmis hefur repúblikaninn Chuck Hagel sagt að það samrýmist ekki hlutverki þjóðvarðliðsins að gæta landamæra. Nær væri að efla landamæragæsluna sjálfa, fjölga í liði hennar sem nú nemur um 12.000 manns.

Einnig hefur Vicente Fox, forseti Mexíkó, lýst áhyggjum sínum af því að nú eigi að hervæða landamærin. Maria Tamburri, talsmaður Hvíta hússins, segir að Bush hafi þó fullvissað Fox um að Bandaríkin líti á Mexíkó sem vinveitt ríki og að „það sem nú er í bígerð sé ekki hervæðing landamæranna heldur eigi þjóðvarðliðarnir að styrkja landamæragæsluna tímabundið.“

Sjálfur hugðist Bush forseti skýra nánar frá áformum sínum í sjónvarpsávarpi sínu, sem allar helstu sjónvarpsstöðvarnar sýndu í beinni útsendingu í gærkvöld.

Bandarísk stjórnvöld hafa einnig áform um að reisa tvöfalda varnargirðingu meðfram stórum hluta landamæranna til þess að auðvelda landamæragæslunni störfin.

**gudsteinn@frettabladid.is**





# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

### Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!



## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka




SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti

## „Ofsalega ríkur“

„Maður getur orðið alveg ofsalega ríkur ef maður bara sparar peninga. Svo þegar maður er orðinn stór og hættur að vinna, eins og afi, getur maður gert alls konar skemmtilega hluti. Ég ætla að kaupa mitt eigið fótboltamark til að hafa í garðinum og þá get ég skorað mín eigin mörk, skeytin inn og allt.“

Það er aðeins einn viðbótarlífeyrissparnaður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun.

Viðbótarsparnaður

Allianz



Laugavegur 176 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is



NISSAN PATHFINDER

PATHFINDER HEFUR VINNINGINN!




Það hefur líklega aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nissan Pathfinder blandar skemmtilega saman krafti fjallajeppa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman hefur slegið eftirminnilega í gegn enda er sama hvaða samanburð þú gerir, Pathfinder hefur vinninginn!

Líttu inn og reynsluaktu.

Tilboð 230.000 kr. aukapakki!

Öllum Pathfinder sem keyptir eru fylgja auka 32" dekk, húddhlíf dráttarbeisli og olíukort frá EGO með 50.000 kr. inneign!

ego

Verðið á Nissan Pathfinder er frá **4.290.000 kr.**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16


## BLÖNDUÓSBÆR

**Íbúafjöldi:** 1. desember 2005: 903

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 694
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 613 (88,3%)

**Listi Bæjarmálafélagsins Hnjúka (Á)**
197 atkvæði - 2 fulltrúar
**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**
199 atkvæði - 2 fulltrúar
**Listi Vinstri manna og óháðra (H)**
202 atkvæði - 3 fulltrúar

Meirihlutasamstarf kjörtímabilið 2002-2006 er með Sjálfstæðisflokki (D) og Vinstri mönnum og óháðum (H).

**Bæjarfulltrúar Á-lista:**
Þórdís Hjálmarsdóttir
Valdimar Guðmannsson

**Bæjarfulltrúar D-lista:**
Ágúst Þór Bragason
Auðunn Steinn Sigurðsson

**Bæjarfulltrúar H-lista:**
Valgarður Hilmarsson
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir
Hjördís Blöndal

**KOSNINGAR 2006:**
**Efstu menn Á-lista, Bæjarmálafélagsins Hnjúka:**
1. Valdimar Guðmannsson bæjarfulltrúi
2. Jón Örn Stefánsson iðnverkamaður
3. Þórdís Hjálmarsdóttir bæjarfulltrúi
4. Erla Ísafold Sigurðardóttir mannfræðinemi

**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:**
1. Ágúst Þór Bragason, formaður bæjarráðs
2. Kári Kárason, svæðisstjóri BM
3. Sigurlaug Markúsdóttir öryggisvörður
4. Valgerður Gísladóttir bókari

**Efstu menn E-lista, Blönduóslista - sameinaðs afls:**
1. Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar
2. Héðinn Sigurðsson læknir
3. Jón A. Sæbjörnsson framkvæmdastjóri
4. Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri



Pólitískur órói verið á kjörtímabilinu á Blönduósi:

# Þrír meirihlutar

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006 Blönduósbær

**KOSNINGAR** Blönduósbúar hafa búið við frekar óstöðugt stjórnarfar á yfirstandandi kjörtímabili. Þrír listar náðu mönnum inn í bæjarstjórn síðast og hafa allar útgáfur af samstarfi verið reyndar nema samsteypustjórn allra.

Nú síðast hafa D-listi sjálfstæðismanna og H-listi vinstri manna og óháðra verið í meirihluta en ljóst að svo verður ekki áfram hvað sem úrslitum kosninga líður, sökum þess að H-listinn heyrir sögunni til.

Marga af þeim lista er reyndar að finna á Blönduóslistanum, sem er þverpólitískt framboð sem hefur það að markmiði að ná hreinum meirihluta í bæjarstjórn og teflir bæjarstjóranum fram í baráttusætinu. Sú ráðstöfun mælist misjafnlega fyrir hjá forystumönnum hinna listanna og ljóst að bæjarstjórinn tekur verulega áhættu með þessu.

Annars virðast fjármál bæjarins og atvinnumál vera helstu kosningamálin, fjármálin hafa verið erfið og bærinn undir eftirliti félagsmálaráðuneytisins. Hitaveitan var seld á kjörtímabilinu og vænkaðist hagur Strympu nokkuð við það þannig að menn sjá fram á bjartari tíma. Þó er enn glímt við fólksfækkun og því nauðsynlegt að skapa ný störf í bænum. **- ssal**

Valdimar Guðmannsson Á-lista:

## Takmarkið er þrír menn



Valdimar Guðmannsson er efsti maður Á-listans. „Þetta leggst bara vel í mig, listinn samanstendur af fólki úr ýmsum áttum sem vill hag bæjarins sem bestan.“ Síðast vantaði Á-listann fjögur atkvæði til að ná þriðja manni, sem hann segir takmarkið nú. Hann segir muninn á listunum aðallega felast í forgangsröðun verkefna og áherslum í fjármálum. „Við viljum til dæmis fara okkur hægar í stórframkvæmdum en hinir, og leggjum áherslu á að bæjarfélagið losni úr fjárhagslegri gjörgæslu ráðuneytisins.“

Leikskóla- og grunnskólamál eru líka á forgangslista Á-listans og Valdimar segir að það vanti ný störf í bæinn og líka fólk. „Við höfum ekki staðið vaktina nógu vel í því að ná til okkar störfum.“

Hann segir allt opið um hvað taki við að kosningum loknum. „Við skoðum alla kosti og látum málefnin ráða.“

Ágúst Þór Bragason D-lista:

## Komið svigrúm til framkvæmda



Ágúst Þór Bragason fer fyrir D-listanum. Hann segir talsverða endurnýjun á listanum. „Það er mikið af ungu þróttmiklu fólki að koma til starfa og mjög góð stemning í okkar hópi.“

D-listinn er í meirihlutasamstarfi við H-lista en það hefur aðeins varað í rúmt ár; áður var búið að reyna samstarf D- og Á-lista og H- og Á-lista. Samstarfið hefur verið árangursríkt að sögn Ágústs. „Fjármál sveitarfélagsins hafa til dæmis batnað verulega þannig að nú er svigrúm til framkvæmda.“ Hann segir D-listann leggja áherslu á fjölskyldumál. „Við þurfum að endurskoða gjaldskrá leikskólans, til að verða samkeppnishæf við önnur sveitarfélög um fólk.“

Af öðrum áherslumálum nefnir hann frekari uppbyggingu fjarnáms og atvinnumál. „Það þarf alltaf að efla og styrkja þá starfsemi sem hér er fyrir auk þess að leita nýrra tækifæra.“

Valgarður Hilmarsson E-lista:

## Stefnt á hreinan meirihluta



Valgarður Hilmarsson leiðir E-lista Blönduóslistans en hann var oddviti H-lista vinstri manna og óháðra síðast. Hann segir muninn á listunum þann að E-listinn hafi breiðari skírskotun. „Það kom upp hugmynd um að ná saman breiðum þverpólitískum lista og það tókst mjög vel.“

Hann segir tíð meirihlutaskipti á kjörtímabilinu hafa skaðað bæinn. „Við þurfum sterkt afl sem gæti náð meirihluta og fólk sem er tilbúið að takast á við erfið verkefni og að vinna saman af bjartýni og heilindum,“ segir hann. E-listinn stillir núverandi bæjarstjóra Jónu Fanneyju Friðriksdóttur upp í baráttusætið til að freista þess að ná meirihluta.

Valgarður segir listann leggja mikið upp úr því að halda vel utan um fjármál bæjarins áfram. „Staðan hefur batnað mikið og útlit fyrir að við getum komið ýmsum verkum í framkvæmd sem hafa beðið.“

# Þjóðfundur um þjóðarátak í málum aldraðra

## í kvöld kl. 20.00 í Háskólabíói

Stefán Ólafsson prófessor flytur erindi:

## “Lífskjör aldraðra á Íslandi”

**Pallborð:**

Árni Mathiesen, fjármálaráðherra
Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndaflokksins
Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar
Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra
Stefán Ólafsson prófessor
Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands sveitarfélaga

**Fundarstjóri: Ragnar Aðalsteinsson, hrl.**



Stefán Ólafsson



Ragnar Aðalsteinsson

**Sýnum samstöðu – fyllum húsið!**

**AFA**
Aðstandendafélag aldraðra, www.hjaafa.is

LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

**VÖKNUM og bætum aðstöðu aldraðra í dag!**

P & Ó www.internet.is/po

# Tími til að skipta



**Ssangyong Musso 602 EL**
F. skráð 01/1996, ekinn 170.000 km
5 gíra
**Verð:** 560.000 kr.
**Tilboð: 330.000 kr.**



**VW Passat S/D Comfort line**
F. skráð. 02/2003, ekinn 55.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.600.000 kr
**Tilboð: 1.390.000 kr.**



**Isuzu Trooper**
F. skráð. 11/1999, ekinn 175.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.290.000 kr.
**Tilboð: 890.000 kr.**



**Ford Excursion**
F. skráð. 09/2000, ekinn 155.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 2.980.000 kr.
**Tilboð: 2.490.000 kr.**



**VW Passat S/D**
F. skráð. 07/1998, ekinn 105.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 840.000 kr.
**Tilboð: 550.000 kr.**



**Isuzu Trooper**
F. skráð. 05/2000, ekinn 145.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.550.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**



**MMC Pajero DI-D GLX**
F. skráð. 01/2005, ekinn 35.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 4.050.000 kr.
**Tilboð: 3.590.000 kr.**



**Subaru Impreza W/G**
F. skráð. 04/2000, ek. 93.000 km
5 gíra
**Verð:** 880.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**



**Fiat Brava SX H/B**
F. skráð 07/1998, ekinn 97.000 km
5 gíra
**Verð:** 370.000 kr.
**Tilboð: 150.000 kr.**



**Nissan Quest SL**
F. skráð. 01/2004, ekinn 9.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 3.490.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**



**MMC Pajero Langur Int. Turbo**
F. skráð. 04/2000, ekinn 130.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**



**Nissan Primera**
F. skráð. 06/2004, ekinn 45.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.690.000 kr.
**Tilboð: 1.390.000 kr.**



**Peugeot 306 Symbio 306**
F. skráð. 04/2001, ekinn 74.000 km
5 gíra
**Verð:** 540.000 kr.
**Tilboð: 350.000 kr.**



**Skoda Octavia**
F. skráð. 08/2001, ekinn 93.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.020.000 kr.
**Tilboð: 790.000 kr.**



**Subaru Impreza W/G**
F. skráð. 04/2000, ekinn 95.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 870.000 kr.
**Tilboð: 690.000 kr.**



**Mazda 323 S/D GLX**
F. skráð. 10/98, ek. 85.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 650.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr.**

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar,**
**- sjá nánar á www.toyota.is/notaðir bílar.**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32676 05/2006



**Honda CR-V RVSi**
F. skráð 09/1999, ekinn 135.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 820.000 kr.
**Tilboð: 490.000 kr.**



**Peugeot 307 H/B XR**
F. skráð. 08/2003
5 gíra
**Verð:** 1.290.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**



**Isuzu Trooper**
F. skráð. 10/2002, ekinn 83.000 km
5 gíra
**Verð:** 2.100.000 kr.
**Tilboð: 1.490.000 kr.**



**Subaru Legacy W/G**
F. skráð. 07/1998, ekinn 135.000 km
5 gíra
**Verð:** 650.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr.**



**Mercedes Benz E-240**
F. skráð. 08/1999, ekinn 115.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**



**Nissan Almera S/D GX**
F. skráð. 06/2001, ekinn 99.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 760.000 kr.
**Tilboð: 490.000 kr.**



**VW Golf H/B Comfortline**
F. skráð. 03/2002, ekinn 120.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 740.000 kr.
**Tilboð: 490.000 kr.**



**Audi A4 W/G**
Hlaðinn aukabúnaði
F. skráð. 02/2005
Sjálfskiptur
**Verð:** 3.390.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**



**Ssangyong Musso E-230**
F. skráð 01/2002, ekinn 67.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.350.000 kr.
**Tilboð: 1.090.000 kr.**



**VW Toureg V8**
F. skráð. 12/2003, ekinn 28.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 4.890.000 kr.
**Tilboð: 4.490.000 kr.**



**Honda Civic**
F. skráð. 10/1998, ekinn 137.000 km
5 gíra
**Verð:** 620.000 kr.
**Tilboð: 450.000 kr.**



**MMC Pajero Langur V-6**
F. skráð. 10/1998, ekinn 94.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.220.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**



**Volvo 740 S/D GL**
F. skráð. 02/1988, ekinn 178.000 km
**Verð:** 190.000 kr.
**Tilboð: 90.000 kr.**



**Subaru Legacy**
F. skráð. 09/1996, ekinn 101.000 km
5 gíra
**Verð:** 720.000 kr.
**Tilboð: 550.000 kr.**



**Land Rover Freelander i+**
F. skráð. 01/1999, ekinn 74.000 km
5 gíra
**Verð:** 950.000 kr.
**Tilboð: 690.000 kr.**



**Mazda 626 GLX**
F. skráð. 05/1998, ek. 140.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 740.000 kr.
**Tilboð: 490.000 kr.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

## Svona erum við

> Fjöldi fólks í Ásatrúarfélaginu 1996 til 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** RÉTTAÐ YFIR HEILBRIGÐISSTARFSMÖNNUM Í LÍBÍU

# *Sögð hafa smitað börn af HIV-veirunni*

Réttarhöld yfir fimm búlgörskum kvenkyns hjúkrunarfræðingum og einum karlkyns lækni frá Palestínu hófust í Líbíu á ný á fimmtudag. Fólkið er sakað um að hafa viljandi sýkt yfir 400 líbísk börn af HIV-veirunni á líbísku sjúkrahúsi í Benghazi-héraði í misheppnaðri tilraun til að finna lækningu við eyðni. Talsmenn fólksins segja það saklaust og að rekja megi raunverulega orsök smitsins til ónógs hreinlætis á sjúkrahúsinu. Fólkið var handtekið í febrúar 1999 og dæmt til dauða árið 2004, en Hæstiréttur Líbíu ákvað að taka bæri málið upp á ný.

**Hver er staða sakborninganna?**
Sumt af fólkinu viðurkenndi sekt sína meðan á yfirheyrslum stóð, en öll hafa dregið játingar sínar til baka og segja þær hafa verið knúnar fram með pyntingum. Fyrir ári var réttað í máli lögreglumannanna sem komu að yfirheyrslunum og þeir allir sýknaðir. Erlendir vísindamenn hafa kannað málið og bent á að smitin hafi líklega byrjað áður en sexmenningarnir hófu störf á sjúkrahúsinu

**Innanríkismál?**
Minnst 426 börn smituðust af HIV-veirunni og hafa 51 þeirra látist úr eyðni síðan þá, og hafa fórnarlömbin og fjölskyldur þeirra kallað eftir hefnd. Forseta Líbíu, Muammar Gadhafi, hefur átt í erfiðleikum með stjórn í Benghazi-héraði. Því telja sumir að erlenda hjúkrunarfólkið sé blóraböggglar sem líbísk stjórnvöld ætli sér að nota til að ná frekari völdum í héraðinu.

**Framhald málsins?**
Líbísk stjórnvöld gáfu í skyn árið 2004 að ef Búlgaría færði sjúklingunum og fjölskyldum þeirra skaðabætur, þá myndu yfirvöld milda dóminn. Búlgörsk yfirvöld neituðu að verða við þeirri bón því slíkt myndi sýna að þau teldu hjúkrunarfræðingana seka. Þó hafa búlgörsk yfirvöld unnið staðfastlega að málinu á bak við tjöldin í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og Bandaríkin, og hefur alþjóðlegur sjóður verið settur á stofn til að greiða sjúklingunum og fjölskyldum þeirra skaðabætur, án þess að nokkurt ríki gefi sekt hjúkrunarfólksins í skyn.



Það má segja ýmislegt um Þjóðverja...

**Nýr,** fallegri og miklu betri Opel.

...en þeir hafa klárlega vit á bílum.



Mánaðargreiðsla 23.061,-*

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 lítra

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarps-fjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt fleira.

Opel er besta þýska bílategundin skv. gæðakönnun bílatímaritsins Auto Bild. Í könnuninni var lagt mat á áreiðanleika, langtímagæði, þjónustu og ánægju viðskiptavina. Á hverju ári bítast Opel Astra og Volkswagen Golf um titilinn mest seldi bíll Evrópu. Nýja Astran er fallegur bíll, hlaðinn aukabúnaði og einn sá ódýrasti á götunni. Astran vekur hrifningu þína á hverjum degi, aftur og aftur.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

# Togast á um nýsköpun

**Stjórnarliðar settust niður fyrir helgi og leituðu sátta um frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Samkomulag er ekki í augsýn. Andstæðingar frumvarpsins vilja taka byggðamálin út og fresta afgreiðslu þeirra til haustþings en sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun.**



**HOFSÓS** Stuðning við tækniþróun þarf ekki nauðsynlega að tengja við byggðaþróun, að mati margra sem skilað hafa iðnaðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarpið.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
jóhannh@frettabladid.is

„Í stað þess að láta Byggðastofnun deyja drottni sínum eins og hún á að gera skuli hún vera spyrt saman við sæmilega heilbrigðar stofnanir þannig að úr verði einn allsherjarbræðrabani... Byggðastofnun () skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja úti á landsbyggðinni með því að styrkja sum fyrirtæki en önnur ekki. Það er alltaf slæmt því menn hafa tilhneigingu til að styrkja þau fyrirtæki sem illa ganga, sem eru illa rekin, og þau lenda þá í samkeppni við vel reknu fyrirtækin sem verða undir. Það er ekki gott.“

Þannig mælti Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, við fyrstu umræðu á Alþingi um frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frumvarpið, sem felur í sér sameiningu Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Byggðastofnunar undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, hefur mætt mikilli andstöðu, ekki síst af hálfu allmargra þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Pétur kallaði frumvarpið óskapnað og líkti því við miðstýringarsjónarmið sem þóttu fín í Sovétríkjunum 1930 til 1950.

Eftir að Sigurður Kári Kristjánsson og Einar Oddur Kristjánsson höfðu einnig lýst andstöðu sinni lá kannski beint við að Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar spyrði: „Er Sjálfstæðisflokkurinn ekki sá sem stendur að flutningi þessa frumvarps og styður hann að meiri hluta til þetta sovétskipulag sem þingmaðurinn kallar svo?“

**Byggðahlutinn út?**
Eftir því sem næst verður komist hafa stjórnarliðar í meirihluta iðnaðarnefndar hist að minnsta kosti einu sinni á óformlegum fundi fyrir helgi til þess að reyna að sætta sjónarmið. Ekkert er gefið upp um hugsanlegar breytingar á frumvarpinu. Ljóst má þó vera að lítil sátt verður um frumvarp Valgerðar óbreytt og því líklegt að allir þurfi að gefa eftir, einnig Valgerður. Enn mætast stálin stinn og heimildir eru fyrir því að staðið verði fast við kröfu um að taka byggðastuðninginn út úr frumvarpinu og fresta þeim þætti málsins til næsta þings.

„Ég hef ekki útilokað lagfæringar á frumvarpinu,“ segir Valgerður, sem er þess fullviss að það verði afgreitt sem lög í næsta mánuði.

Alls hafa um sjötíu stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og aðrir aðilar gefið iðnaðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarpið. Andstaðan er sögð yfirgnæfandi. Bændasamtökin hafa efasemdir. Það hafa Samök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins einnig og gagnrýna mörg atriði frumvarpsins í félagi við Alþýðusamband Íslands svo sem Fréttablaðið hefur greint frá.

**Andsnúnar umsagnir**
Félög verkfræðinga og tæknifræðinga lýsa andstöðu við óbreytt frumvarpið og svo mætti áfram telja. „Við áttum okkur ekki á því hvers vegna blanda á saman byggðamálum og tæknirannsóknum,“ segir Steinar Friðgeirsson, formaður Verkfræðingafélags Íslands. „Við erum fylgjandi því að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun, staðsetja þær í Vatnsmýrinni og tengja starfsemina við rannsóknastarfsemi háskólanna. Við sjáum ekki hvernig efla á tæknirannsóknir og byggðamál undir sama hattinum,“ segir Steinar og bætir við að tæknirannsóknir geri engan greinarmun á landsbyggð og höfuðborgarsvæði.

Verkfræðingafélagið leggur reyndar til að svæða- og byggðarannsóknir tengist háskólanum á Akureyri og jafnvel háskólanum á Bifröst. „Við leggjum til að lagt verði fram nýtt frumvarp sem hafi það skýra markmið að efla tæknirannsóknir á Íslandi,“ segir Steinar Friðgeirsson.

**Valgerður föst fyrir**
Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra er þessum sjónarmiðum ósammála. „Ég vil ekki taka neina kollsteypu með þetta frumvarp. Í því felst ákveðin heildarhugsun. Það veldur ruglingi að margir halda að Byggðastofnun hafi eitthvað annað hlutverk en hún hefur. Hún fæst við atvinnuþróun á landsbyggðinni og allt þetta gengur út á að í landinu verði heildstæð atvinnuþróunarstefna. Í þessu efni á ekki að gilda eitt fyrir landsbyggðina og annað fyrir þéttbýlið. Þá skiljum við landsbyggðina eftir og bilið mun breikka. Þeir sem lengst fara gegn þessu vilja ekki nein opinber afskipti af atvinnuþróun og það er eitthvað sem ég get ekki samþykkt. Mér sýnist heldur ekki að umsagnir til iðnaðarnefndar séu allar á sama veg,“ segir iðnaðarráðherra.



**PÉTUR BLÖNDAL SJÁLFSTÆÐISFLOKKI** „Byggðastofnun skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja úti á landsbyggðinni með því að styrkja sum fyrirtæki en önnur ekki.“



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Atvinnulíf á landsbyggðinni dregst að mati Valgerðar aftur úr ef byggðamálin verða ekki tengd háskólunum og rannsóknastofnunum.

Eurovision Song Contest Athens 2006

# ... þegar allt þarf að smella

## LITIR–LEIKUR–HLJÓÐ



Pioneer

**PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 ").
Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar.
HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD.
Skerpa: 3.000:1
**Verð frá kr.: 399.900**



40" Háskerpu LCD Sjónvarp

**GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:**

**SAMSUNG LE40R51B**
40" Háskerpu LCD Sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

**SAMSUNG DVD-125**
DVD Upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW,
· SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur

*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

DVD Upptökutæki og spilari



SAMSUNG

*Aðeins kr.:*
**259.900,-**
FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!
DVD UPPTÖKUTÆKIÐ FYLGIR **FRÍTT** MEÐ SJÓNVARPINU!



LOEWE.

**LOEWE INDIVIDUAL**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T /S
stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Skerpa 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 349.900**



LOEWE.

**LOEWE XELOS**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T stafrænn
sjónvarpsmóttakari.
Skerpa: 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 299.900**



SAMSUNG

**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.900**



SHARP

**SHARP LC-37P50E**
PAL-optimal
37 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
**Verð: 299.900**



SHARP

**SHARP LC-26P50E**
PAL-optimal
26 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
**Verð: 119.900**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn,Selfossi og Eyjaradio, Vestmannaeyjum. **Vesturland: Model**, Akranesi. **Vestfirðir: Þristur**, Ísafirði. **Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar**, Húsavík, **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðárkróki, **SR Byggingavörur**, Siglufirði, **Krákur**, Blönduósi, **Verslunin Urð**, Raufarhöfn. **Austurland: Verslunin Vík** Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, **HS Raf**, Eskifirði, **Beint í Mark**, Vopnafirði.



# RÝMINGA-
# SALA

*á flísum og ljósum í BYKO!*





# 35% afsláttur

*af öllum flísum og ljósum**

*gildir ekki með öðrum tilboðum



# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Brot Eyþórs Arnalds er áfall fyrir sjálfstæðisfólk í Árborg:

## Ætti að ganga skrefinu lengra

Ölvunarakstur Eyþórs Arnalds og flótti af vettvangi áreksturs við ljósastaur er meiriháttar áfall fyrir framboð Sjálfstæðisflokksins í Árborg.

Með athæfinu varð fullkominn trúnaðarbrestur milli forystumanns framboðsins og kjósenda. Í því ljósi var afar mikilvægt að strax og óbrenglaðri dómgreind var náð steig Eyþór fram og viðurkenndi mistök sín og dómgreindarbrest. Með því axlar hann ábyrgð á gjörðum sínum, sem hlýtur að vera eðlileg krafa við slíkar kringumstæður.

Atvikið er afar dapurlegt og leiðinlegt að hæfileikaríkur maður skuli klúðra málum með þessum hætti. Mikilvægt er að hann viðurkennir mistök sín og biðst afsökunar á þeim, því þegar til lengri tíma er litið skiptir það afar miklu máli ef vinna á traust á ný. Menn eru breyskir og iðrun og eftirsjá er forsenda þess að tekist sé á við breyskleikana. Spurningin sem eftir stendur er hvort ekki hefði verið ástæða til að ganga skrefi lengra.

*Í ljósi trúnaðarbrests milli kjósenda og framboðsins þarf að vera ljóst hvort Eyþór er í kjöri eða ekki.*

Í yfirlýsingu Eyþórs kemur fram að hann muni draga sig út úr kosningabaráttunni og ekki taka sæti í bæjarstjórn Árborgar meðan mál hans er til meðferðar og meðan hann tekur út refsingu vegna þess. Þessi yfirlýsing mætti vera skýrari. Í ljósi trúnaðarbrests milli kjósenda og framboðsins þarf að vera ljóst hvort Eyþór er í kjöri eða ekki. Þegar slíkur brestur verður milli stjórnmálamanns og kjósenda er einungis ein leið til að endurnýja sambandið. Það er með kosningum. Eyþór þarf að sækja nýtt umboð til kjósenda sinna. Það gerir hann ekki í þessum kosningum, en gæti hugsanlega gert það síðar. Hluti af því að axla ábyrgð er að víkja þar til nýtt umboð er fengið.

Ekkert er útilokað í því að menn sæki sér nýtt umboð og endurnýi trúnaðarsamband við kjósendur. Slíkt hefur gerst áður, enda engin ástæða til að kveða upp siðferðilegan lífstíðardóm yfir þeim sem renna á svelli dyggðanna.

Almennt séð eru Íslendingar afar umburðarlyndir og gera ekkert sérstaklega miklar kröfur til stjórnmálamanna í siðferðilegum efnum ef miðað er við margar aðrar þjóðir. Við mættum sem borgarar og kjósendur gera ríkari kröfur. Hitt er svo annað að í mörgum nágrannalöndum okkar eru stjórmálamenn settir undir mæliker sem ekki er eftirsóknarvert. Einkalíf þeirra er þá sett undir smásjá og fátt skilið undan. Slíkt er ekki til eftirbreytni og jafnvel þótt agavald almennings mætti vera meira felast miklir kostir í umburðarlyndi kjósenda gagnvart mistökum og jafnvel afglöpum stjórnmálamanna.

Það er mikilvægt að axla ábyrgð og að því leyti hefur Eyþór stigið fram með skýrum hætti og viðurkennt dómgreindarleysi og beðist afsökunar. Það er honum til sóma, en hann ætti ekki að snúa til baka fyrr en hann hefur endurnýjað samband við kjósendur með formlegum hætti.


Hvað finnst fólkinu þínu í raun og veru?

Fyrirtæki ársins er árleg könnun VR á aðbúnaði og ánægju starfsfólks íslenskra fyrirtækja. Niðurstöður verða kynntar 19. maí.

Fíton/SÍA

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Dyggðirnar**

Ekki þarf að leita lengra en til Svíþjóðar og Danmerkur til þess að komast að því að stjórnmálamenn, sem uppvísir hafa orðið að spillingu eða misstigið sig á dyggðanna braut, geta átt afturkvæmt í stjórnmál. Mona Sahlin sagði af sér ráðherraembætti í Svíþjóð síðla árs 1995 eftir að uppvíst varð um misnotkun hennar á greiðslukorti sem hún hafði aðgang að í krafti ráðherrastöðu sinnar. Árið 1998 var hún orðin aðstoðarráðherra. Svipaða sögu er að segja af Ritt Bjerregaaard, borgarstjóra í Kaupmannahöfn, sem eitt sinn varð að segja af sér ráðherraembætti. Hun hefur reynst eiga níu líf í dönskum stjórnmálum.



**Að axla ábyrgð**

Guðmundur Árni Stefánsson sagði af sér embætti félagsmálaráðherra síðla árs 1994 eftir að hafa komið tryggingayfirlækni úr embætti. Guðmundur Árni kvaddi með þeim orðum að hann segði af sér án sakarefna en undir þrýstingi, meðal annars frá samherjum sem hefðu afar misjafnar skoðanir á málinu. Albert Guðmundsson sagði af sér embætti iðnaðarráðherra árið 1987 eftir að hafa orðið uppvís að skattalagabroti. Það gerði hann undir þrýstingi flokksforystunnar.
Eyþór Arnalds dregur sig út úr stjórnmálum vegna brots sem hann hefur viðurkennt. Hann axlar ábyrgð undir þrýstingi en dæmin sýna að menn geta átt afturkvæmt í stjórnmál.

**Umbúðir og innihald**

Krafan um stefnu og rök í kosningabaráttunni virðist sækja á. „Mín ógæfa í lífinu hefur verið að velja konur eftir útliti og bíla eftir lakkinu,“ skrifaði Guðrún Guðlaugsdóttir blaðamaður í Morgunblaðið fyrir hálfum mánuði og hafði setninguna eftir löngu liðnum manni. Guðrún bendir á að ekki sé endilega víst að þeir sem fara hamförum í fjölmiðlum séu farsælir í sveitarstjórnarmálum: „Fari saman í skaphöfn fólks bæði hégómleiki og óheiðarleiki fer að kárna gamanið. Afleiðingar af slíkri blöndu komast oft á forsíður blaða og í fyrstu frétt í sjónvarpi og útvarpi.“



johannh@frettabladid.is

## Samræmdu prófin

Í DAG
MENNTAMÁL



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Enn einu sinni hafa nemendur 10. bekkja grunnskóla þreytt samræmd próf og voru heldur fegnir þegar þeim var lokið. Fjölmargir hópar fóru í óvissuferð strax að prófum loknum, ferð sem oftar en ekki er skipulögð og stjórnað af foreldrum og dæmi um frábært samstarf foreldra og skóla.

Nemendur grunnskóla þreyta samræmd próf þrisvar á sinni skólagöngu, í 4. bekk, í 7. bekk og í 10. bekk. Nemendur 4. og 7. bekkja taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði en í 10. bekk geta bæst við enska, danska, samfélagsfræði og náttúrufræði. Nemendur 10. bekkja eiga þó val um fjölda prófa sem þeir taka. Samræmd próf eru í raun prýðilegt tæki til að mæla frammistöðu og þó einkum framfarir nemenda milli ára, bæði í námsgreinum og einstökum námsþáttum. Gallinn við samræmdu prófin í 10. bekk er hinsvegar sá að nánast er litið á þau sem inntökupróf í framhaldsskóla þótt sú sé ekki raunin nema að litlu leyti. Inntökuskilyrði í framhaldsskóla eru nefnilega yfirleitt miðuð við meðaltal skólaeinkunna og einkunnir á samræmdum prófum. Eftir tæpan mánuð útskrifast nemendur eftir 10 ára nám í grunnskóla. Í farteskinu hafa þeir einkunnir í samræmdum prófum, sem mæla árangur þeirra í 2-6 námsgreinum (eingöngu bóklegum greinum) og skólaeinkunnir sem byggja á mati kennara. Að baki skólaeinkunn er vinna alls vetrarins; próf og kannanir, vinnubækur, heimanám, frammistaða í kennslustundum, einstök verkefni af ýmsum stærðum og gerðum og sitthvað fleira. Kennarar leggja sig mjög fram um að gefa nemendum sanngjarna skólaeinkunn, sem speglar bæði þekkingu en ekki síður vinnubrögð þeirra í hverri grein. Skólaeinkunn er líka gefin í öllum námsgreinum og gefur því mun meiri upplýsingar um stöðu og getu nemenda frá öllum sjónarhornum séð en samræmd próf geta gert.

*Vissulega má segja að nemendur með umtalsverða lestrarörðugleika hafi ekki mikinn lesskilning. Það er hinsvegar ekki sanngjarnt að nemandi með ágæta íslenskukunnáttu og gott vald á málinu fái mjög lága íslenskueinkunn vegna þess að hann er ófær um að lesa langa texta.*

Kannski ætti ekki að hafa samræmd próf í lok 10. bekkjar. Kannski væri betra að hafa þriðju og síðustu samræmdu prófin í grunnskóla að hausti þegar nemendur eru í 9. bekk. Þá væri hægt að meta stöðu þeirra í einstökum námsgreinum og námsþáttum og skólinn hefði tækifæri til að snerpa á þeim námsþáttum sem sýndu slakasta stöðu. Þannig yrðu samræmdu prófin ekki jafn afgerandi. Margir kvarta undan því að þessi próf stýri skólastarfi í 10. bekk alltof mikið. Í raun ættu þau frekar að vera stöðupróf og sýna nemanda, forráðamönnum hans og kennurum hver staðan er á ákveðnum tímapunkti. Með því að hafa prófin nær einu og hálfu ári fyrr en nú er yrðu þau ekki eins stýrandi og þaðan af síður ígildi inntökuprófs í framhaldsskóla eins og stundum er talað um. Þau yrðu það leiðbeinandi mælitæki sem þeim er ætlað að vera. Framhaldsskólar ættu þá um tvennt að velja; treysta námsmati grunnskóla alveg eða halda sín eigin inntökupróf.

En samræmd próf eru góðra gjalda verð, svo fremi sem þau eru rétt notuð. Margir finna þeim allt til foráttu en raunin er sú að þau geta gefið ágætar upplýsingar. Mikilvægt er þó að gera sér grein fyrir takmörkunum þeirra.

Á íslenskuprófi nú í vor áttu nemendur m.a. að lesa þrjá, nokkuð langa, texta. Með hverjum texta fylgdu spurningar og markmiðið var að mæla lesskilning nemandans. Þeir sem eiga við lestrarörðugleika að stríða ráða illa eða ekki við þennan námsþátt. Væru þessir textar lesnir fyrir slíka nemendur gætu þeir hæglega svarað meðfylgjandi spurningum en þeir ráða ekki við að lesa svo mikinn texta sjálfir, síst undir tímapressu. Vissulega má segja að nemendur með umtalsverða lestrarörðugleika hafi ekki mikinn lesskilning. Það er hinsvegar ekki sanngjarnt að nemandi með ágæta íslenskukunnáttu og gott vald á málinu fái mjög lága íslenskueinkunn vegna þess að hann er ófær um að lesa langa texta. Hvernig ætli blindir nemendur þreyti þetta próf?

Margir vilja leggja öll samræmd próf niður. Sennilega væri það nokkurt fljótræði því á undanförnum árum hefur byggst upp þekking og reynsla í gerð og mati á slíkum prófum. Þau eru að vísu misvel gerð frá ári til árs eins og öll mannanna verk en eigi að síður væri ástæðulaust að fleygja þeim alveg fyrir róða. Nær væri að nota þau eingöngu sem stöðupróf fyrir hvern nemanda, draga úr vægi þeirra gagnvart öðrum skólum og kannski væri skynsamlegra að prófa 9. bekkinga frekar en 10. bekkinga.

## Burt með skutlið

UMRÆÐAN
FJÖLSKYLDUMÁL



STEFÁN JÓN HAFSTEIN
BORGARFULLTRÚI

Í Grafarvogi er nú þegar hafið samstarf um samfelldan skóladag og frístundaiðkun skólabarna, sem hefst næsta haust. Búið er að kalla saman skólafólk og stjórnendur íþróttafélaga og listnáms til að samhæfa starfsemi þeirra. Þetta samstarf á að verða fyrirmynd hinna skólahverfanna í borginni.

**Gott mál fyrir barnafjölskyldur**

Þetta er þarfasta þjónustumál barnafjölskyldna í borginni í dag. Foreldrar koma heim úr vinnu kl. 17:00 á daginn, en þá fer tími þeirra í að keyra og sækja börnin í frístundatíma. Algengt er að fjölskyldur nái ekki að borða kvöldmat saman því börn og unglingar eru á æfingum.

Markmið okkar er að frístundastarfi barna og unglinga ljúki fyrir fimm á daginn þannig að þegar foreldrar koma heim úr vinnu geti öll fjölskyldan verið saman.

**Góð tíðindi fyrir fjölskyldufólk**

Viðræður hafa þegar farið fram við þá fjölmörgu sem koma að málum. Ákveðið var að halda samráðsfund með öllum sem að málum koma. Það var gert, og ljóst að samstarfshugur var í fólki. Borgarráð hefur heimilað að ráða verkefnisstjóra og mun sá byrja strax í vor og þjóna frá Miðgarði. Þetta mál var kynnt í Íþrótta- og tómstundaráði og fyrir menntaráði sem verkefni næsta vetrar, og fékk mjög góðar viðtökur allra.

**Gjaldfrjálsleikskóli - kjarabót**

Byltingin í skólamálum heldur áfram. Frístundaheimilin hafa sannað gildi sitt, og nú þróum við þau enn frekar. Við höfum þegar lækkað leikskólagjöldin um 25% á þessu ári, en áður hafði verið lækkað mikið hjá fimm ára börnum. Næstu skref eru að barn sem byrjar í leikskóla í haust borgar 800 þúsund krónum minna fyrir leikskólagöngu sína í heild en ella! Með gjaldfrjálsum leikskóla fær barnafólk skattfrjálsa 30 þúsund króna kjarabót á mánuði.

*Höfundur er þriðji maður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.*


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## FLAK ER SAMBLAND AF FRISBÍ OG BLAKI

Reglulega hittast nokkrir strákar á Miklatúni og spila íþrótt sem þeir bjuggu til og kalla flak.

HEILSA 2



## Á TÍSKUVIKU Í MIAMI

Margt hefur breyst í tískunni í Miami síðan Don Johnson sprangaði þar um á níunda áratugnum.

TÍSKA 6

allt



## ALLT HITT

**[ HEILSA TÍSKA ]**

**Háþrýstingssjúklingar** ná flestir ekki þeim meðferðarmarkmiðum sem mælt er með. Þetta kemur fram í nýrri íslenskri rannsókn. Læknar segja þessar niðurstöður kalli á heildræna endurskipulagningu á meðferð sjúklinga með háþrýsting í heilsugæslu.



**Kvikmyndahátíðin** í Cannes hefst í þessari viku. Á viðburðinum, sem er hátíð fyrir tískuspekúlanta, skarta stjörnurnar og kvikmyndagerðarfólk sínu fegursta. Myndir af fallegum fötum verður hægt að finna á www.style.com og www.vogue.co.uk.

**Landlæknir** hefur áhyggjur af þróun mála á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Hann segir vandamálin þar ekki ný af nálinni heldur langvinn. Kvörtunum hefur ekki fjölgað en þær eru stöðugar. Vandinn er í umræðunni og landlæknir fagnar því að starfsfólk LSH sé farið að taka virkari þátt í umræðunni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 16. maí, 136. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.10 | 13.24 | 22.41 |
| Akureyri | 3.35 | 13.09 | 22.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Aikido er japönsk sjálfsvarnarlist, sem varð til fyrir áttatíu árum. Hún gengur fyrst og fremst út á að nýta sér krafta andstæðingsins gegn honum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hefur meira vald yfir eigin líkama

***Aikido er afar spennandi íþrótt sem allt of fáir kannast við. Alexander Óðinsson er einn helsti afreksmaður landsins í sjálfsvarnarlistinni en hann heldur brátt til Japans í þjálfunarbúðir.***

„Aikido er japönsk sjálfsvarnarlist, sem varð til fyrir um áttatíu árum. Hún gengur fyrst og fremst út á að nýta sér krafta andstæðingsins gegn honum. Tæknin sjálf skiptir því meira máli en kraftur eða stærð. Aikido er með yngstu sjálfsvarnarlistum sem til eru í dag, en hefur nær sömu forsögu og Jiu-jitsu,“ útskýrir Alexander. Hann segir jafnframt að Aikido skeri sig helst frá öðrum sjálfsvarnarlistum að því leyti að hún snúist um að komast frá árás án þess að meiða andstæðinginn. „Þetta er mjög mikilvægur punktur af því að allt sem við gerum gengur út á að bera virðingu fyrir þeim sem ræðst að okkur. Fyrst og fremst reynum við samt að vernda okkur sjálf en síðan að vernda mótherjann þannig að hann meiði sig ekki frekar.“

Alexander hefur stundað Aikido í fjögur ár en hann byrjaði eftir að hafa séð myndband þar sem sjálfsvarnarlistin var kynnt. „Mér fannst tæknin svo flott og flæðandi.“ Alexander segist enn vera að læra nýja hluti á hverri æfingu en hann er á leið til Japans eftir tvær vikur. „Þar ætla ég að æfa með japönskum meistara sem lærði af upphafsmanni Aikido.“

Alexander æfir að jafnaði um fjórum til fimm sinnum í viku en hvað hafa þessar stífu æfingar undanfarin ár gefið honum? „Líkamlega er það án efa töluverð liðkun. Ég byrjaði í þessu sem kraftakall en síðan hef ég liðkast verulega og hef meira vald yfir eigin líkama. Maður er orðinn mýkri án þess að verða beint aumari. Síðan er frábært fyrir andlegu hliðina að æfa, sérstaklega í fræðum þar sem þú ert sérstaklega hvattur til þess hugsa um hvað þú ert að gera,“ segir hinn ákveðni Alexander að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*



## Fleiri hjúkrunarrými á Selfossi

HJÚKRUNARRÝMUM VERÐUR FJÖLGAÐ VIÐ HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur ákveðið að hjúkrunarrýmum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands verði fjölgað. Þetta verður gert með því að byggja þriðju hæðina í viðbyggingu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, en í fyrstu áttu hæðirnar að vera tvær. Á 3. hæðinni er fyrirhugað að verði 20 til 24 vistrými sem bætast við þau 19 rými sem verða á 2. hæð viðbyggingar og er þá miðað við að einmennt verði í öllum stofum. Undanfarið hálft annað ár hafa staðið yfir framkvæmdir við viðbyggingu við Sjúkrahúsið á Selfossi. Í þessari viðbyggingu var fyrirhugað að heilsugæslustöð yrði á 1. hæð, en hjúkrunardeild fyrir aldraða á 2. hæð. Framkvæmdir við uppsteypu hússins og innréttingu hjúkrunardeildar voru boðnar út í október 2004 og gerður um það verksamningur við JÁ-verktaka. Verklok samkvæmt þessum samningi eru 1. febrúar 2007.





Lóritín® – Kröftugt ofnæmislyf




**Notkunarsvið:** Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lórítíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

*Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 13.07.04

actavis
hagur í heilsu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 505031



**Hjartamagnyl** geur komið í veg fyrir ýmsa hjartasjúkdóma. Í litlum skömmtum hefur það áhrif á viðloðun blóðflagna og getur meðal annars komið í veg fyrir blóðtappa.






Flak er íþrótt sem er sambland af blaki og frisbí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íþróttin flak er sambland af frisbí og blaki

***Reglulega hittast nokkrir strákar á Miklatúni og spila íþrótt sem þeir kjósa að kalla flak. Íþróttin er blanda af blaki og frisbí.***

Íþróttin er uppfinning strákanna sjálfra og eftir því sem þeir best vita spila engir aðrir flak. Þeir deila sín á milli um hver sé hinn raunverulegi upphafsmaður en þar sem niðurstaða hefur ekki náðst verður þeim sem hópi tileinkuð íþróttin. „Við vorum bara að kasta frisbídisk á milli okkar á Miklatúni og sáum blakvöllinn,“ segir Sigurgeir Finnsson, einn af forsprökkum strákanna. „Okkur datt í hug að prófa hvernig væri að kasta diskinum yfir net og þannig byrjaði flak.“

Reglurnar í flaki eru nokkuð á reiki en í grundvallaratriðum eru þær eins og í blaki. Í stað bolta er notaður frisbídiskur en markmiðið er það sama, að koma disknum í jörðina á vallarhelmingi andstæðinganna. Diskinum er hent yfir netið í uppgjöf og andstæðingarnir reyna að grípa hann. Þegar þeir hafa gripið diskinn má sá sem heldur á honum ekki færa sig úr stað heldur kastar hann diskinum aftur yfir netið. Varðandi helmingaskipti stendur eftirfarandi í 7. grein opinberu flakreglanna:

- Er annað liðið nær 8 stigum skal skiptast á leikhelmingum. Óski keppandi þess er honum heimilt að taka frá tíma til að losa hland, hægja á sér, blása úr nös eða reykja. Tími til þessara athafna skal þó alltaf hafður sem stystur án þess þó að hvikað sé frá almennum heilbrigðissjónarmiðum og velsæmi. -

Flak er hægt að spila allan ársins hring við nær allar aðstæður. „Íþróttin snýst ekki um kraft heldur meira að plata menn með laumum eða að láta diskinn sveigja frá leikmönnum,“ segir Sigurgeir. „Þess vegna verður leikurinn oft áhugaverður þegar það er vindur. Við erum búnir að spila úti í allan vetur og nú þegar veðrið hefur batnað hittumst við 1-2 sinnum í viku.“

Sigurgeir og félagar stunda ekki aðrar frisbííþróttir en flak. „Þetta kom bara af sjálfu sér eftir að við prófuðum fyrst. Síðan hefur íþróttin þróast smám saman og enn eru reglurnar að breytast,“ segir Sigurgeir en hann vill benda öllum sem áhuga hafa á heimasíðuna www.central.blog.is/flak þar sem er meðal annars að finna reglur leiksins.

tryggvi@frettabladid.is




















**Persona.is**

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Anorexia: Batahorfur og meðferð

Ein algengasta tegund átröskunar er svokallað lystarstol eða anorexia. Íslenska nafnið er í raun rangnefni þar sem röskunin einkennist ekki af skorti á lyst. Einstaklingur sem þjáist af anorexiu minnkar magn þess sem hann borðar og hættir jafnvel að borða í því skyni að forðast þyngdaraukningu. Þessir einstaklingar eru ofurseldir hugsunum um þyngdartap og líður best þegar þeim finnst þeim hafa tekist að tryggja áframhaldandi þyngdartap. Þetta þýðir í raun að einstaklingar með anorexiu leggja allt í sölurnar til að tryggja að þeir léttist og þeim hættir til að missa stjórn á allri hegðun sem snýr að þyngdartapi.

Við greiningu anorexiu eru tveir undirflokkar sem koma til greina. Sá fyrri einkennist af því að viðkomandi sveltir sig eingöngu en hinn seinni einkennist af því að samhliða sveltinu hefur einstaklingurinn flest einkenni lotugræðgi eða búlimíu, tekur átköst og framkallar uppköst. Greining anorexiu fer fram hjá sálfræðingi eða geðlækni og er þá stuðst við viðurkennd greiningarviðmið. Til þess að greinast með Anorexiu þarf líkamsþyngd einstaklings fyrst og fremst að vera innan við 85 prósent af kjörþyngd hans en auk þess þarf einstaklingurinn að vera upptekinn af áframhaldandi þyngdartapi og blindur á alvarleika stöðu sinnar. Að lokum er almennt skilyrði fyrir greiningu, að ef kona er á barneignaraldri þá hafi hún ekki haft reglubundnar blæðingar í þrjá samfellda tíðarhringi.

Algengast er að anorexia greinist fyrst á aldursbilinu 14-18 ára og langoftast eru það stúlkur sem greinast og eru stúlkur í raun 90 prósent þeirra sem greinast. Vegna þess að anorexia greinist oftast á unglingsárunum, er algengt að hún teljist unglingaröskun. Líkt og með aðrar geðraskanir er algengt að einstaklingar þjáist af öðrum vandamálum samhliða anorexiunni. Algengustu fylgikvillar anorexiu eru: lotugræðgi (bulimia), þunglyndi, kvíði, árátta-þráhyggja og félagsfælni.

Anorexia er flókið vandamál og getur verið misalvarlegt. Almennt er talið að batahorfur einstaklinga tengist líkamsþyngd þeirra, aldri og tímanum sem þeir hafa þjáðst af vandanum. Með öðrum orðum verður ólíklegra að einstaklingur nái bata ef hann er mjög léttur, gamall eða hefur þjáðst af anorexiu um langt skeið. Ef einstaklingurinn þjáist af öðrum vandamálum samhliða anorexiunni minnka einnig batahorfurnar. Tiltölulega fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á batahorfum einstaklinga með anorexiu en þær sem framkvæmdar hafa verið sýna að anorexia er mjög flókið og óútreiknanlegt vandamál. Stundum getur anorexia verið einföld og auðlæknanleg en í öðrum tilfellum getur hún verið langvinn og óviðráðanleg. Almennt er það þó álit sérfræðinga að vegna þess hve erfiður vandinn er viðureignar þá beri að reikna með því að meðferð hans taki langan tíma.

Mjög erfitt getur verið að vinna með fólki sem þjáist af anorexiu þar sem það er yfirleitt í mikilli afneitun og því verður samband þess við meðferðaraðilann mun mikilvægara. Mikilvægt er að einstaklingurinn myndi traust samband við þann sem hyggst hjálpa honum og treysti honum fullkomlega. Sem dæmi um hve erfitt getur verið að vinna með einstaklingum með anorexiu, líta þeir oft á þyngdartapið sem lausn vandans í stað þess að sjá það sem orsökina. Markmið meðferðar við anorexiu er að koma aftur á eðlilegum matarvenjum og hjálpa fólki að ná aftur eðlilegri líkamsþyngd. Bestu meðferðarúrræðin eru almennt talin vera þau sem taka á sem flestum þáttum vandans. Ekki nægir fyrir úrræði að takast eingöngu á við hugsanir, hegðun eða félagslega þætti eina og sér heldur þarf gott úrræði að taka á öllum þessum þáttum.

Mikilvægt er fyrir einstaklinga með anorexiu og aðstandendur þeirra að fylgjast vel með og bregðast skjótt við þegar vandinn gerir vart við sig. Því fyrr sem einstaklingur leitar sér hjálpar hjá færum fagaðila sem hann treystir, þeim mun líklegra er að hann muni ná tökum á vandanum.

# Stúlkur hrekkja meira

***Stúlkur nota frekar andlegt ofbeldi þegar þær hrekkja önnur börn. Einelti hefur dýpri áhrif á stúlkur en drengi.***

Breskur sálfræðingur að nafni Valerie Besag fylgdist með ellefu ára gömlum börnum í meira en sextán mánuði og rannsakaði hegðun þeirra. Hún kvikmyndaði hegðun barnanna og með rannsóknum sínum komst hún að því að stúlkur eru mun afkastameiri hrekkjusvín en drengir. Drengir sýna frekar líkamlegan styrk þegar þeir hrekkja en stúlkur nota andlegt ofbeldi í ríkara mæli. Einelti stúlkna á öðrum stúlkum er mun persónulegra og miðað að því að brjóta fórnarlömbin niður andlega og tilfinningalega.

Í sömu rannsókn voru langtímaáhrif eineltis könnuð. Niðurstöðurnar sýndu að stúlkur sem verða fyrir einelti upplifa frekar sambandserfiðleika síðar á ævinni. Einnig eiga þær til að ofvernda sín eigin börn og þessar stúlkur verða einnig líklegri til að verða fyrir einelti á vinnustað.



Stúlkur beita frekar andlegu ofbeldi þegar þær leggja önnur börn í einelti.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


















# Best að mýkja hælinn fyrst

***Grasið er víðast hvar orðið grænt og því tími til kominn að taka upp takkaskóna.***

Tíminn til þess að taka upp takkaskóna og aðra útiíþróttaskó hefur runnið upp síðustu daga. Margir hafa reyndar komist að því að gömlu góðu takkaskórnir eru orðnir aðeins of slitnir eða jafnvel of litlir. Þá er farið í næstu íþróttaverslun og nýir skór valdir. Nokkur atriði er þó gott að hafa í huga þegar keyptir eru nýir skór og þeir fyrst notaðir.

Þegar farið er að kaupa takkaskó er ekki endilega best að benda á flottustu skóna og fá þá í sinni stærð. Best er að prófa nokkrar tegundir og í nokkrum stærðum, þar sem takkaskórnir lagast misvel að fótunum. Sigurður Freyr Bjarnason, starfsmaður Adidas-búðarinnar í Kringlunni, tekur undir þessi sjónarmið og segir að aðalatriðið sé að skórnir passi almennilega á fótinn. „Mikilvægt er að skórnir haldi vel við hælinn og styðji við fótinn.“ Sigurður segir jafnframt að þeir sem séu hættir að stækka vilji yfirleitt taka aðeins of litla skó, vegna þess að takkaskór stækki oftast örlítið um leið og byrjað sé að nota þá.

Sigurður segir að hönnun á takkaskóm hafi farið mikið fram á undanförnum árum. „Mun meiri tækni er fólgin í skónum í dag, þetta eru ekki bara skór og búið. Bætt hefur verið við ýmsum smáatriðum, til dæmis til þess að ná meiri sveiflu á fótinn og til að fá betri snúning á boltann.“

Ef skórnir passa almennilega eiga þeir ekki að vera til neinna vandkvæða fyrst þegar þeir eru notaðir. Sumir takkaskór geta þó verið stífir í fyrstu og eiga þá til að nuddast í hælinn. Best er því að byrja hægt til þess að mýkja hælinn á skónum. Einnig er gott ráð að smyrja vaselíni eða öðru mjög feitu kremi í hælinn og kringum opið á skónum.

*steinthor@frettabladid.is*


David Beckham með frægu Predator-skóna sína sem eru gott dæmi um „hátækni“-takkaskó.
NORDICPHOTOS/AFP

# Rauðvín gott fyrir heyrnina

***Bandarískir vísindamenn segja rauðvín gera heyrninni gott.***

Lengi hefur því verið haldið fram að rauðvín í hófi sé gott fyrir hjartastarfsemina, komi á stundum í veg fyrir kvef og styrki ónæmiskerfið. Bandarískir vísindamenn hafa nú gert betur og komist að því að rauðvín í hófi sé gott fyrir heyrnina og geti komið í veg fyrir að fólk verði heyrnarlaust.

Rauðvínið ver viðkvæmu hárin sem eru í innra eyranu. Haft er eftir rannsakanda úr viðtali í tímaritinu New Scientist að þráavarnaefni í rauðvíni geri önnur efni í líkamanum, sem ráðast gegn hárunum í eyrunum, óvirk. Rannsakandinn segir að í rauðvíni sé að finna svipaða varnareiginleika og finnast í grænu tei.


Sannað hefur verið að efni í rauðvíni vernda viðkvæm hár í innra eyranu.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES











Streita getur orðið mikil hjá útivinnandi mæðrum en heilsa þeirra er þrátt fyrir það betri en heimavinnandi mæðra.

# Vinnandi mæður hraustastar

***Vinnandi mæður í traustum samböndum eru hraustastar kvenna samkvæmt nýlegri breskri rannsókn.***

Rannsóknin var gerð á 1.200 konum frá 15 til 54 ára aldurs og birtist í tímaritinu „Journal of Epidemiology and Community Health study“. Þar kom fram að heimavinnandi konur eru líklegri til að fitna en þær sem vinna úti. 23 prósent þeirra kvenna sem unnu úti voru of feitar á móti 38 prósentum heimavinnandi mæðra.

Rannsakendur báru saman eldri rannsókn á heilbrigði kvenna fæddar 1946 og var heilsa þeirra við 26 ára aldur annars vegar og 54 ára hins vegar metin með spurningalista. Greining á spurningalistunum sýndi að konur sem við 54 ára aldur höfðu verið í sambúð, átt börn og verið í vinnu voru mun ólíklegri til greina frá heilsubresti en konur sem ekki höfðu sinnt öllum þessum hlutverkum.

Rannsakendur telja þetta renna stoðum undir það að þrátt fyrir að streita geti orðið mikil hjá konum sem bæði eru útivinnandi og eiga börn séu langvarandi kostir þess mun meiri. **www.bbc.co.uk**



Konur virðast hafa innbyggðan skynjara þegar kemur að því að sjá hvort karlmenn eru líklegir til langtímasambanda og barneigna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Lesið í andlitssvipinn

***Konur lesa í andlitssvip karla í leit sinni að hinum eina og sanna.***

Nú hefur það endanlega verið staðfest með rannsókn að konur búa yfir einstæðum hæfileika til að lesa í andlit karlmanna og sjá þannig hvort þeir séu heppilegir feður eða nýtast betur í einnar nætur gaman.

29 konur skoðuðu myndir af 39 karlmönnum. Karlarnir voru spurðir um áhuga á börnum og samhliða var magn karlkynshormóns mælt í líkama þeirra. Niðurstöðurnar sýndu svo ekki var um villst að konurnar voru mjög glöggar að átta sig á því hvernig manngerðir karlmennirnir voru og hvort þeir hefðu áhuga á að eignast börn eða ekki.

Þeir menn sem höfðu meiri áhuga á börnum og langtímasamböndum virkuðu meira aðlaðandi á konurnar. Þannig spilar áhugi þeirra á barneignum stóran þátt í því hversu sætir þeir eru taldir vera. **Frétt fengin af persona.is.**

# Hættuleg tannhreinsun

***Bretar eru ekki mikið gefnir fyrir tannstöngulinn ef marka má nýja könnun. Bretar nota næstum hvaða áhald sem er til að stanga úr tönnunum.***



Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var í Bretlandi stefna yfir 60 prósent Breta tannheilsu sinni í hættu með því að nota næstum hvaða áhald sem er til að losa um matarleifar úr tönnum sínum. Meðal þeirra áhalda sem Bretarnir grípa í eru skrúfjárn, eyrnalokkar, skæri, hnífar, kokteilpinnar, lyklar, bréfaklemmur, eldspýtur, naglaþjalir, pennar, kort, gaflar og nálar. Þessi áhöld geta skaðað bæði yfirborð tannanna og einnig góminn og leitt þannig til sýkinga.

Önnur 23 prósent kjósa frekar að láta matarleifarnar sitja fastar á milli tannanna en það eykur líkurnar á andremmu og munnholssýkingu.

Framkvæmdastjóri tannheilsustofnunarinnar segir mikilvægt að Bretar komist í kynni við tannþráð og tannstöngla.







**Gömlu lummulegu fötin þín** eru ekki svo lummuleg þegar þau nýtast í þágu góðs málstaðar. Ekki henda flíkum sem ekki eru ónýtar heldur komdu þeim á Sorpu þar sem vel er tekið á móti þeim.










# Á tískuviku í Miami

***Það eru allmörg ár síðan Don Johnson spókaði sig um í hvítum jakkafötum og bleikum pólóbol í Miami Vice. Nú er tískan öllu skárri þarna suður frá eins og hönnuðurinn Adolfo Dominguez sýndi fram á á tískuviku í Miami.***

Á tískuviku í Miami, sem fram fer árlega aðra vikuna í maí, sýna fjölmargir hönnuðir víðs vegar að vörur sínar. Hönnuðir frá Mið- og Suður-Ameríku eru áberandi sem og hönnuðir frá Karíbahafinu. Þar fara fremstir í flokki, auk Dominguez, José Maria Almeida frá Venesúela, Miki Nembhard frá Jamaíku, og Sandra Santillán frá Argentínu svo einhverjir séu nefndir.



Adolfo Dominguez stofnaði klæðskerafyrirtæki sitt í spænsku borginni Ourense árið 1973. Fyrst um sinn einblíndi Adolfo og synir hans á klæðskerasniðin jakkaföt. Þetta breyttist árið 1979 þegar fyrirtækið setti á markað nýja línu fyrir bæði kyn. Síðan þá hefur fyrirtækið vaxið og dafnað og í dag rekur það 302 verslanir í Evrópu, Mið- og Norður-Ameríku, Japan. Kína og í Suðaustur-Asíu og eru starfsmenn rúmlega 1.000.

Adolfo er ekki aðeins fatahönnuður. Hann er eini spænski fatahönnuðurinn sem býður upp á línu ilmvatna undir eigin merkjum, auk þess sem hann hefur gefið út bækur og leikstýrt kvikmyndum.



NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES






# Slitsterkar en léttar

***Léttar bómullarskyrtur gætu verið að komast aftur í tísku.***

Undanfarin misseri hafa skyrtur verið feikilega vinsælar og má þar til dæmis nefna skemmtilegar kúrekaskyrtur sem hafa verið afar áberandi. Nú eru hins vegar blikur á lofti um að svokallaðar Chambrey bómullarskyrtur séu að komast aftur í tískur. Chambrey skyrtur eru gerðar úr léttu og yrjóttu bómullarefni sem er ofið saman. Skyrturnar voru algengastar í Suðurríkjum Bandaríkjanna þar sem þær voru mikið notaðar sem vinnuskyrtur enda slitsterkar en samt mjög léttar.

Þekktasti holdgervingur þessara skyrta er án efa kvikmyndapersónan ofursvala Cool Hand Luke sem Paul Newman lék á seinni hluta sjöunda áratug seinusta aldar. Meðal tískuframleiðanda sem hafa verið að hanna skyrtur í þessum stíl má nefna bæði Calvin Klein og A.P.C.



Paul Newman í hlutverki sínu sem Cool Hand Luke.

# *Gaultier hannar á vinkonu sína*

***Jean Paul Gaultier hannar búninga Madonnu fyrir komandi tónleikaferðalag.***

Madonna og tískuhönnuðurinn Jean Paul Gaultier hafa verið vinir í átján ár. Hann hannaði til að mynda oddhvassa brjóstahaldarann fyrir tónleikaferðalag hennar „Blonde Ambition“ fyrir um sextán árum.

Það er því ekki að undra að Madonna hafi snúið sér til vinar síns til að hanna á sig búninga fyrir komandi tónleikaferðalag sitt sem kallast „Confession tour“.

„Hún getur verið í hverju sem er,“ sagði Gaultier í nýlegu viðtali og bætti við að dívan væri mjög upptekin af gæði efnisins.

Starfsfólk Gaultiers hefur undanfarið unnið hörðum höndum við að sauma búningana fyrir fyrstu tónleikana sem verða í Los Angeles.

Hvernig svo sem búningarnir verða er ljóst að blanda af stíl Madonnu og Gaultiers klikkar ekki.



Gaultier hefur áður hannað búninga á Madonnu.

# Fallegri húð

***Nýjasta vopnið í baráttunni við appelsínuhúðina.***

Slim-Shape Anti-Cellulite/ Anti-Fluid Advanced Visible Contouring Serum er nýtt gel með tvöfalda virkni frá Estée Lauder. Notkun gelsins dregur verulega úr appelsínuhúð, mótar og grennir. Gelið er borið á þau svæði sem eru með appelsínuhúð kvölds og morgna með mjúkum hringlaga hreyfingum og fer það hratt inn í húðina svo árangur sést fljótlega.





Friis & Company hefur notið mikilla vinsælda hér á landi.

# Mikið úrval fylgihluta

***Friis & Company hefur opnað nýja verslun í Kringlunni.***

Síðasta föstudag opnaði Friis & Company nýja verslun í Kringlunni. Friis og Company hefur verið með verslun á Laugaveginum í rúmt ár svo nú eru verslanirnar orðnar tvær. Í verslunum Friis & Company er mikið úrval af töskum, skóm og öðrum fylgihlutum. Verslunin á Laugaveginum hefur notið mikilla vinsælda síðan hún opnaði og má búast við því að ekki verði minna að gera í nýju versluninni.

## Hjálparmeðul fyrir sólarstrandaferðir

Cellulite-krem eru ómissandi hjálparmeðul fyrir konur (og karla) sem ætla sér að stunda sund í sumar eða skella sér á sólarströnd í fríinu. Kremin eru einfaldlega borin á þá líkamshluta þar sem appelsínhúðin er til staðar, en algeng svæði eru magi, rass og læri. Að svo búnu er kremunum gefinn tími til að vinna á húðinni, með því að síast inn í hana og ráðast á fitufrumur. Útkoman er sléttari og fallegri húð. Þess má geta að innan skamms er von á nýjum og enn öflugri cellulite-kremum á snyrtivörumarkaðinn frá fyrirtækjunum Biotherme og Lancôme.

sumar - SPRENGJA

Ótrúlegt en satt ....

20%

SUMAR-AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

ATH: STENDUR YFIR AÐEINS Í ÞRJÁ DAGA:
ÞRIÐJUDAG TIL FIMMTUDAGS

... ekki missa af þessu

Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

galleri sautján gs skór

Deres focus skór retro CENTRUM DIESEL BARNA



## KJÓLARNIR VINSÆLIR

*Fötin fyrir útskriftina* SJÁ BLS. 3



## MEIRA FRJÁLSRÆÐI EN ÁÐUR

*Myndatökur* SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM ÚTSKRIFTIR – ÞRIÐJUDAGUR 16. MAÍ 2006 ]

# Útskrift 2006



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EFNISYFIRLIT


GRILLAÐUR MATUR OG MIÐJARÐARHAFS-STEMNING
*Smáréttir frá Argentínu* BLS. 2

BEKKJARKERFIÐ NAUÐSYNLEGT
*Andri Janusson* BLS. 4

FALLEG ÚTSKRIFTARFÖT
*Fyrir strákana* BLS. 4

FJÖLSKYLDAN SAUMAR HVÍTA KOLLA
*Stúdentshúfurnar* BLS. 6





MENNTASKÓLALÍFIÐ KVATT
*Dimmiterað* BLS. 8

ÍSLENSKU FÁNALÖGIN
*Dreginn að húni* BLS. 8

ÓTRÚLEG LÍFSREYNSLA Í NUDDINU
*Elín Drífa Ólafsdóttir* BLS. 9

MEIRA FRJÁLSRÆÐI Í LJÓSMYNDUN EN ÁÐUR
*Friður Eggertsdóttir* BLS. 10

STRENDURNAR LOKKA STÚDENTA
*Útskriftarferðir* BLS. 12

MAÐURINN SKAPAR FÖTIN EKKI ÖFUGT
*Útskriftarfötin* BLS. 14



Íslensk list

í útskriftargjafir



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur



Mynd eftir Soffíu Sæmundsdóttur

LISTMUNASALA fold

Opið í Kringlunni virka daga 10–18.30, laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga 13–17

Opið á Rauðarárstíg virka daga kl. 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg





Snittur með nauta carpaccio, kryddjurta-hjúpuðum humri, reyktri andarbringu á selrótarmauki og andalifur og anda-confit.



Maríneraður humar - margarita style í glasi. Túnfisk tatakí og hörpuskelsþynnur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Stefán Magnússon yfirmatreiðslumaður Argentínu steikhúss.

# Grillaður matur og Miðjarðarhafstemning

Smáréttir og snittur eru vinsæll matur í útskriftarveislurnar.

Nú þegar útskriftarveislurnar ganga í garð þurfa fleiri en gestgjafarnir að undirbúa veisluhöldin. Kokkarnir þurfa einnig að vera vel undirbúnir og vita nákvæmlega hvað er í gangi í hráefni og uppsetningu, því bæði skiptir þetta afar miklu máli til að gera góða veislu enn betri. „Við á Argentínu höfum verið mjög framarlega á þessu sviði í smáréttum og pinnamat og höfum lagt upp með að bjóða alltaf upp á 100 prósenta gæði í hráefni, og er fjölbreytnin gríðarleg hjá okkur. Allt frá þessu hefðbundna og upp í hráefni eins og hreindýr, kengúru,önd og fleira," segir Stefán Magnússon, yfirmatreiðslumaður Argentínu steikhúss.

Hann segir þá útfæra veislur eftir óskum hvers og eins því allt sé hægt. Vinsælastar hjá Argentínu eru tapas brauðsnitturnar sem eru ristaðar og skreyttar með brakandi fersku salati ásamt einhverju sjávarkyns eða kjötmeti. Einnig eru spjótin alltaf vinsæl og er hægt að útfæra þau á ýmsan hátt, en oftast sækist fólk eftir grilluðum mat. „Svona matur er svo fjölbreyttur og myndast alltaf góð stemning í veislunni, ég tala ekki um þegar vel viðrar og hægt er að vera úti við og láta sólina gæla við sig og Miðjarðarhafsstemning myndast," segir Stefán. Hægt er að fá upplýsingar um pinna og veislumat á heimasíðunni argentina.is og mælt er með að fólk panti tímanlega.

Stefán lætur hér fylgja með eina góða uppskrift að nauta carpaccio á tapas brauðsnittu. Best er að undirbúa það kvöldið áður með því að snyrta nautalund eða fille og krydda með salti, pipar og gott er að nota fennel krydd sem gefur gott bragð í kjötið. Nautið er vafið inn í plastfilmu og sett inn á frost yfir nótt svo hægt sé að skera nautið í þunnar sneiðar.



Nautaþynnur með soja-sesamsósu og kikkoman soja, og klettasalati og wasabi.

Daginn eftir er brauðið (snittubrauð) penslað með góðri olíu t.d. truffluolíu eða basilolíu, bakað í 10 mín. við 180°C og svo skáskorið í sirka 2 cm þykkar sneiðar. Þá er brauðið penslað aftur og sett inn í ofn aftur í u.þ.b. 2 mín. á sama hita til að það verði stökkt. Fallegt er að setja klettasalatið ofan á snittuna og raða nautasneiðunum ofan á og síðan er stráð parmesanosti yfir og skreytt, t.d. með kerfli.

300 gr. nautalundir
10 gr maldon salt
8 gr svartur malaður pipar
5 gr fennel malaður
1 stk. snittubrauð ( fást líka frosin )
1/3 búnt klettasalat
50 gr rifinn parmesan ostur
2.msk trufflu olía










www.sko.is

# Smá skilaboð til þín

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO. **www.sko.is**




SMS hjá Símanum kostar **10,00 kr.**

SMS hjá Og Vodafone kostar **10,70 kr.**

SMS hjá SKO kostar **4,90 kr.**

**14,90 kr.** Mínútuverð | **4,90 kr.** SMS verð | **0,00 kr.** Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.



Sætur kjóll með hvítum grunni, sem fer vel við húfuna, og bláum blómum, sem gera hann vorlegan og sætan.

Nettur ljósbleikur kjóll sem er mjög kvenlegur.

# Kjólarnir vinsælir

Eitt af því sem fylgir útskriftardeginum er að velja sér föt fyrir daginn. Fyrir stelpurnar koma kjólarnir mjög sterkt inn þetta árið þar sem þeir eru mjög vinsælir í tískunni um þessar mundir. Svörtu og hvítu litirnir eru alltaf mjög einkennandi fyrir útskriftardaginn, enda eru það litirnir á stúdentskollinum. Þó er litagleðin orðin meiri og meiri með hverju árinu enda lífgar það svo upp á hópinn og er svo vorlegt og skemmtilegt. Hérna eru nokkrar hugmyndir að fallegum útskriftarfötum sem eru bæði vorleg og fín auk þess sem hægt er að nota þau aftur við önnur tilefni.



Fallegur hvítur kjóll með svörtu mynstri sem eru aðallitir útskriftarinnar.



Svart er alltaf klassískt og undirstrikar hvíta kollinn vel.








# Bekkjarkerfið nauðsynlegt

Andri Janusson er að útskrifast af hagfræðibraut Verslunarskólans.

„Það er búið að breyta kerfinu í Verslunarskólanum núna en þetta var þannig að allir byrjuðu á almennri braut fyrsta árið og svo var hægt að velja úr nokkrum brautum. Þar valdi ég viðskiptabraut sem síðan skiptist í almenna, viðskipta- og hagfræðibraut og ég valdi þá síðastnefndu. Ástæðan fyrir því var að þar er meiri stærðfræði og lærir maður til að mynda meira í rekstrarhagfræði. Ég er mjög sáttur við þetta nám og hefur þetta gengið mjög vel hjá mér," sagði Andri Janusson sem er að útskrifast úr Verslunarskóla Íslands.

„Ég mæli hiklaust með þessu námi, það er mjög skemmtilegt en þetta er þó mikil vinna og það þarf að hafa fyrir þessu. Það fer mikill tími í heimalærdóm hjá mér en ég hef samt alveg náð að hafa einnig tíma fyrir fótboltann og önnur áhugamál," sagði Andri en hann telur að það mikla félagslíf sem boðið er upp í Versló hafi ekki náð að trufla nám hans.

„Það er alltaf eitthvað að gerast í félagslífinu en maður ræður að sjálfsögðu alveg hve mikinn þátt maður tekur í því. Svo er þetta einnig þannig að maður getur eiginlega alltaf stundað félagslífið á þeim tíma sem hentar manni best. Samheldnin í skólanum er mikil og hefði ég ekki viljað vera án bekkjarkerfisins. Ég hugsaði reyndar ekki út í það þegar ég valdi skólann upphaflega heldur var það aðallega námið þar sem hentaði mér. En eftir að hafa kynnst því þykir mér bekkjarkerfið eiginlega nauðsynlegt,"

Andri ætlar ekki að halda stórvægilega veislu í tilefni af útskrift sinni en fagnar þessum áfanga í faðmi fjölskyldunnar og kærustu sinnar á Álftanesinu. Hann stefnir næst á stærðfræði í Háskóla Íslands. „Í framtíðinni hyggst ég starfa við eitthvað stærðfræðitengt. Ég hef eiginlega alla mína tíð haft mikinn áhuga á stærðfræði og er að finna mig vel í þannig námi," sagði Andri Janusson.

# Falleg útskriftarföt á góðu verði

Gott fataúrval fyrir karla í versluninni Jack & Jones/Selected.

Verslunin Jack & Jones/Selected í Kringlunni selur föt fyrir karla á öllum aldri, annaðhvort óformlegan klæðnað fyrir menn á aldursbilinu 15-25 eða föt í fínni kantinum fyrir þá sem eru eldri. Róbert Róbertsson, verslunarstjóri Jack & Jones/Selected, telur að þegar velja eigi föt fyrir útskriftina séu báðar leiðir hentugar, enda ekki sama íhaldssemi ríkjandi í karlatísku og áður.

Róbert segir fyrst frá því að lágt verðlag setji Jack & Jones/Selected í ákveðna sérstöðu hérlendis. „Við leggjum mikið upp úr því að hafa vörurnar okkar á góðu og viðráðanlegu verði fyrir neytendur. Við erum til dæmis með mikið af fallegum skyrtum í skærum litum sem eru alveg frá 2.990 kr. og upp úr. Þess má reyndar geta að slíkar skyrtur eru einmitt mikið í tísku núna ásamt litsterkum bolum, bæði í línunni frá Jack & Jones og Selected. Litskrúðugar flíkur verða áberandi í sumar."

Af þeim fatnaði sem Róbert segir að sé sérstaklega í boði fyrir útskriftarnema, má nefna að Jack & Jones/Selected selur tíu gerðir jakkafata. „Það er því hægt að velja um ólíkan stíl í lit, efni og sniði. Jakkaföt eru náttúrlega klassísk og hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina," segir Róbert.

„Fyrir þá sem vilja hins vegar ekki vera of fínir, ef svo má að orði komast, þá eigum við líka gott úrval af hversdagslegri klæðnaði," bætir hann við. „Það þarf ekki endilega að vera í jakkafötum við útskrift heldur má alveg klæðast stökum jakka, skyrtu og fallegum buxum. Við erum til að mynda með þröngar og fínlegar, svartar gallabuxur í búðinni, sem eru töff við jakka, skyrtu og bindi."

Þá skiptir ekki síður máli að vera vel skóaður á útskriftardaginn. Verslunin selur herraskó undir merki Selected, sem eru yfirleitt á verðbilinu 6.990 kr. og upp í 12.990 kr. samkvæmt Róbert. „Menn geta valið um nokkuð ólíkar skógerðir í búðinni," segir hann. „Við erum til dæmis með támjóa leðurskó, sem njóta enn mikilla vinsælda og virðast ekki vera á leið úr tísku. Svo fást líka skór í versluninni, sem eru úr leðurlíki og ekki eins támjóir."

Fyrir þá sem eru að útskrifast gefur Róbert þau ráð að vera ófeimnir við að blanda litum saman, þar sem fullkomins samræmis í fatavali sé ekki krafist eins og oft áður. „Svo er bara að mæta í búðina og kíkja á úrvalið, en starfsfólkið okkar er alltaf tilbúið að veita viðskiptavinum góð ráð í fatavali," segir hann að lokum.



Sand Blazer jakkaföt sem fást í Jack & Jones/Selected. Jakkinn er á 9.900 kr. og buxurnar 5.990 kr. Malaga skyrta á 2.990 kr., hvítt bindi á 2.990 kr., belti á 3.990 kr. og dökkbrúnir Cloud skór á 7.490 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Menn þurfa ekki alltaf að klæðast jakkafötum við útskrift eins og sést á þessari mynd. Juve vesti á 4.990 kr., Pelle skyrta á 4.990 kr. og bindi á 2.990 kr., Lois gallabuxur á 7.990 kr., belti á 3.990 kr. og Michael skór á 10.900 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# 20%

## afsláttur af öllum gallabuxum þessa viku



ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Grafarvogi · Mörkin · Kópavogi · Hafnarfirði · Keflavík · Selfossi

# Fagnað með fjölskyldunni

**Ólafur Hvanndal Ólafsson er að útskrifast með BA-próf í lögfræði og fer í masters-námið í september.**

Síðasta laugardag fór Ólafur Hvanndal Ólafsson í sitt síðasta próf en hann er að klára BA-próf í lögfræði úr Háskólanum í Reykjavík. Ólafur útskrifaðist úr framhaldsskóla um jólin 2002 og eftir það fór hann út á vinnumarkaðinn í hálft ár áður en hann skellti sér í háskólann en þar hefur honum líkað vel.

„Þetta hafa verið mjög lærdómsrík og skemmtileg ár og sú ákvörðun að fara í laganám er líklega besta ákvörðun sem ég hef tekið. Ég er að klára þriggja ára nám og í haust mun ég svo halda áfram í tveggja ára masters-námi hér við skólann,“ sagði Ólafur en hann er enn ekki alveg ákveðinn í því hvað hann ætlar að gera að því námi loknu. „Ég held þessu bara opnu og það verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Ólafur segir að námið sé þó nokkuð erfitt. „Maður þarf að sjálfsögðu að leggja mikla vinnu í þetta eins og flest annað í lífinu. Ef maður leggur sig ekki fram þá nær maður ekki árangri,“ sagði Ólafur. Hann ætlar að halda upp á BA-prófið með því að fara með vinunum til New York og jafnvel halda litla veislu fyrir fjölskylduna þegar heim er komið. Hann ætlar þó ekki að kaupa sér sérstök útskriftarföt fyrir þetta tilefni.

„Ég er nýbúinn að kaupa mér ný föt og ætli ég noti þau bara ekki,“ sagði Ólafur Hvanndal Ólafsson en eftir prófin ætlar hann að skella sér til New York ásamt vinum sínum úr lögfræðinni.



Ólafur Hvanndal fer til New York með félögum sínum eftir prófin. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Pétur Eyfeld við saumaskapinn. Húfurnar eru í ýmsum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjölskyldan saumar hvíta kolla

**Nú líður að því að stúdentar setji upp hvíta kolla. Húfurnar eru sjálfsagður hlutur í augum flestra en færri vita að þær eru allar saumaðar af einni fjölskyldu í Reykjavík.**

Á húfuverkstæði P. Eyfeld hafa stúdentshúfur landans verið saumaðar árum saman. Pétur Eyfeld yngri er þessa dagana í óða önn að undirbúa húfur útskriftarnema. „Þetta er allt saumað í höndunum og við fjölskyldan dundum við þetta,“ segir Pétur og bætir því við að fáir átti sig á því að stúdentshúfugerðin hvíli á herðum einnar fjölskyldu. „Þetta er ansi löng törn og stundum eru krakkarnir seinir að panta eða koma á síðustu stundu með húfur sem þarf að láta laga.“

Stúdentshúfur voru fyrst notaðar hér á landi árið 1888 og þá var um danskar húfur að ræða. Þegar Lærði skólinn varð að Menntaskólanum í Reykjavík árið 1904 varð það hluti af sjálfstæðisbaráttunni að taka í notkun íslenskar húfur. Fyrstu stúdentarnir sem útskrifuðst frá MR voru með derlausar húfur en árið 1914 kom fram sú húfa sem enn er notuð í dag .

Pétur segir að þótt mikið sé að gera í húfugerðinni sé einnig algengt að útskriftarnemar kjósi að nota gamlar húfur. „Við erum mikið í því að laga húfur og það eru dæmi um að sama húfan sé notuð af öllum í sömu fjölskyldunni. Þá getur það til dæmis verið stórmál að útskrifast með gömlu húfuna hans afa og margar skemmtilegar hefðir skapast í kringum það,“ segir Pétur.

Pétur segir að stúdentshúfurnar séu svipaðar á öllum Norðurlöndunum en þær íslensku hafi þó nokkra sérstöðu þar sem hvíti kollurinn sé laus. „Ári eftir útskriftina er hvíti kollurinn tekinn niður með viðhöfn og þá er húfan heilsvört,“ segir Pétur og bendir á að það færist í aukana að eldri stúdentar setji upp húfurnar sínar.

Allar stúdentshúfurnar eru eins fyrir utan það að Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri láta búa til sínar eigin stjörnur með merki skólans og útskriftarári. Þá hafa ýmsar sérgreinar sinn lit og þær húfur eru með örlítið öðru sniði en stúdentshúfurnar. „Iðnnemahúfurnar eru heilrauðar og undanfarin ár hafa ýmsar sérnámsbrautir einnig tekið upp sinn lit. Sjúkraliðarnir eru t.d. með gráa húfu, verslunarbrautin með bláa og félagsliðarnir með græna,“ segir Pétur.



Snið stúdentshúfunnar hefur ekki breyst í rúm 80 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN














Í Viðskiptaháskólanum á Bifröst vinnum við saman í litlum hópum.
Okkur finnst það betra þannig.
www.bifrost.is
VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Íslensku fánalögin

Á útskriftardaginn er við hæfi að draga fána að húni, enda dagurinn einstakur. Menn þurfa þó að hafa fánalögin í huga og muna að taka fánann niður í lok dags. Hér á eftir eru nokkur atriði sem er að finna í íslensku fánalögunum og þurfa allir að fylgja þeim eftir.

Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til miðnættis.
- Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Fáninn er svokallaður krossfáni eins og fánar allra hinna Norðurlandanna eru. Hann er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum.

Hlutföllin í litum fánans eru, talið lárétt frá stöng: 7-1-2-1-14, en lóðrétt meðfram stöng eru þau 7-1-2-1-7. Þannig er breidd fánans 18/25 af lengd hans samkvæmt 1. grein fánalaga.

Samkvæmt fánalögum verða allir fánar dregnir á fánastöng að vera í góðu ástandi, lögreglan má gera upptæka alla fána sjáanlega á opinberum stöðum sem ekki samræmast íslenskum fánareglum. Ströng lög gilda um þá virðingu sem sýna ber þjóðfána Íslendinga og getur það varðað sektum eða fangelsi í allt að eitt ár séu fánalögin brotin.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Laugavegi 49 - 551 7742
Kringlunni - 588 9944
Smáralind - 564 4120
BRILLIANT



Nemendur úr Fjölbrautaskóla Garðabæjar á Dimissio. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Menntaskólalífið kvatt

## Dimissio er gamall siður í mörgum menntaskólum.

Margir mennta- og fjölbrautaskólar halda í þá hefð að dimmitera áður en lokapróf eru þreytt. Þá klæða nemendur sig í alls konar búninga, kveðja kennarana sína og skemmta sér saman. Hefðin á sér langa sögu en orðið dimissio er dregið af latneska orðinu dimitto sem þýðir að senda burt.

Hver skóli hefur sinn háttinn á og víða þekkist það til að mynda að útskriftarnemar aki um í halarófu á traktorum og skreyttum heyvögnum. Í höfuðborginni myndi slík hersing líklega ekki vekja lukku í umferðinni.

Oft er mikið lagt í búningana og hóparnir leggja áherslu á að vera sem frumlegastir. Dagurinn er öllum eftirminnilegur og um kvöldið skemmtir útskriftarhópurinn sér saman. Síðan tekur próflesturinn við.


MH ingar að dimmitera. Dimissio-búningarnir eru oft ansi veglegir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Þessir hressu MH-ingar brugðu á leik fyrir ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR


vísir
VEF TV
NFS Í BEINNI Á VISIR.IS
35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.
Auglýsingasími 550 5000.
NFS




Elín Drífa Ólafsdóttir segir það draum sinn að eignast eigin nuddstofu í framtíðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ótrúleg lífsreynsla í nuddinu

## Elín Drífa Ólafsdóttir útskrifaðist sem nuddnemi í síðasta mánuði.

Elín starfar á Hellu en þar er hún nú að safna að sér tímum til að útskrifast alfarið sem heilsunuddari. „Ég útskrifaðist úr Nuddskóla Íslands í apríl sem nuddnemi en eftir um eitt til eitt og hálft ár þá útskrifast maður sem nuddari. Í þessum skóla lærir maður nokkrar tegundir af nuddi: klassískt nudd, íþróttanudd og teygjur, svæðanudd, heildrænt nudd og ilmolíu- og sogæðanudd. Ég byrjaði á bóklega náminu í Fjölbrautaskólanum Ármúla en þar er sérstök nuddbraut. Ef þú kemur beint úr grunnskóla er það svona tvö ár í bóklegu námi en annars getur það verið mismunandi. Svo fór ég í Nuddskólann og þar var ég við verklegt nám í eitt ár,“ sagði Elín.

„Þetta hefur verið ótrúleg lífsreynsla. Þetta snýst ekki bara um að læra að ýta á líkamann heldur öðlast maður líka mikla reynslu og lærir að koma betur fram við fólk,“ sagði Elín en aðspurð sagðist hún ekki vera almennilega viss um það hvers vegna hún ákvað að fara þessa braut. „Flestir sem fara út í þetta vita eiginlega ekki almennilega ástæðuna fyrir því. Þetta hefur blundað í mér mjög lengi og ég ákvað að prófa.“

Elín er annar nuddarinn á Hellu en hún starfar undir leiðsögn konu í bænum og hefur þar aðstöðu. „Maður þarf alltaf að útvega sér meistara til að vera í leiðsögn hjá. Draumur minn er að eignast stofu í framtíðinni en þetta er fínt svona til að byrja með,“ sagði Elín en hún er 25 ára.

„Ég flutti í bæinn til að stunda námið en er nú flutt aftur heim og er að safna að mér tímum til að útskrifast algjörlega sem nuddari. Maður þarf að safna að sér tæplega 1.000 klukkustundum og þá getur maður útskrifast sem heilsunuddari og hefur fullkomið starfsleyfi.“

Nuddskólinn er starfræktur í Asparfelli 12 í Breiðholti en það var 21 nemandi sem útskrifaðist úr honum í apríl. „Hópurinn hélt rosalegt teiti og allir skemmtu sér konunglega. Við útskrifuðumst í húsakynnum skólans og svo var haldið í gleðskap hjá einum af kennurunum og þangað pöntuðum við okkur mat. Svo var bara mikið stuð fram eftir nóttu. Ógleymanlegur dagur,“ sagði Elín Drífa Ólafsdóttir.





MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.




Norræn hönnun frá broste-Copenhagen í útskriftargjöfina
Sölustaðir m.a.: Blómaval Reykjavík-Blómaval Reykjanes-Blómaval Akureyri-Blómaval Selfoss - Tekk Company - Blómaturninn
Dreifing: Bergís ehf – Heildverslun www.bergis.is sími: 587 8877

# Meira frjálsræði í ljósmyndun en áður

Fríður Eggertsdóttir ljósmyndari er á fullu í útskriftarmyndatökum.



Fríður Eggertsdóttir portrettljósmyndari og eigandi Svipmynda segir meira frjálsræði ríkja í ljósmyndun en oft áður. Eigi það ekki hvað síst við um útskriftarmyndatökur sem eru fyrirferðarmiklar þessa daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fríður Eggertsdóttir ljósmyndari hefur um árabil starfað á Ljósmyndastofunni Svipmyndum, sem hún rekur nú og er til húsa á Hverfisgötu 50 í Reykjavík. Fríður sérhæfir sig í portrettljósmyndun, ýmist barnamyndum, fjölskyldumyndum eða fermingarmyndum, brúðkaupsmyndum, passamyndum og síðast en ekki útskriftarmyndum.

Útskriftartímabilið er einmitt runnið upp þannig að Fríður hefur í nógu að snúast. Aðspurð hverskonar myndatökur njóti mestra vinsælda segir hún að myndir í svart hvítu séu algengastar. Hún bætir við að þó séu ávallt einhverjir sem vilji fá myndir í lit. „Svarthvítar myndir eru náttúrulega klassískar, sem útskýrir aftur af hverju þær verða frekar fyrir valinu en litmyndir,“ segir Fríður. „Svo eru allir komnir með stafrænar myndavélar, sem þeir taka mikið af litmyndum á. Þannig að fólk leitar gjarnan eftir tilbreytingu frá litmyndum þegar farið er á ljósmyndastofu,“ útskýrir hún.

Aðspurð segist Fríður ekki tekið hafa tekið eftir því að almennt hafi dregið úr myndatökum á stofunni með tilkomu stafrænna myndavéla. „Ég held að fólki finnist handhægt að hafa starfræna myndavél í daglegu lífi, en finnist síðan gott að leita til atvinnuljósmyndara við sérstök tækifæri eins og útskriftir,“ segir hún. Sjálf hefur Fríður ekki skipt filmu út fyrir stafræna myndavél og tekur mestallt sitt efni á 6x6 Hasseblad myndavél, sem hún telur vera þá bestu sem völ er á. Eina undantekningin sem hún gerir á því eru myndatökur fyrir heimasíður og nafnspjöld, sem eru á stafrænu formi.

Fríður segir að sú breyting hafi orðið á frá því sem áður var, að fólk vilji nú vera frjálslegra á myndum. „Fólk vill oft ekki vera jafn uppstillt eins og tíðkaðist áður,“ segir hún. „Í dag hvet ég fólk til að koma með eigin hugmyndir, svo að persónuleiki viðkomandi aðila skíni vel í gegn. Ég minnist stráks sem tók vel í þessa hugmynd og mætti á stofuna með eldgamla, beyglaða stúdentshúfu af langafa sínum sem hann vildi láta mynda sig með. Húfuna mátti ekki laga til og hann vildi hafa hana skásetta á kollinum, þannig að merkið vísaði fram. Þetta er gott dæmi um það frjálsræði sem orðið er í myndatökum. Frjálsræðið leyfir auðvitað líka hefðbundnar myndatökur, sem margir kjósa enn enda útkoman oft geysilega falleg,“ segir Fríður að lokum.



Fríður hvetur fólk til að láta ímyndunaraflið leika lausum hala fyrir myndatökur. Telur hún að persónuleiki hvers og eins komi betur fram með þeim hætti. Mynd eftir Fríði.



Þótt margir kjósi myndir í svarthvítu, þá eru litamyndir enn vinsælar eins og þessi fallega mynd eftir Fríði er ágætis vitnisburður um.






# Blóm við útskrift

Flestir útskriftast að vori þegar blómin eru að springa út og græni liturinn að taka yfir umhverfið.

Ekkert er sumarlegra en blóm og vorið er akkúrat rétti tíminn til þess að gleðja útskriftarnemann og sjálfan sig með blómum. Hvort sem þau eru keypt í blómabúð, á bensínstöð eða tínd úti í garði lífga þau upp á heimilið og koma öllum í sumarskap. Blómin má setja í blómavasa, glös, könnur, krúsir eða bara það sem hendi er næst og hafa hvar sem er. Allt sem skiptir máli er að þau séu einhvers staðar þar sem þau sjást og gleðja sem flesta. Við útskrift er einnig fallegt að stinga blómi í hnappagatið á jakkafötunum, og á veisluborðið.























Þórólfur Árnason og nýstúdentar í MH.

# Útskriftarsöngur

Söngurinn Gaudeamus á stóran sess í hjörtum stúdenta. Þetta lag er sungið við útskriftir margra menntaskóla og jafnvel þeir sem enga latínu hafa lært syngja það hástöfum. Hér er textinn og um að gera að æfa sig fyrir stóra daginn.

## *Gaudeamus*

*Gaudeamus igitur*
*juvenes dum sumus*
*Post jucundam juventutem.*
*Post molestam senectutem.*
*Nos habebit humus.*

*Kætumst meðan kostur er*
*knárra sveina flokkur.*
*Æskan líður, ung og fjörleg,*
*ellin bíður, þung og hrörleg.*
*Moldin eignast okkur.*

*Kætumst meðan kostur er*
*knárra meyja flokkur.*
*Æskan líður, ung og fjörleg,*
*ellin bíður, þung og hrörleg.*
*Moldin eignast okkur.*







## klassískar útskriftargjafir ...

Það getur verið höfuðverkur að finna rétta gjöf handa útskriftarnemanum. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir.



Íslenska orðabókin ætti að vera til á hverju heimili og er því tilvalin gjöf handa nýstúdentum.



Málverk og aðrir listmunir falla vel í kramið hjá útskriftarnemum. Munið bara að velja það sem hentar þeim sem á að fá gjöfina en ekki bara það sem ykkur þykir fallegast.




Stóra orðabókin um íslenska málnoktun er ný og skemmtileg orðabók sem nýtist vel.




Flugmiði út í lífið er útskriftargjöf sem klikkar ekki.




Það er gaman að eiga góðan Atlas til þess að geta látið sig dreyma um fjarlæg lönd.

Íslandssagan er einkar falleg og skemmtileg bók sem gaman er að eiga.



Sólarstrendur og skemmtilegt næturlíf lokka útskriftarnemana.

# Strendurnar lokka stúdenta

Útskriftarnemar fara oftar en ekki í fjörugar útskriftarferðir erlendis ásamt samnemendum sínum.

Eitt af því sem margir útskriftarnemar hugsa til er útskriftarferðin, það sem haldið er til útlanda ásamt samnemendum sínum í útskriftarárganginum og haft gaman af lífinu. Ferðirnar eru mjög mismunandi eftir því hvernig hópurinn er samsettur, hvað nemendurnir vilja helst og hversu stórir hóparnir eru.

Langoftast er þó haldið á suðlægar slóðir og er Costa del Sol afar vinsæll viðkomustaður. Bjarni Hrafn Ingólfsson hjá Heimsferðum segir að sá staður bjóði upp á allt sem útskriftarnemar sækjast eftir í slíkum ferðum, fallega náttúru, fjölbreytta afþreyingu, skemmtilegt næturlíf, margs konar kynnisferðir og margt fleira.

Annar staður sem hefur allt þetta að bjóða og kemur sterkur inn er Mallorca. Þar er Playa de Palma vinsælasti staðurinn.

Króatía hefur einnig átt nokkrum vinsældum að fagna og þá helst hjá hópum þar sem djammið er ekki sett í forgang. Þó er þar að finna spennandi næturlíf og ýmiss konar skemmtun.

Margir útskriftarhópar vilja heldur fara í borgarferðir en sólarlandaferðir og eru vinsælustu borgirnar Barcelona, Prag og Búdapest. Þetta á þó helst við hópa sem eru að útskrifast úr háskóla.

Þeir sem eru á höttunum eftir góðri gistingu, ódýru verðlagi og fjölbreyttu framboði á skemmtun og afþreyingu ættu að skoða Búlgaríu sem valkost en sá staður á vaxandi vinsældum að fagna meðal útskriftarnema. Er það ferðaskrifstofan Terra Nova sem býður upp á ferðir þangað. Einnig bjóða þeir upp á ferðir til Salou á Spáni sem hafa verið vinsælar fyrir nemendur í útskriftarferðum enda er þar að finna stærsta skemmtigarð Spánar, Port Aventura, vatnsskemmtigarðinn Costa Caribe og fallega strönd. Þaðan er einnig stutt að fara til Barcelona.



UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 29. MAÍ

# FRAMÚRSKARANDI HÁSKÓLI

**Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt og spennandi nám, frábæra námsaðstöðu og leggur áherslu á sterk tengsl við atvinnulífið.**

**Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200.**
**Kíktu á www.ru.is**

**VIÐSKIPTAFRÆÐI**
**TÖLVUNARFRÆÐI**
**TÆKNIFRÆÐI**
**VERKFRÆÐI**
**IÐNFRÆÐI**
**LÖGFRÆÐI**
**STÆRÐFRÆÐI**
**ÍÞRÓTTAFRÆÐI**
**KENNSLUFRÆÐI**
**LÝÐHEILSUFRÆÐI**
**FRUMGREINASVIÐ**



OPIÐ HÚS

Mánudaginn 12. júní n.k. verður opið hús í Verzlunarskóla Íslands milli kl. 15:00 og 18:00

- Námsráðgjafar og kennarar skólans verða til viðtals og geta nemendur innritað sig á staðnum.
- Nemendur kynna félagslífið í máli og myndum.
- Gestir geta skoðað húsakynni skólans.
- Léttar veitingar.
- Nánari upplýsingar á www.verslo.is og á skrifstofu skólans í síma 5 900 600.

Umsóknarfrestur er til kl. 24:00 mánudaginn 12. júní

http://kynning.verslo.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



1 STJÖRNUFRÉTTIR 2 LÍFSSTÍLL 3 ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í EINU




hér&nú kemur út alla fimmtudaga




Valur Gunnarsson hefur gaman af því að starfa í kringum ungt fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ætlar ekki beint að kenna

**Valur Gunnarsson er að útskrifast úr Kennaraháskóla Íslands en hann ætlar þó ekki að demba sér beint í kennsluna heldur hyggur hann á áframhaldandi nám.**

Það var létt yfir Vali Gunnarssyni þegar blaðamaður hitti á hann þar sem hann var að læra fyrir próf í Kennaraháskólanum. Hann er nú að ljúka við þriggja ára nám sitt í skólanum. „Fyrsta árið byrja allir á almennri braut en strax á öðru ári á að velja sér kjörsvið. Ég er að klára grunnskólabrautina með íslenskuna sem aðalkjörsvið og svo valdi ég upplýsingatækni sem aukakjörsvið. Þetta er níutíu eininga nám, maður tekur þrjátíu einingar á ári og því tekur þetta þrjú ár í heildina og ég er einmitt að klára þetta núna,“ sagði Valur.

Kennarinn hefur þó ekki blundað í Vali alla tíð þó að móðir hans starfi sem kennari. „Ég tók þessa ákvörðun á lokaári mínu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Þetta heillaði mig og það er gott að hafa kennaragráðu upp á framtíðina þar sem það vantar alltaf kennara. Ég lenti í mjög góðum bekk, það er ekki mikið um karlmenn í skólanum en á fyrsta árinu voru nítján karlmenn og þar af níu í mínum bekk en það voru fimm bekkir. Það voru allt einstaklega vel hannaðir strákar og skemmtilegir og við höfum haldið hópinn.“

Valur segir að námið hafi verið nokkuð skemmtilegt. „Þetta er náttúrlega samt bara nám og sumir áfangar eru ekki skemmtilegir eins og gengur og gerist, aðrir eru hins vegar hagnýtir og skemmtilegir,“ sagði Valur sem stefnir á áframhaldandi nám og ætlar í íslensku í háskólanum. „Svo langar mig að læra kvikmyndafræði og ætla líka í hana. Það eru fjölmargir sem fara beint að kenna og þar á meðal nokkrir af mínum nánustu vinum úr skólanum. Ég ákvað hins vegar að bíða aðeins enda er ég bara 24 ára meðan strákarnir í kringum mann eru komnir nær þrítugu. Ég ætla hins vegar í meira nám og sjá svo til eftir eitt til tvö ár,“ sagði Valur.

Hann segir að það sé ekki alveg klárt hvort hann verði kennari en segir líkurnar á því meiri en minni, hvort sem það verði í grunnskóla eða framhaldsskóla. „Ég hef mjög gaman af því að vinna með ungu fólki, ég var að vinna á leikjanámskeiði en ef ég fer að kenna stefni ég frekar á að gera það í unglingadeild,“ segir Valur. Með námi hefur hann verið að taka helgarvaktir í íþróttahúsinu í Austurbergi og þá er hann á fullu í íþróttum en hann spilar sem markvörður hjá 1. deildarliði Leiknis í Breiðholtinu.

Valur ætlar að halda upp á útskriftina með því að halda veglega veislu fyrir vini og vandamenn en hann ætlar þó ekkert að kaupa sér ný föt sérstaklega fyrir það tilefni. „Ég á stórglæsileg jakkaföt sem ég ætla að nota,“ sagði Valur Gunnarsson.


Rachel Weisz
in London
English days
Burberry London
BURBERRY
LONDON
a new fragrance for women



KYOLEOPIN
LIQUID
新宿薬品中央店
明
SILVIA 星 NIGHT
SUPERSTAR
Добре Дошли
Er í boði
ATLAS
Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
5.000 kr. MasterCard ferðaávísun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á atlaskort.is. Víðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500.
FARÐU ALLA LEIÐ
KB BANKI
GLITNIR
spron
Landsbankinn
Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500



**Sedrusviður**

Pallaefni og utanhúsklæðning úr sedrusviði. Spónasalan ehf Smiðjuvegur 40, gul gata s.567 5550.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Sumarstörf**
Við óskum eftir þroskuðum einstaklingum til úthringistarfa í þjónustuverum okkar í sumar. Starfssvæði: Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Keflavík Vinnutími 17:00 - 22:00 mán - fös 12:00 - 16:00 lau
**Umsóknum skal skila á netfangið bm@bm.is sem fyrst merkt starfsstöð sem óskað er eftir. BM ráðgjöf eh.**

**Bortækni.**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
**Upplýsingar í síma 892 7544.**

**Reykjanesbær - Smiðir**
Smiðir óskast í mótauppslátt. Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Húsnæði fyrir hendi. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku
Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald.
Hentar vel sem góð aukavinna.
Ráðum ekki yngri en 20 ára.
Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s.515 5552 / annasig@frodi.is**

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Einnig matreiðslumenn í eldhús. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

**Bakari Bakari.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir alhliða góðum bakara sem er stundvís, ábyrgur og áreiðanlegur.
**Uppl. gefur Óttar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733 eða á maili: ottar@bakarameistarinn.is**

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Aðastoðarmaður í eldhús óskast í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi í 75% starf. Vinnutími 10.30-16.30.
**Upplýsingar veitir leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Húsgagnaverslun**
Húsgagnaverslunin Heima óskar eftir sölumanni í glæsilega verslun að Suðurlandbraut 48. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára, vera reyklaus, þarf einnig að hafa góða þjónustulund, reynslu af verslunarstörfun og áhuga á húsgögnum. Óskum einnig eftir sumarstarfsmanni á lager, viðkomandi þarf að vera reglusamur, hraustur og hress.
**Uppl. gefur Klara, GSM 860 1108.**

**Ræsting / Morgunvinna**
Vantar fólk í afleysingar í s sumar þarf að geta hafið störf fljótt, vinnutími 8-12, unnið á vöktum.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Kringlukráin.**
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í dag - kvöld og helgarvinnu. Æskilegt að viðkomadni hafi reynslu.
**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR SUMARAFLEYSINGAR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar: * Á Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi, Selfossi, Akranesi og Borgarnesi uppl. veitir Þorsteinn í síma 550 9933, thorsteinn@odr.is * Á Reyðarfjörð. Uppl. veitir Már í síma 474 1525, austurland@odr.is Um er að ræða tímabilið 1. júní til 30. september eftir samkomulagi. Umsækjendur þurfa að hafa Meirapróf en Olíudreifing kostar ADR réttindi fyrir viðkomandi.
**Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.**

**Hjá Dóra í Mjódd**
Erum að leita að röskum og snyrtilegum starfsmanni til afgreiðslu á heitum mat, undirbúningi, frágangi og öðrum eldhússtörfum.
**Frekari uppl. á staðnum eða í síma 567 5318 & 557 3910.**

**Óskum eftir starfsmanni**
í skyndibita eldhús, um kvöld og helgar.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða http://www.keiluhollin.is**

Starf við afgreiðslu Orkuverið, líkamsrækt í Egilshöll Grafarvogs óskar eftir starfskraft við afgreiðslu. Allt að 100% staða í boði. Áhugasamir sendi mail á georg@orkuverid.is eða mæti á svæðið með umsókn.

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í ca. 80% vinnu. 20 daga í mánuði frá kl. 12-19. Hentar vel manneskju á miðjum aldri.
**Upplýsingar í síma 843 9950 eða 898 2975.**

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir fólki í hlutastörf á kvöldin og um helgar. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**Veitingahúsið Vegamót**
Óskar eftir barþjónum í helgarvinnu.
**Upplýsignar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**



**Flott atvinnutækifæri**
Til sölu er sendibíll og leyfi á Nýju Sendibílastöðinni. Næg vinna. Uppl. í s. 897 9280.

**Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16, 111 Rvk.**
Leikskólinn Ösp óskar eftir leikskólakennara í deildarstjórastöðu og leiðbeinanda sem fyrst.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 557 6989 & 849 5642 Svanhildur.**

**Sumarvinna**
Hagkaup Smáralind óskar eftir að ráða öflugan sumarstarfsmann á lager. Einnig vantar duglegan sumarstarfsmann til að sjá um kaffistofuna. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Hagkaup Smáralind eða hringja í Trausta verslunarstjóra í síma 530 1000.

Sumarafleysingar! Óskum eftir starfsfólki til sumarafleysinga. Dagvinna, kvöldvinna og helgarvinna. Tilvalið fyrir þá sem vilja halda áfram í haust, og vinna með skóla, eða annari vinnu. Komið og sækið um eða sendið e-mail á krames@mmedia.is. Krambúðin Skólavörðustíg 42.

*Auka vinna! *Auka vinna! *Þegar þér hentar! www.myusdollars.com

Heimir og Þorgeir ehf. óska eftir að ráða vana vélamenn til starfa nú þegar. Næg verkefni framundann. Uppl. gefur Heimir í síma 696 9933.

**Skalli Hraunbæ**
Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf og hlutastarf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Bílaleiga...**
Starfsmaður óskast á bílaleigu mikil og skemmtileg vinna framundan, einungis duglegt fólk kemur til greina. Uppl. í síma 555 3330.

**Atvinna atvinna**
Atvinna Atvinna óskum eftir hressum og duglegum lagermönnum til starfa sem fyrst. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir duglega starfsmenn. Upplýsingar gefur Daði í síma 820 8005 eða á staðnum í Smáratorgi 1 Rúmfatalagerinn.

**Hársnyrtimeistari/sumarafleysingar**
Sveinn eða meistari í hársnyrtiiðn óskast allan daginn eða í hlutastarf á stofu í miðbænum. Uppl. gefur Sigurpáll í s. 896 8544.

Hársnyrtinemi og sveinn óskast. Nemi þarf að hafa lokið a.m.k. einni önn. Uppl. í s. 697 3512 e. kl. 18:00.

**Ráðskona óskast í sveit. Upplýsingar í síma 865 5613.**

Háseti. Vanur háseti óskast á beitingavélabát frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306 & 893 5458.

Matreiðslumaður óskast. Dagvinna, heimilismatur. Einnig vantar okkur starfskraft til almennra starfa (pantanatiltekt, útkeyrsla ofl.) Uppl. í síma 892 0986. Matur og Kaffi Lyngás 17, Garðabæ.

## Atvinna óskast

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
Traust Fyrirtæki með reyndum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum og fleira. Frá bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í Alan í s. 897 8978
**Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fáanleg.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður þín vinkona? Símar 908 6000 og 535 9999.

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is

Símaspjall við yndislegar konur! Hver verður vinkona þín? S. 908 6000 (símat) og 535 9999 (kort).

Kona, 44, ljósh, bláeyg, í samb., v/kynn. karlm. m/tilbr. í huga. RTS, 905 2000 (símat) og 535 9920 (kort) auglnr. 8179.

## TIL SÖLU/ÞJÓNUSTA










**Pallar EHF**
Margra ára sérhæfing í vinnupöllum
Reisum og rífum vinnupalla
Leigjum vinnupalla í stærri verkefni
Sjáum um alla almenna smíðavinnu, gröfuvinnu o.fl o.fl.
Upplýsingar í síma 6943140, Hössi og 8980101, Ómar.









allt
heimili
Alla fimmtudaga



## Flétturimi 9 112 Reykjavík

RE/MAX BÚI







**Verð: 16.900.000**
Stærð: 81,5
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 10.950.000
Bílskúr: bílskýli



Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali

**Opið hús í dag þri.16. maí kl. 20.00-20.30**

Skemmtileg og vel skipulögð 2-3 herb.68,5 fm íbúð á 2. hæð með 13 fm stæði í bílskýli. Forstofa með flísum, eldhúsinnrétting hvít/beyki, opið á milli skápa inn í stofu. Plastparket á gólfum. Útgengi á suð-vestur svalir úr stofu. Baðherbergi allt nýuppgert. Þvottahús innan íbúðar. Hjónaherbergi hefur verið skipt niður í tvö herbergi. Ágætis útsýni m.a. yfir næsta leikvöll. Barnvænt hverfi og stutt í skóla/leikskóla/verslanir og þjónustu.



Guðrún
Sölufulltrúi
**821 9209**
runa@remax.isl



## DP FASTEIGNIR

www.dpfasteignir.is

Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali - Þyrí Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali.
Andri Sigurðsson sölustjóri - Ólafur Finnbogason sölumaður

Við erum í
Félagi fasteignasala

Frum

## Kæri íbúðareigandi

Gengur illa að selja þína eign? Erum með stóra kaupandaskrá og virka sölumenn sem veita persónulega þjónustu. Skoðum, metum og skráum á netið samdægurs.

*Allar nánari upplýsingar á skrifstofu DP FASTEIGNA.*

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

## EIGNASTÝRING EHF

FASTEIGNAMIÐLUN

www.eignastyring.is

**Síðumúla 27** 108 Reykjavík
sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

### LAUTASMÁRI, KÓPAVOGI

Frum



Glæsileg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi með timburverönd og skjólveggjum. Íbúðin skiptist í hol, tvö parketlögð svefnherbergi með skápum, parketlagða stofu, parketlagt eldhús með góðri viðarinnréttingu, flísalagt baðherbergi með innréttingu, baðkari og sturtu og flísalögðu þvottaherbergi. Toppeign!. Verð kr. 25.700.000.

Sími 534 4040



## Stofnfundur

MATVÍS

Stofnfundur nýs stéttarfélags MATVÍS, sem að stofnað eru upp úr Matvæla-og veitingasambandi Íslands verður á Hótel Holt, Þingholti, miðvikudaginn 17. maí n.k. kl. 19.30. Félagar í MATVÍS eru hvattir til að mæta

## Aðalfundur

Aðalfundur Framsóknarfélags Reykjavíkurkjördæmis norður verður haldinn sunnudaginn 21. maí 2006 kl. 20.00 á kosningaskrifstofu Framsóknarflokksins að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík.

**Dagskrá:**

1. Fundarsetning.
2. Tilnefning eða kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
4. Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
6. Reikningar bornir upp til samþykktar.
7. Lagabreytingar til samræmis við breytingar á lögum Framsóknarflokksins.
8. Kosin stjórn félagsins:
   8.1. Formaður.
   8.2. 6 (sex) meðstjórnendur.
   8.3. 2 (tveir) menn í varastjórn.
9. Kosnir 2 (tveir) skoðunarmenn reikninga.
10. Kosnir 2 (tveir) skoðunarmenn reikninga til vara
11. Kosnir fulltrúar á kjördæmisþing Reykjavík – norður.
12. Önnur mál.
13. Fundarslit.

Gestur fundarins verður Björn Ingi Hrafnsson, frambjóðandi til borgarstjórnar.

Frekari upplýsingar veitir formaður félagsins Gestur Kr. Gestsson, s. 8588171.

**Stjórn FR-norður**

Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 24, Raufarhöfn, þingl. eig. Senja ehf. og Súlufiskur ehf. gerðarbeiðandi Veiðarfærasalan Dímon ehf., mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Aðalbraut 55, Raufarhöfn, þingl. eig. Pálína Auðbjörg Valsdóttir, gerðarbeiðandi Gúmmívinnslan hf., mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Aðalbraut 57, Raufarhöfn, þingl. eig. Angela Ragnarsdóttir og Einar Ragnarsson, gerðarbeiðandi Raufarhafnarhreppur, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Árblik, Raufarhöfn, þingl. eig. Þórhallur V Einarsson og Allskonar TF ehf, gerðarbeiðandi Raufarhafnarhreppur, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Draflastaðir, jörð 153223, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Sigurður Arnar Jónsson, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf., mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, Kelduneshr., fnr. 216-5894, 216-5896, 216-5898, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðendur Gúmmíbátaþjónusta Norðurl. sf og Point Transaction Syst Ísl ehf., mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Víkurbraut 20, 216-7162 Raufarhöfn, þingl. eig. Guðmundur Lúðvíksson, gerðarbeiðandi Kaupþing banki hf., mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Röndin 13, Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Öxarfjarðarhreppur, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Vatnsendi lóð 221-7717, Þingeyjarsveit, gerðarþoli Birkir Björnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

SINDRI ÞH-400, skipaskrárnúmer 0102, þingl. eig. Skipeyri ehf, gerðarbeiðendur Húsavíkurbær, Ker hf, Lífeyrissjóður sjómanna, Sandgerðishöfn og Sveitarfélagið Skagafjörður, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

Þórey ÞH-303, skipaskrárnúmer 6664, ásamt öllum rekstrartækjum, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 22. maí 2006 kl. 10:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík, 15. maí 2006.+**

# Greiðsluáskorun

## Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

**Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2006, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2006 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2006, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:**

> **Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðar gjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.**

**Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.**

**Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.**

**Reykjavík, 16. maí 2006.**

**Tollstjórinn í Reykjavík**
**Sýslumaðurinn í Kópavogi**
**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
**Sýslumaðurinn í Keflavík**
**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**
**Sýslumaðurinn á Akranesi**
**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**
**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**
**Sýslumaðurinn í Búðardal**
**Sýslumaðurinn á Ísafirði**
**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**
**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**
**Sýslumaðurinn á Hólmavík**
**Sýslumaðurinn á Siglufirði**
**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**
**Sýslumaðurinn á Blönduósi**
**Sýslumaðurinn á Akureyri**
**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**
**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**
**Sýslumaðurinn á Eskifirði**
**Sýslumaðurinn á Höfn**
**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**
**Sýslumaðurinn á Selfossi**
**Sýslumaðurinn í Vík**
**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**
**Gjaldheimta Vestfjarða**
**Gjaldheimta Austurlands**
**Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum**




Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur, Egilsstaðir. TIL SÖLU



## 3. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 16.450.000*






* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934
Ágúst sími: 894-7230
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

## Opið hús í dag á milli 17 og 19
## Grjótasel 3 - einbýli


Frum



Til sölu einstaklega vel staðsett og stórglæsilegt, mikið endurnýjað hús. Húsið er skráð 302,5 fm með 36 fm. tvöföldum bílskúr. Mögulegt er að hafa tvær íbúðir í húsinu en stöðugar endurbætur hafa verið gerðar á því undanfarin ár. Nýlega endurgerð lóð með 78 fm palli og nuddpotti. **Verð 59,5 millj.**

**María tekur vel á móti áhugasömum.**

HÖFÐI
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

## HRINGBRAUT - HAFNARFIRÐI


Frum


Hraunhamar fasteignasala kynnir 93,8 fermetra 4ra herbergja íbúð við Hringbraut í Hafnarfirði. Góður inngangur, hol stór skápur þar. Gott eldhús með snyrtilegri innréttingu. Ágætt þvottaherbergi með glugga, hillur þar. Björt rúmgóð stofa (borðstofa). Svefnherbergi, ágætt baðherb baðkar með sturtu flísar í hólf og gólf, hvít innrétting, gluggi. Gott svefnherb. með skáp útgangur þaðan út á rúmgóðar suður svalir. Ágætt barnaherb. rúmgóð geymsla í sameign með glugga, plastparket á gólfum. Sérlega björt og skemmtileg íbúð á annri hæð í góðu 4-býli. Húsið er nýlega málað að utan. Gott útsýni og góð staðsetning. **Verð 18,4 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# HVUNNDAGURINN

## *Fékk gat á hausinn*

„Flesta daga byrja ég á því að vakna,“ kímir Ari Sigvaldason fréttamaður. „Þar á eftir hita ég einn kaffibolla á mochaccino-vélina mína áður en ég held af stað í vinnuna. Fréttastofan fundar um níuleytið á morgnana þar sem við leggjum niður mál dagsins og dreifum út verkefnum. Eftir það hefst svo fréttavinnslan. Dagurinn fer oftast í að ná í viðmælendur og bóka tökur og auðvitað reynir maður alltaf að grafa upp einhver góð skúbb. Þegar líða tekur á daginn og dregur nær útsendingu fer að magnast smá stress á fréttastofunni. Pródúsentarnir fara að reka á eftir manni og þá drífur maður sig í klippiherbergið og setur saman fréttirnar sínar. Stundum eru stór mál að í gangi sem gerast seint um daginn og þá verður ansi mikill hamagangur við að ná í hús tímanlega til að klippa fyrir útsendingu. Ég man eftir einu skipti sem ég hljóp niður fatastandinn þegar ég hljóp inn í hús með gott mál og einu sinni fékk ég gat á hausinn innandyra og var fluttur á slysó,“ segir Ari og hlær. „Svo reynir maður að koma sér heim upp úr klukkan átta á kvöldin.“



Ari Sigvaldason fréttamaður hefur lent í ýmsu í amstri vinnudagsins. Sigvaldi Örn frændi hans reynir þó að gæta föðurbróður síns utan vinnu.

# TOPP 5: SMOG

1. Wild Love (1995). Ein af fáum plötum Smog, sem heitir réttu nafni Bill Callahan, sem tekin er upp í almennilegu upptökuveri. Fyrsta lag plötunnar, Bathysphere, er einnig nafn á heimasíðu tengdri söngvaranum, www.pry.com/smog.

2. Knock Knock (1999). Upptökum á plötunni stjórnaði Jim O'Rourke sem nýlega hætti í Sonic Youth. Lítill barnakór kemur fyrir á plötunni. Þegar platan kom út í Japan fylgdu plötunni tvö aukalög, Look Now og The Only Mother.



3. A River Ain't too Much to Love (2005). Nýjasta plata Callahan og á henni er hann hættur að notast við sviga um nafnið sitt. Kærastan hans, Joanna Newsom, spilar á píanó í laginu Rock Bottom Riser. Í myndbandinu við lagið I Feel Like the Mother of the World leikur Chloë Sevigny aðalhlutverkið.

4. Red Apples Fall (1997). Textar plötunnar fjalla meðal annars um aðskilnað hans og Cynthiu Dall en stuttu seinna byrjaði Smog með Chad Marshall, betur þekktri sem Cat Power. Jim O'Rourke vann einnig mikið með Smog á þessari plötu.

5. Dongs of Sevotion (2000). John McEntire, aðalmaður Tortoise, sá um trommuleik á plötunni. Eftir útkoma þessarar plötu byrjaði Callahan að kalla sig Smog með sviga, (Smog).

## VISSIR ÞÚ...

...að 19. febrúar 1945 lentu Bandaríkjamenn á japönsku eyjunni Iwo Jima?

...að í innrásinni tóku þátt 110.000 bandarískir hermenn á 880 skipum?

...að varnarherinn samanstóð af 22.000 Japönum?

...að vörn þeirra byggðist á því að þeir voru allir grafnir niður í jörðina?

...að þeir grófu 1.500 klefa í bergið?

...að 26 km af göngum tengdu klefana?

...að hernaðartaktík Japana gaf ekkert svigrúm til að hörfa?

...að Japanir börðust til síðasta manns?

...að enginn erlendur her hafði stigið fæti á japanska jörð í 5.000 ára sögu þjóðarinnar?

...að markmið Japana var að hver hermaður þeirra dræpi tíu bandaríska hermenn áður en hann félli sjálfur?

...að mannfall Bandaríkjamanna átti að verða svo mikið að þeir ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir réðust á önnur japönsk landsvæði?

...að Iwo Jima var svo mikilvæg því hún var mitt á milli Bandaríkjanna og Japan?

...að byrgi Kuribayashi, hershöfðingja Japana á Iwo Jima, hafði 1,5 m þykka veggi og 3 m þykkt þak?

...að það var í jörðu niðri, 25 m inni í kletti?

...að fyrir landárásina vörpuðu Bandaríkjamenn fjölmörgum sprengjum á eyjuna?

...að þessar sprengjuárásir voru lengsta samfellda sprengjuárásin í síðari heimsstyrjöldinni?

...að árásirnar höfðu lítil sem engin áhrif?

...að bardagar stóðu í 36 daga?

...að á meðan á bardögum stóð var Iwo Jima eitt fjölmennasta svæði á jörðinni?

....að á þessum tímapunkti voru rúmlega 100.000 menn á svæði sem jafnast á við þriðjung Manhattan?

...að mannfall varð gríðarlegt?

...að einn af hverjum þremur Bandaríkjamönnum lést eða særðist?

...að nær allir Japanir á eyjunni létust?

...að ein af ástæðum, eða afsökunum, fyrir notkun kjarnavopna var sú að mannfall í hefðbundnum bardögum myndi verða mun meira?

...að þar miðuðu menn við reynsluna frá Iwo Jima?



# Hvernig varð heimurinn svona?

UMRÆÐAN
LAUNAMUNUR



HELGA BJÖRG RAGNARSDÓTTIR

Töluverðu hlutfalli af samverustundum fjölskyldunnar er varið í bíl í viku hverri. Þó svo að í flestum tilfellum sé hægt að verja tímanum betur en með þeim hætti gerist það stundum að samveran í bílnum býður upp á óvænt tækifæri. Það gerðist einmitt í bílferð nokkurri allt of seint á mánudagskvöldi á heimleið eftir annasaman dag.

Ég var niðursokkin í hugsanir mínar og lagði mig ekki eftir því að fylgjast með samtali sona minna í aftursætinu. En heyri útundan mér að sá yngri segir: „Hvernig varð heimurinn svona?“ Ég tók spurninguna ekki til mín í fyrstu, þá heyrist aftur: „Mamma, hvernig varð heimurinn svona?“ Ég hvái við og segi: „Hvað meinarðu með svona?“ Þá segir sá eldri: „Hann meinar þannig að karlar fái hærri laun en konur.“ Þessu er augljóslega ekki auðsvarað en ég ákvað af virðingu fyrir forvitni og fróðleiksþorsta sona minna að gera tilraun til að svara og byrjaði því sem næst á byrjuninni.

Ég setti fram afar einfaldaða mynd af vinnumarkaði hellisbúa og tók að útskýra verkaskiptinguna þannig að konur hefðu verið heima við að sinna börnum og sjúkum auk annarra starfa sem krefðust ekki fjarveru frá þeim, en að karlar hefðu farið til veiða til að fæða fjölskylduna. Svo spurði ég: „Hvort er mikilvægara að passa börnin eða að veiða í matinn fyrir fjölskylduna?“ „Auðvitað að passa börnin,“ er þá sagt í einum kór án þess að hika. Eftir að hafa rætt nánar, með umtalsverðum einföldunum, um það hvernig fjarveran og gjaldmiðillinn sem fólst í veiðunum færði körlunum völd til ákvarðanatöku uppskar ég mikla samúð með málstað kvenna úr aftursætinu. En auk þess var þeim augljóslega brugðið að heyra að það gæti verið eitthvað mikilvægara en að gæta barna.

Ég er viss um að hvert einasta barn á þeirra aldri, 6-7 ára, myndi svara með svipuðum hætti og þeir gerðu. Því spyr ég sjálfa mig: Á hvaða tímapunkti, eða öllu heldur við hvaða aldur, breytist forgangsröðunin? Hvenær verður umsýsla með peninga og eignir mikilvægari en umönnun barna og sjúkra? Þetta samtal var mér mjög mikilvæg áminning um það að ríkjandi gildismat í samfélaginu er ekki náttúrulögmál, það er afsprengi þeirrar forgangsröðunar sem viðgengist hefur í samfélaginu allt of lengi. Forgangsröðunar sem hægt er að breyta.

Sýn barna á heiminn er oft bæði ögrandi og afhjúpandi. Sýn barna verður að vera með í mótun samfélags. Þannig pólitík viljum við vinstrigræn. Pólitík sem fæst við grundvallarspurningar samfélagsins í þeim tilgangi að gera samfélagið betra. Pólitík sem spyr spurninga eins og „Hvernig varð heimurinn svona?“

*Höfundur skipar 7. sæti V-lista, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, í borgarstjórnarkosningunum í vor.*

# Varnirnar bresta

UMRÆÐAN
VERÐBÓLGAN



LÚÐVÍK GIZURARSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Það er stutt í að allar varnir bresti gegn verðbólgunni. Er byrjað að bresta. Stýrivextir Seðlabanka Íslands fela verðbólguna í bili með því að falsa gengið. Þetta er byrjað að láta undan. Bandaríkjadollarinn hækkar áfram og hækkar. Mun hækka meira. Húseigendur geta átt von á því alveg á næstunni að lánskjaravísitalan fjúki upp og íbúðareigendur eiga þá ekkert lengur í íbúðum sínum vegna hækkunar vísitölulánanna.

Margir telja að lausnin sé að taka upp evruna og meirihluti þjóðarinnar vill það, ef lánskjaravísitalan fer um leið. Þetta er sagt ómögulegt og allt er blýfast. Engin leið fær sem er einföld og fljótleg.

Hér er bent á leið, þær eru fleiri. Ef Frakkar, sem í dag vilja verja okkur, leyfa okkur bráðabirgðaaðild að seðlabanka sínum þar sem allt er í evrum, erum við komin hálfa leið. Svo þarf ríkissjóður okkar að fá evrulán í Kína, sem ríkissjóður okkar tæki og notað væri til að tryggja greiðslur okkar af erlendum lánum, ef einkavæddir bankar okkar bregðast.

Með þessu fáum við aðgang að evrunni bakdyramegin. Á evrunni er ekki vísitala. Sá draugur væri kveðinn niður með öllu.

Þetta er sett fram hér í einföldu formi og er vel hægt án allrar þeirra umræðu og flækju sem enginn skilur í dag.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.flugfelag.is | 570 3030




1 kr. aðra leiðina
+ 739 kr.
(flugvallarskattur og tryggingargjald)
Þetta einstaka tilboðsfargjald
- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 15. - 30. maí
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is

Klink
fyrir börnin

Nú getur fjölskyldan flogið saman fyrir **ódýrara fargjald á manninn en nokkru sinni fyrr.**
Tilvalið til að bregða sér af bæ, heimsækja afa og ömmu eða gera eitthvað annað skemmtilegt.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

# Þjóðarátak í málum aldraðra

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRAÐRA



INGIBJÖRG H. ELÍASDÓTTIR
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG HEILBRIGÐISFULLTRÚI

Næsta þriðjudag 16. maí bjóða AFA - Aðstandendafélag aldraðra og Landsamband eldri borgara til Þjóðfundar í Háskólabíói undir slagorðinu Þjóðarátak um úrbætur í málum aldraðra. Stefán Ólafsson prófessor í félagsvísindum mun flytja erindi um „Lífskjör aldraða á Íslandi“. Ragnar Aðalsteinsson hrl. mun í framhaldi stýra fundinum og beina fyrirspurnum til pallborðs. Við höfum stefnt völdum einstaklingum saman til að leita lausna, ryðja úr vegi hindrunum og hrinda í framkvæmd þjóðarátaki um úrbætur í málum aldraða. Það þarf þjóðarsátt um þetta átak. Þjóðin þarf öll á því að halda, ekki bara eldri borgarar og aðstandendur þeirra.

AFA - Aðstandendafélag aldraðra var stofnað þann 26. mars sl. í þeim tilgangi að þrýsta á stjórnvöld um úrbætur fyrir aldraða, strax í dag. Á stofnfundinum var húsfyllir og það þurfum við að endurtaka í Háskólabíói á þriðjudaginn kemur. Á fundinum mun landsmönnum gefast kjörið tækifæri til að hlýða á vísindalegar staðreyndir um lífskjör aldraðra á Íslandi í dag. Hvert stefnir íslenskt þjóðfélag í velferðarmálum? Verður Ísland velferðarþjóðfélag eftir 20 ár ef við höldum áfram á þessari braut skerðinga og skattlagninga á lífeyri og grunnframfærslu almannatrygginga? Verður millistríðskynslóðin sem byggði upp velferðar- og velmegunarsamfélgið sem við hinir yngri njótum í dag, „jörðuð“ af stjórnvöldum sem þurfalingar án þeirrar viðurkenningar og virðingar sem hún á skilið? Á heimasíðu AFA, hjaafa.is, er að finna stefnu félagsins en hana má draga saman í þrjú orð: lífskjör, búseta og umönnun.

*Verður millistríðskynslóðin sem byggði upp velferðar- og velmegunarsamfélgið sem við hinir yngri njótum í dag, „jörðuð“ af stjórnvöldum sem þurfalingar án þeirrar viðurkenningar og virðingar sem hún á skilið?*

**Sjálfstæð búseta sem lengst**

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er lagt til að heilsueflandi aðgerðir verði auknar svo allir geti búið sem lengst heima. En eins og við vi andendur og aldraðir virðast ekki treysta á að fá heimaþjónustu og hafa sagt í mín eyru: „Jú þær eru ágætar: ef þær koma; en þær stoppa aldrei neitt, það er hlaupið inn og út; ef hún verður veik er engin send í hennar stað; þegar ég brotnaði og þurfti aðstoð var enga að fá því ég var ekki á þjónustulista þeirra.“ Ég þekki ekki þessar aðstæður af eigin raun í dag, en ekki finnst mér þetta lýsa þeirri sveigjanlegu og einstaklingsmiðuðu þjónustu sem stefna ber að. Ég tek fram að þegar móðir mín þurfti á þessari þjónustu að halda fyrir meira en fimm árum leystu vakthafandi hjúkrunarfræðingar á næstu heilsugæslustöð málið þó kvöldþjónusta hefði ekki formlega hafist frá stöðinni. Þarna var heimahjúkrun veitt þar sem hennar var þörf, þegar hún var nauðsynleg.

Mér er ekki kunnugt um að gerð hafi verið þjónustukönnun á heimahjúkrun og heimilisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu en það tel ég vera mjög brýnt. Tala þarf bæði við notendur þjónustunnar og allan almenning til að greina hvað þarf að bæta og hvaða væntingar almenningur hefur til hennar. Svo þarf að skilgreina þjónustuna sem á að vera í boði og upplýsa alla um hana. Mér finnst ekki hægt að sætta sig við að bíða allt að þremur dögum eftir svari um hvort hægt sé að fá þjónustu. Það er langur tími ef viðkomandi bíður á bráðadeild og hefur lokið sérhæfðri læknismeðferð.

Getur verið að þrátt fyrir sífelldar yfirlýsingar um að auka eigi þjónustu heima sé aukningin ekki nægjanleg til að forskot náist á stofnanaþjónustuna sem við Íslendingar þekkjum, þrátt fyrir að margir standi agndofa þegar í ljós koma aðstæðurnar sem í boði eru á sumum stofnunum. Getur einhver jafnaldra minna hugsað sér að hafa ekki möguleika á að eiga einkastund með ástvini sínum, þó hann sé sjúkur og þurfi á hjúkrunarþjónustu að halda? Því trúi ég ekki.

**Þjóðfundur**

Framundan eru tvennar kosningar. Þessi mál verða ekki leyst nema bæði sveitarstjórnar- og alþingismenn leggist á eitt um það. AFA stefnir að því að vekja samfélagið allt, aðstandendur, aldraða og stjórnmálamenn, til vitundar um að aðstandendur aldraðra geta beitt sér saman sem stór þrýstihópur. Við erum mörg atkvæði og við erum alls staðar í þjóðfélaginu. AFA sættir sig ekki við að eldri borgarar jafnt sjúkir sem frískir bíði lengur eftir að kjör þeirra og aðstæður batni.

Sýnum að blóðið rennur til skyldunnar. Tökum saman höndum og þrýstum á stjórnvöld til aðgerða í stað orða. Mætum öll í Háskólabíó á þriðjudagskvöldið kl. 20:00.

*Höfundur er ritari AFA - Aðstandendafélags aldraðra.*

# Um Nýsköpunarstöð Íslands á Sauðárkróki

UMRÆÐAN
NÝSKÖPUNARSTÖÐ



BJARNI JÓNSSON
SVEITARSTJÓRNARMAÐUR VINSTRI GRÆNNA Í SKAGAFIRÐI

Frumvarp iðnaðarráðherra um að leggja niður Byggðastofnun en stofna þess í stað Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur valdið uppnámi í skipulagi byggðamála.

Virðast stjórnarflokkarnir vera þar fullkomlega á öndverðum meiði.

Flutningur Byggðastofnunar til Sauðárkróks var umdeildur á sínum tíma en engu að síður lofsverð aðgerð í að færa stjórnsýslustofnun út á land. Slíkur flutningur er þó aldrei sársaukalaus og er því mikilvægt að ekki sé verið að tjalda til einnar nætur.

**Binda þarf í lögum heimilið á Sauðárkróki**

Í frumvarpinu er aðeins sagt að „ráðherra ákveður staðsetningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands“. Hvergi er minnst á Sauðárkrók í því sambandi.

Þótt ráðherra hafi sagt í ræðu að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði á Sauðárkróki er það lítil trygging og næsti ráðherra er ekki skuldbundinn af þeirri ákvörðun. Nýsköpunarmiðstöðinni er m.a. ætlað að stunda rannsóknir, þekkingarmiðlun og stuðningsþjónustu við atvinnulífið og efla samstarf milli rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja. Einmitt í Skagafirði er unnið öflugt rannsókna- og þróunarstarf á þessum sviðum.

**Tvískinnungur stjórnvalda með staðsetningu**

Í frumvarpinu um Nýsköpunarmiðstöð Íslands segir einnig: „Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður að grunni til þekkingarsetur og stefnt er að því að hún tengist betur rannsóknastarfsemi háskóla og starfsemi þekkingarfyrirtækja. Starfsemi stofnunarinnar mun á sama hátt tengjast þekkingarsetrum úti á landi og mun hún stuðla að vexti og viðgangi þeirra. Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Háskólasetur Vestfjarða og þekkingarnet Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum. Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í Rannsókna- og nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði er sú umgjörð sem mun mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.“ Hvergi er minnst á landshlutakjarnann Sauðárkrók. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um gildi og mikilvægi þess að Sauðárkrókur verði skilgreindur sem byggðakjarni í byggðaáætlunum og nýsköpunarstarfi hafa stjórnarliðar í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki verið sinnulitlir um það mikla hagsmunamál. Þessu þarf að breyta. Skilgreina ber Sauðárkrók sem landshlutakjarna.

**Byggðarannsóknir Háskólans á Hólum**

Í texta frumvarpsins er sagt tæpitungulaust að Akureyri myndi kjarna starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Norðurlandi. Er að furða þó iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, verði svarafátt þegar spurt er hvaða starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvarinnar eigi að vera á Sauðárkróki.

Þá vekur furðu að hvergi er minnst á samstarf við Hólaskóla eða annað rannsókna- og þróunarstarf sem er kraftmikið í Skagafirði og ætti í raun að vera ein af meginástæðum fyrir því að Nýsköpunarmiðstöðin verði á Sauðárkróki. Háskólinn á Hólum er jú ein öflugasta byggðarannsóknastofnun landsins.

**Taka þarf af öll tvímæli um staðsetningu**

Sá tvískinnungur sem kemur fram hjá iðnaðarráðherra í málefnum Byggðastofnunar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Norðurlandi er okkur hér í Skagafirði mikið áhyggjuefni.

Kveða þarf afdráttarlaust á um það í lögunum að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði á Sauðárkróki og að Háskólinn á Hólum verði aðalsamstarfsaðili hennar í byggðarannsóknum og ráðgjöf. Þar með verði staðfest að bæði höfuðstöðvarnar og öll þungamiðja starfseminnar á Norðurlandi verði í raun á Sauðárkróki.

Hér með er skorað á þingmenn Norðvesturkjördæmis að fylgja þessum kröfum okkar Vinstri græna í Skagafirði eftir á Alþingi.





Nýir Mercedes Benz eftirársbílar

| | lager | innfluttur í dag | OKKAR VERÐ | mismunur |
|---|---|---|---|---|
| C 200 KOMPR. | 2 ~~3~~ stk. | 4.890.000 | 3.690.000 | 1.200.000 |
| C 240 | 4 ~~5~~ stk. | 5.450.000 | 4.190.000 | 1.260.000 |
| C 240 Wagon | 1 stk. | 5.190.000 | 4.290.000 | 900.000 |
| C 320 | Seldir ~~2 stk.~~ | 6.150.000 | 4.490.000 | 1.660.000 |
| C 200 Coupe | Seldur ~~stk.~~ | 4.190.000 | 2.990.000 | 1.200.000 |

birt með fyrirvara á prentvillum

MASTER

Glæsibæ / Álfheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200 / www.masterbill.is



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.636 **+0,13%** **Fjöldi viðskipta:** 302 **Velta:** 5.129 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | +1,54% | **Bakkavör** | -1,41% |
| **KB banki** | +0,78% | **Landsbankinn** | -0,90% |
| **Flaga** | +0,50% | **Atorka** | -0,86% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,00 +1,54% ... Alfesca 3,75 +0,00%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 48,80 -1,41% ... Dagsbrún 5,10 -0,39% ... FL Group 18,20 -0,55% ... Flaga 3,99 +0,50% ... Glitnir 16,90 -0,59% ... KB banki 773,00 +0,78% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,00 -0,90% ... Marel 70,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 105,00 +0,00%

## MARKAÐSPUNKTAR...

Töluverðar hækkanir voru á ávöxtunarkröfu bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa í gær. Í Vegvísi Landsbankans segir að hækkanirnar megi að einhverju leyti rekja til vaxtahækkana á erlendum skuldabréfamörkuðum.

Kínverski renminbi-gjaldmiðillinn styrktist í gær gagnvart Bandaríkjadollara og náði sínu hæsta gildi í meira en áratug. Kínverski seðlabankinn ákveður daglega gengi renminbis út frá skilgreindri gjaldeyriskörfu og má renminbi síðan sveiflast um 0,3 prósent frá því gildi innan dagsins.

Greining Glitnis telur að Seðlabanki Íslands muni hækka stýrivexti sína um 0,75 prósentustig á fimmtudag en þá er vaxtaákvörðunardagur hjá bankanum. Gangi spáin eftir munu stýrivextir fara í 12,25 prósent.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is






INNKAUPAKORT VISA

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

# Hófleg bjartsýni á ráðstefnu um efnahagslífið

**Framtíð íslensks efnahagslífs var til umræðu á ráðstefnu í gær. Til leiks voru kallaðir íslenskir sem erlendir framámenn í viðskiptalífi auk embættismanna. Niðurstaðan er hófleg bjartsýni.**




**FORSÆTISRÁÐHERRA Á RÁÐSTEFNU ECONOMIST** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt ræðu við upphaf ráðstefnu Economist. Hann segir íslenskt efnahagslíf áfram verða meðal þeirra öflugustu í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Teikn eru á lofti um að það versta sé að baki. Þegar storminn lægir mun íslenskt efnahagslíf áfram verða á meðal þeirra öflugustu og samkeppnishæfustu í heimi,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Hann flutti ávarp við upphaf ráðstefnu viðskiptatímaritsins Economist um íslenskt efnhahagslíf á Hótel Nordica í gærmorgun. Ráðstefnuna sátu rúmlega 120 innlendir og erlendir gestir og hlýddu á erindi fulltrúa viðskiptalífs, stjórnsýslu og umhverfisverndarsamtaka.

Í ræðu sinni áréttaði Halldór að alþjóðastofnanir á borð við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Alþjóðagjaldeysissjóðinn, auk alþjóðlegra matsfyrirtækja líkt og Moody's og Standard & Poor's, gerðu sér grein fyrir góðum horfum hér og benti á að landið væri meðal fremstu þjóða þegar að samkeppnishæfi kæmi. Á ráðstefunni kom svo fram í máli hans að tímabært væri að endurskoða lög sem bönnuðu fjárfestingu í sjávarútvegi.

Ráðstefna Economist var haldin fyrir fólk í stjórnunarstöðum fyrirtækja, stjórnmálamenn og sérfræðinga á sviði efnahagsmála. Tímaritið heldur slíkar ráðstefnur víða um heim, en þetta var í fyrsta sinn sem blaðið stendur fyrir slíkri ráðstefnu hér.

Í umræðuhópi erlendra fjárfesta þar sem fjallað var um stöðu Íslands í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi var nokkur samhljómur. „Mál manna var að Íslendingum væri nauðsynlegt að auka fjölbreytni til þess að jafna út vaxtarsveiflur í efnahagslífinu,“ sagði Neil Prothero, ritstjóri gagnaöflunardeildar Economist, og taldi svigrúm til frekari vaxtar annarra greina en stóriðju, svo sem í lyfjaframleiðslu, banka- og ferðaþjónustu. „Fulltrúar atvinnulífsins eru ekki áhyggjufullir en eru á varðbergi vegna núverandi stöðu íslensks efnahagslífs. Best er að lýsa afstöðu þeirra á þann veg að menn séu hóflega bjartsýnir. Það ríkir skilningur á því að hægja mun á hagvextinum en það verður engin brotlending,” sagði hann einnig.

**olikr@frettabladid.is**

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
1956–2006 vöxtur og velgengni í 50 ár

## Sjóðfélagafundur

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna boðar hér með til sjóðfélagafundar, sem haldinn verður **þriðjudaginn 20. júní nk. kl. 17 á Grand Hóteli,** Sigtúni 38, Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**
Gerð grein fyrir tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á fundinum. Tillaga stjórnar liggur frammi á skrifstofu sjóðsins auk þess sem hægt er að nálgast hana á heimasíðu sjóðsins **www.live.is**.

*Reykjavík 16. maí 2006*
*Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*

**Sími: 580 4000 • Netfang: skrifstofa@live.is**




# Getur reiknað út laun allra Íslendinga

TOK laun er eitt þekktasta launakerfið hér á landi. Menn geta rifist endalaust um launin en kerfið er fyrir löngu búið að sanna sig sem eitt það allra besta. TOK laun getur annast launareikninga í hvaða fyrirtæki sem er og skiptir fjöldi starfsmanna engu máli.

Talaðu við okkur um TOK laun. Hafðu samband við Ax hugbúnaðarhús.

pipar / SIA

TOK ax, hugbúnaðarhús Skeifan 8 • Sími 545 1000 • www.ax.is

**ANDY KAUFMAN (1949-1984) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég hef aldrei í lífi mínu sagt brandara.“*

***Heitustu aðdáendur gamanleikarans Andy Kaufman trúa enn að lát hans hafi einungis verið sviðsbrella og að hann muni snúa aftur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 16. MAÍ 1920

# *Jóhanna af Örk tekin í tölu dýrðlinga*

Þennan dag árið 1920 gerði Benedikt páfi fimmtándi Jóhönnu af Örk að dýrðlingi. Jóhanna var bóndadóttir og fékk fjórtán ára gömul köllun til að fara fram og krýna Karl krónprins Frakka konung í Rúðuborg og sameina Frakkland undir hans stjórn.

Á þessum tíma stóð hundrað ára stríð Frakka og Breta sem hæst og tók Jóhanna virkan þátt í hernaðnum. Hún leiddi franska heri til sigurs við borgina Orléans sem Englendingar sátu um. Allan tímann hélt hún fram að guðleg öfl leiddu hana áfram og réðu ráðleggingum hennar til yfirstjórnar Frakklands. Henni tókst að láta krýna Karl krónprins konung yfir Frakklandi og tók hann nafnið Karl sjöundi.



Skömmu eftir krýninguna í Rúðuborg var Jóhanna tekin höndum af Englendingum og frönskum samstarfsmönnum þeirra. Réttað var yfir henni í fjóra mánuði með þeirri niðurstöðu að Jóhönna væri sek um villutrú. Hún var við brennd á báli aðeins nítján ára gömul.

## MERKISATBURÐIR

1836 Edgar Allan Poe giftist þrettán ára gamalli frænku sinni, Virginíu.

1901 Skip sekkur skammt austur af Heimaey og tuttugu og sjö manns farast.

1942 Fyrsta ríkisstjórn Ólafs Thors tekur við völdum.

1966 Karnabær er opnaður í Reykjavík. Verslunin hefur mikil áhrif á tísku unga fólksins.

1983 Vikublaðið Andrés Önd kemur út á íslensku í fyrsta sinn.

2003 33 látast og hundrað særast í hryðjuverkaárás í marokkósku borginni Casablanca.

2005 Kúvæskar konur hljóta kosningarétt.

## ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS: HLÝTUR EVRÓPSKA VIÐURKENNINGU

# Uppskera þolinmæðinnar

Um helgina varð Þjóðminjasafn Íslands í hópi fjögurra safna sem hlutu viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur frá Evrópuráði safna. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er að vonum í sjöunda himni með uppskeruna. „Við metum þessa viðurkenningu mikils. Hún skiptir máli fyrir Þjóðminjasafnið, safnalíf á Íslandi og þá sem starfa við menningarstarf á Íslandi,“ segir Margrét.

Það er Evrópuráð safna sem veitir viðurkenninguna og sóttust sextíu evrópsk söfn af öllum stærðum og gerðum eftir viðurkenningunni þetta árið. „Evrópuráð safna er stofnun sem metur árangur safna í Evrópu árlega og þarf hvert safn að fara í gegnum tveggja ára matsferli. Hver þjóð tilnefnir safnið og var það Safnaráð Íslands sem tilnefndi Þjóðminjasafnið í tilefni enduropnunar þess árið 2004.“ Matsferlið er viðamikið og kom meðal annars matsnefnd hingað til lands og gerði úttekt á starfsemi safnsins. „Allir þættir safnsins voru metnir, allt frá gæðum sýninga, andrúmslofti í safninu og viðmóti til safngesta til faglegs innrastarfs og rekstrurs. Sérstaklega er þó horft til nýmæla í safnstarfi sem geta verið öðrum söfnum til eftirbreytni og stuðlað að framförum í evrópsku safnastarfi.“

Sérstæða Þjóðminjasafnsins var að mati Evrópuráðsins hversu vel er tekið á móti gestum safnsins. „Talað var um að gott viðmót til gesta og aðgengi fyrir alla væri almennt haft að leiðarljósi við gerð sýninga og skipulagningu safnsins. Við fengum sérstakt hrós fyrir aðgengið og hvernig tekið væri tillit til allra hópa í sýningunum, barna, fjölskyldna, erlenda gesta og svo framvegis.“ Einnig voru metnar sérstaklega tilraunir forsvarsmanna Þjóðminjasafnsins til að tvinna saman fortíðina og nútímann. „Safn á ekki bara að vera spegill fortíðar og sögu heldur líka spegill samtímans. Metnaður okkar er því að hafa áhrif á safngestina okkar og ekki bara segja þeim frá sögunni.“



**MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR ÞJÓÐMINJAVÖRÐUR** Á þeim sex árum sem safnið var lokað almenningi var unnin mikilvæg undirbúningsvinna sem Margrét segir að nú sé verið að verðlauna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segja má að nú sé Þjóðminjasafnið að uppskera ríkulega fyrir þau sex ár sem endurbætur stóðu yfir og safnið var lokað almenningi. „Fólk áttaði sig kannski ekki á því að þegar safnið var lokað stóð yfir mikið uppbyggingartímabil. Verið var að endurskoða alla þætti starfseminnar, sem fleiri hundruð manns komu að. Ef við hefðum ekki tekið okkur þennan tíma hefði bara verið tjaldað til einnar nætur og við ekki fengið þessa viðurkenningu. Nú erum við að uppskera fyrir þolinmæðina og erum fyrir vikið að komast í fremstu röð.“



†

*Elskulegur faðir okkar, bróðir, stjúpfaðir og afi,*

**Jóhannes Víðir Sveinsson**

frá Siglufirði, Austurbergi 18,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 3. maí. Jarðarförin fer fram miðvikudaginn 17. maí kl. 13.00 frá Fossvogskirkju.

**Róbert Logi Jóhannesson**
**Dagný Stefánsdóttir**
**Sæunn Jóhannesdóttir**
**Heiðar Feykir**
**Anna Björk Hjörvar**
**Alexander Feykir Heiðarsson**
**Edda Guðbjörg Sveinsdóttir**
**Arnar Sveinsson**
**Þórhallur Sveinsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Gissur Elíasson**

hljóðfærasmíðameistari, Laufásvegi 18, Reykjavík,

lést á LHS í Fossvogi, að morgni 7. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni Reykjavík þriðjudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Elías Ragnar Gissurarson**
**Vera Snæhólm**
**Þórdís Gissurardóttir**
**Sverrir Þórólfsson**
**Hákon Örn Gissurarson**
**Valdís Kristinsdóttir**
**Hjördís Gissurardóttir**
**Geir Gunnar Geirsson**
**Magnús Þórarinn Gissurarson**
**Anna Ágústa Hauksdóttir**
**Ásdís Gissurardóttir**
**Ragnar Th. Sigurðsson**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sif Áslaug Johnsen**

Hrísmóum 1, (áður Holtagerði 65)

lést föstudaginn 12. maí á Landspítala - háskólasjúkrahúsi Fossvogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Lárus Johnsen Atlason**
**Nanna Guðrún Zoëga**
**Guðmundur Halldór Atlason**
**Atli Helgi Atlason**
**Dóra Elín Atladóttir**
**Birgir G. Bárðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Erla Cortes**

Æsufelli 6, Reykjavík,

sem lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi við Hringbraut að morgni 11. maí, verður jarðsett frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. maí kl. 15.00.

**Gunnar J. Árnason**
**Soffía Karlsdóttir**
**Kristinn H. Árnason**
**Snorri Örn Árnason**
**Ásdís Ásbjörnsdóttir**
**Kristín Björg Cortes**
**Guðrún Cortes**
**og barnabörn.**

## ANDLÁT

**Aðalsteinn Guðjónsson** lést mánudaginn 1. maí. Útför hefur farið fram.

**Ágústa S. Jónsdóttir Rosario**, (Dúva), lést á heimili sínu, 8100 Mona Avenue, Norfolk WA 23518, miðvikudaginn 10. maí. Útför fer fram í Norfolk, Virginu, Bandaríkjunum.

**Bjarnþór Karlsson**, Einimel 19, Reykjavík, lést laugardaginn 13. maí.

**Erla Cortes**, Æsufelli 6, Reykjavík, lést á Landspítalanum að morgni fimmtudagsins 11. maí.

**Guðrún Ólöf Þór**, Kópavogsbraut 4, er látin.

**Gunnar Sigurðsson**, Kleppsvegi 94, Reykjavík, lést miðvikudaginn 10. maí.

**Hrefna Bergmann Einarsdóttir**, Bústaðavegi 83, lést á Landspítala Fossvogi föstudaginn 12. maí.

**Íva Bjarnadóttir**, Sóltúni 2, Reykjavík, lést á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut sunnudaginn 14. maí.

**Jóhann Sigurðsson**, Kórsölum 5, Kópavogi, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 1. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

**Kristján S. Júlíusson**, Barðastöðum 7, Reykjavík, lést á Landspítalanum föstudaginn 12. maí.

**Marilyn Hollander Solvason** lést á heimili sínu í Howell, New Jersey, Bandaríkjunum, miðvikudaginn 3. maí. Útför hefur farið fram.

**Tómas Tómasson**, Hjaltabakka 8, Reykjavík, lést á heimili sínu fimmtudaginn 11. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Sigrún Eiríksdóttir**, Eiríksgötu 2, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

13.00 **Gissur Elíasson** hljóðfærameistari, Laufásvegi 18, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Kristín Bæringsdóttir** fyrrum húsfreyja á Tilraunastöðinni að Keldum verður jarðsungin frá Lágafellskirkju.

13.00 **Ólafur Þórðar Friðriksson Hjartar** verður jarðsunginn frá Seljakirkju.

13.00 **Sædís Sigurbjörg Karlsdóttir** frá Bóndastöðum, Hjaltastaðaþinghá, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

14.00 **John Joseph Cramer**, Hæðargötu 10, Njarðvík, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

15.00 **Bára Björnsdóttir**, Hraunhvammi 4, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Íva Bjarnadóttir**

Sóltúni 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 14. maí á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

**Dóra Kristín Halldórsdóttir**
**Kristján Þórðarson**
**Gyða Halldórsdóttir**
**Guðjón Reynir Jóhannesson**
**Viðar Halldórsson**
**Ragna Bogadóttir**
**Edda Magndís Halldórsdóttir**
**Kristinn Jóhann Sigurðsson**
**Björn Halldórsson**
**Kristín Bjarnadóttir**
**Sigrún Guðnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sædís Sigurbjörg Karlsdóttir**

frá Bóndastöðum, Hjaltastaðaþinghá,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju í dag kl. 13.00.

**Hörður Rögnvaldsson**
**Margrét Elísabet Harðardóttir**
**Andrés Þórarinsson**
**Ingibjörg Harðardóttir**
**Ólafur Tryggvi Mathiesen**
**Katrín Rögn Harðardóttir**
**Jón Þór Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Sófa dagar

# 15-60% afsláttur

## Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 20. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FLÓTTINN ER BARA BYRJUNIN

Prison Break í kvöld kl. 21:35





# STUÐ MILLI STRÍÐA Hugsað fram í tímann

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** HRINGSÓLAÐI Á BÍLASTÆÐI.



Stundum hugsa ég ekki fram í tímann og geri alls kyns vitleysu sem ég hefði getað forðað mér frá, hefði ég hugsað. Ég þurfti til dæmis í gær að fara í hús í nágrenni við vinnustað minn og fór að sjálfsögðu á bílnum. Blíðskaparviðri var þennan dag og hefði ég auðveldlega getað labbað þennan stutta spotta. Mér leið pínulítið eins og einhverjum brjálæðingi þar sem ég fylgdist grannt með ferðum fólks út úr húsinu til þess eins að geta elt það og tekið af því stæðið. Ég var ekki ein um þessa iðju, heldur vorum við nokkur sem keyrðum hring eftir hring, með hálfgerðan brjálæðisglampa í augnum. Á einum tímapunkti datt mér reyndar í hug að fara aftir í vinnuna, leggja bílnum þar og labba svo. Því miður leyfði tíminn ekki slíkt. Að lokum fann ég rétta fórnarlambið, mann með bíllykla og verslunarpoka í hönd. Hann hlaut að vera að fara í bílinn sinn. Ég fór í hálfgert kapp við annan bíl, en varð fyrri til og náði stæðinu sigri hrósandi.

Bílastæðavandi er óvenjumikill hér á höfuðborgarsvæðinu. Það eru greinilega fleiri en ég sem gleyma að hugsa fram í tímann. Ég man aldrei eftir neinum almennilegum umræðum um það hvernig eigi að leysa öll bílastæðavandamál framtíðarinnar, nema þá kannski næstu tvö árin eða svo. Reglulega stekkur fram umræðan um almenningssamgöngur og máttlausar tilraunir gerðar til að reyna að fá fólk í strætó. Hátt bensínverð hefur ekki rekið fólk í strætó og eflaust munu ókeypis strætómiðar ekki gera það heldur. Borgin okkar er heldur ekki skipulögð þannig að almenningssamgöngur geti nýst fólki að neinu viti, nema þá kannski neðanjarðarlestir verði teknar í notkun. Auðvitað væri best að geta bakkað aftur í tímann og lagt af stað með nýt og skynsamlegt plan. Því miður leyfir tíminn ekki slíkt. Við gætum þó hins vegar lært af reynslunni og reynt að hugsa lengra en nef okkar nær.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

**!** **Kl. 17.00**
*Norðurlandahraðlestin í Borgarleikhúsinu. Leikarar hússins og útskriftarhópur leiklistardeildar Listaháskóla Íslands leiklesa verk sem tilnefnd eru til Norrænu leiklistarverðlaunanna. Flutt verða verk eftir Jon Fosse og Mathias Anderson í leikstjórn Guðjóns Pedersens og Péturs Einarssonar. Aðgangur er ókeypis.*

# menning
menning@frettabladid.is

**> Ekki missa af…**



Litlu hryllingsbúðinni í Íslensku óperunni, söngleikurinn um blóðþorsta og bíræfni jurtaríkisins er dágóð fjölskylduskemmtun.

nýjasta hefti Tímarits máls og menningar. Metnaðarfullt menningarefni, fullt af ljóðum og uppbyggileg fræði í bland.

Miðbænum í myndum, ljósmyndasýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði. Þróun borgarmyndarinnar síðustu hundrað árin og eftirminnilegar mannlífsmyndir.



**BRÚÐURNAR LIFNA VIÐ** Umbreyting er ljóðræn brúðuleikhússýning fyrir fullorðna.

# Ljóðrænt listaverk án orða

**Sögurnar sem brúður Bernd Ogrodnik segja í verkinu Umbreyting - ljóð á hreyfingu hræra strengi í hjörtum áhorfenda. Einfaldleikinn og ímyndunaraflið vinna saman í orðlausu listaverki.**

Bernd er fæddur í Þýskalandi en hefur verið búsettur á Íslandi í allmörg ár. Hann er menntaður á sviði sígildrar tónlistar og tréskurðarlistar og hefur einnig fengist við myndskreytingar barnabóka og hreyfilist. Hann er af mörgum álitinn meðal færustu brúðugerðarmanna í heimi og mikill fengur fyrir íslenskt leikhús- og menningarlíf, sem hefur notið sköpunarkrafta hans með margvíslegum hætti.

Sýningin í Þjóðleikhúsinu á sér langan aðdraganda og hefur átt hug og hjarta brúðugerðarmannsins í rúmt ár. Hann hefur töluvert fengist við að skrifa sjálfur en áhorfendur kannast ef til vill við brúðurnar hans sem stigu á svið í leikritinu Klaufar og kóngsdætur fyrr í vetur og eins hefur hann komið að sýningum á Ronju ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu og Litlu hryllingsbúðinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann lýsir Umbreytingu sem vinjettusýningu en í henni eru sagðar rúmlega tólf sögur sem allar fjalla á einn eða annan hátt um umbreytingu. Brúðurnar tjá þessar sögur á sinn hátt með hjálp skapara síns, lýsa léttvægum og hversdagslegum aðstæðum en kafa um leið í djúp mannssálarinnar. Sýningin er án orða en í senn ljóðræn og heimspekileg.

Í sýningunni eru strengjabrúður, stafabrúður og japanskar bunraku-brúður, en sumar þeirra eru eins einfaldar og grímuklæddar slæður sem þó lifna við í höndum Bernds. Persónurnar sjálfar koma úr öllum áttum, sögurnar bera heiti eins og „Móðir jörð“ og „Vika í lífi Einars Einarssonar“. Umbreytingarþemað birtist til dæmis í vísunum til sköpunar, fæðingar og dauða, eins og í sögunni „Síðasti dansinn“ sem fjallar um brúðu sem er að deyja. Bernd segir að vinnuferlið og tilurð sagnanna séu mismunandi. „Yfirleitt koma brúðurnar til mín, ég fæ mynd af þeim í höfuðið og svo smíða ég þær. Ég held áfram að vinna með þær og þá verður sagan til.“ Umbreytingarþemað er einnig til staðar í leikmununum, sem Bernd hannar sjálfur, en auk þess semur hann tónlistina og stendur einn á sviðinu. „En með fullt af brúðum,“ bætir hann við hlæjandi. Leikstjóri sýningarinnar er Ágústa Skúladóttir, um búninga sér Þórunn E. Sveinsdóttir og Páll Ragnarsson lýsir en Frosti Friðriksson smíðaði leikmyndina.

Sýningin er ætluð fullorðnum og Bernd segir hana ekki ætlaða yngstu áhorfendunum enda tali maður allt öðruvísi við börn en fullorðna. „Maður getur talað um sama efni en maður talar öðruvísi. Ég hef sýnt sumar sögurnar áður fyrir börn en á allt annan hátt.“ Bernd segir að börn frá sex ára aldri geti notið sýningarinnar en mikilvægt sé að þau séu í fylgd með fullorðnum.

Bernd útskýrir að list hans sé fremur lífsstíll en vinna. „Maður gefur allt, hjartað og sálin fer í sköpunina. Maður gerir allt og leggur sig fram og vonar síðan að fólk taki vel á móti því. Þetta er krefjandi bæði líkamlega og andlega en þetta er lífið mitt. Ég hef unnið við kvikmyndir og í sjónvarpi en ég elska leikhúsið. Þetta samband við áhorfendurna, orkan sem verður til milli áhorfandans og leikarans, hún er mér svo mikilvæg. Þetta getur verið erfitt en þetta er um leið það skemmtilegasta sem ég geri.“



**BERND OGRODNIK SMÍÐAR OG SEMUR, LEIKUR OG SPILAR** „Maður gefur allt, hjartað og sálin fer í sköpunina.“

**kristrun@frettabladid.is**


**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**Le Sing**

**Syngjandi þjónar**
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga



Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**
**Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar**

LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 21. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 25/5, 7. sýn. fös. 26/5, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5. **Aðeins þessar sýningar í vor.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Mið. 17/5 örfá sæti laus , fim. 18/5 , fös. 19/5 nokkur sæti laus, lau. 20/5, sun. 21/5. **Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!

Lau. 20/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 21/5 kl. 13:00 og 15:00. **Aðeins þessar sýningar. Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Jassklúbburinn Múlinn. You gotta pay the band.** Mið. 17/5 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14 UPPS.
Su 28/5 kl. 14 SÍÐ. SÝN. Í VOR

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö19/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Forsýningar miðaverð 1.500
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 Lau 3/6 kl. 20

**LEIKLESTRAR**
Norðurlandahraðlestin-sviðsettir leiklestrar.
Í dag kl. 17
Noregur: Svefn e. Jon Fosse
Svíþjóð: Kynlíf, eiturlyf og ofbeldi e. Mathias Andersson
Mi 17/5 kl. 17
Finnland: Rauðir úlfar e. Kari Hotakainen
Danmörk: Aska Gosa e. Jokum Rohde
Allir velkomnir-Ókeypis aðgangur

**MARLENE DIETRICH-Íd**
Í kvöld kl. 20 Mi 17/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR

**BELGÍSKA KONGÓ**
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

**NAGLINN**
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

**TENÓRINN**
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

**HLÁTURHÁTIÐ**
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




# Alþýðulist í ýmsum myndum

Í Gerðubergi stendur yfir sýning þriggja alþýðulistamanna en einn þeirra, listamaðurinn og skrúðgarðyrkjumeistarinn Guðjón Stefán Kristinsson, sýnir þar forláta vegghleðslu sem hann gerði sérstaklega fyrir sýninguna. Guðjón Stefán er landskunnur fyrir vegghleðslur sínar, sem yfirleitt eru úr grjóti og torfi, en hleðslan sem prýðir lóð Gerðubergs er hlaðin úr grjóti og gleri.

„Ég er að gera tilraunir með þetta og sýna þannig samspil skugga og birtunnar í glerinu. Glerið framkallar alveg magnaða birtu, eins og ef við myndum hlaða vegg og hluti hans væri glerstykki yrði það eins og að horfa ofan í hafið, birtan sem myndast er eins og þegar sólin brýtur hafflötinn og grjótið sem snertir jaðra glersins býr líka yfir dálitlu dulmagni.“ Guðjón kveðst vera með hugmynd um miklu stærri og magnaðri skúlptúr í huganum sem kannski komist á teikniborðið. Inni í safninu sýnir hann voldugar andlitsmyndir höggnar í rekavið. „Ég hegg líka í stein, grágrýti og gabbró, ef tíminn leyfir hegg ég í fleira og geri meira en þetta er nú bara svona í hjáverkum eftir vinnuna á kvöldin,“ segir listamaðurinn.

Í Bogasal Gerðubergs sýnir Ketill Larsen málverk og kallar sýningu sína „Andblæ frá öðrum heimi“ en málarinn Jón Ólafsson sýnir portrettmyndir í salarkynnum safnsins undir yfirskriftinni „Kvunndagsfólk.“ Sýningarnar standa til 10. september. - khh


**GUÐJÓN STEFÁN KRISTINSSON** Hleður birtu og skuggum í skúlptúrvegg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTABLAÐIÐ Landsbankinn

LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTT

STEFNUMÓT VIÐ LE

MIKH

GORBA

MIÐASALA HEFST

HÁSKÓLABÍÓI 12. OKTÓBE

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST Í DAG ÞRIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

13 14 15 **16** 17 18 19

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Léttsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í **Langholtskirkju**. Stjórnandi **Jóhanna V. Þórhallsdóttir**.

### LEIKLIST

☐ 20.30 **Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri** sýnir leikritið **Fyrir luktum** dyrum eftir **Jean-Paul Sartre** í samvinnu við **Leikklúbbinn Sögu** í **Deiglunni** á Akureyri. Leikstjóri **Skúli Gautason**.

### SÝNINGAR

☐ 15.00 Uppákomur og listamannaspjall í **menningarmiðstöðinni** í **Skaftfelli**. Listafólkið **Amalia Pica**, **Geirþrúður Hjörvar**, **Tine Meltzer**, **Mieke van de Voort** og **Ryan Parteka** kynna list sína.

### LISTAHÁTÍÐ

☐ 17.00 **Norðurlandahraðlestin** í **Borgarleikhúsinu**. Leiklestur á verkum sem tilnefnd eru til **Norrænu leiklistarverðlaunanna**.

☐ 20.00 **Við erum öll Marlene Dietrich FOR**, **Íslenski dansflokkurinn** sýnir verk eftir **Ernu Ómarsdóttur** og **Emil Hrvatin**.

☐ 20.00 Útvarpsþátturinn **A Prairie Home Companion** verður tekinn upp í **Þjóðleikhúsinu**.

### LJÓÐAKVÖLD

☐ 20.00 **Skáldspírukvöld** í **Iðuhúsinu** við **Lækjargötu** á vegum **Lafleur útgáfunnar**. Gestur kvöldins er **Emil Hjörvar Petersen** sem les úr eigin verkum.

# Lögreglumenn á faraldsfæti

Lögreglukór Reykjavíkur heldur vortónleika í Grafarvogskirkju á miðvikudagskvöldið og hitar upp fyrir söngferðalag sem kórinn stefnir að í austurvegi. Kórinn fær góða gesti til liðsiðsinnis á tónleikunum og munu Raggi Bjarna, Jónsi og Jóhann Friðgeir Valdimarsson meðal annars troða upp með piltunum.

Kynnir verður Felix Bergsson en meðleikarar þau Pálmi Sigurhjartarson, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Gunnar Hrafnsson og bræðurnir Iouri og Vadim Fedorov. Stjórnandi Lögreglukórsins er Guðlaugur Viktorsson.

Söngferðin er farin í tilefni af sjötíu ára starfsafmæli kórsins og munu félagarnir taka þátt í norrænni tónlistarhátíð í St. Pétursborg og sækja heim Dom Kultura, félagsheimili lögreglunnar þar í borg. Einnig er fyrirhugað að kórinn komi fram í rússneska sjónvarpinu. Síðan er förinni heitið til Tallinn í Eistlandi þar sem kórinn tekur þátt í norrænu-baltnesku karlakóramóti.

Tónleikarnir í Grafarvogskirkju hefjast kl. 20. - khh



**LÖGREGLUKÓRINN SETUR STEFNUNA Í AUSTUR** Fær frábæra gesti á vortónleikum í Grafarvogskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

# Leysir Ágústu Evu af hólmi



**HÖSKULDUR ÓLAFSSON** Fyrrverandi rappari úr Quarashi hefur tekið við söngvarastöðunni í hljómsveitinni Ske.

„Við erum þessa dagana að semja fullt af lögum og fólk mun heyra frá okkur í sumar," segir Guðmundur Steingrímsson, hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Ske. Mannabreytingar hafa orðið hjá sveitinni því nýverið gekk söngvarinn Höskuldur Ólafsson til liðs við hana. Höskuldur gerði garðinn frægan með rappsveitinni Quarashi fyrir nokkrum árum en hefur lítið haft sig í frammi á tónlistarsviðinu síðustu ár.

„Hann kemur með ferska strauma inn í bandið, Höskuldur er bæði góður melódíusmiður og afbragðs söngvari," segir Guðmundur, sem þvertekur fyrir að nýi maðurinn hafi reynt að pranga rappáhrifum upp á sveitina: „Nei, enda er rappið búið. Höskuldur er bara brillíant söngvari."

Guðmundur segir þá félaga hafa æft stíft að undanförnu en ekki enn bókað sig á tónleika í sumar. Hann býst við því að hljómsveitin reyni að taka upp nýtt efni með haustinu. „Það er nýr tónn í þessum lögum en við höldum samt okkar helstu höfundareinkennum. Það er aðeins öðruvísi handbragð á þessu núna."

Tvær þekktar söngkonur hafa sungið með Ske, fyrst Ragnheiður Gröndal en nú síðast Ágústa Eva Erlendsdóttir. Hún hefur aftur á móti verið upptekin í hlutverki Silvíu Nætur undanfarið og Guðmundur segist lítið vita um afdrif hennar. „Ágústa er horfin af yfirborði jarðar, hún hefur breyst í aðra manneskju. Ég veit ekki hversu langt það ferðalag verður þannig að eins og staðan er í dag leggjum við bara upp með Hössa sem söngvara."

Ske hefur líka fengið nýjan trommara. Sá er frá Liverpool og heitir Paul Maguire. Hann hefur helst unnið sér það til frægðar að vera trommari hljómsveitarinnar The La's sem átti smellinn There She Goes á níunda áratugnum auk þess sem hann lék um tíma með Echo and the Bunnymen. „Hann er mágur Björns Jörundar og er fastur í þeirri glötuðu vinnu að byggja Hringbrautina en fær útrás á trommunum með okkur. Hann er flottur stílisti á trommurnar og kemur með afbragðs Liverpool-hreim inn í bandið."

# Björk gefur út safn

Nýtt safnbox með Björk Guðmundsdóttur kemur út 27. júní. Nefnist það Surrounded og hefur að geyma allar þær sjö sólóplötur sem Björk hefur gefið út í Bretlandi. Allar plöturnar eru í endurhljóðblandaðri útgáfu.

Á hinni hlið hverrar plötu er síðan DVD-mynddiskur með myndböndum við lögin.



**BJÖRK** Söngkonan Björk Guðmundsdóttir gefur út safnbox hinn 27. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


ÚTGÁFA SKULDABRÉFA KAUPÞINGS BANKA HF. VEGNA „COVERED BOND PROGRAMME" SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, hefur gefið út skuldabréf í samræmi við lýsingu „Covered Bond Programme" sem Kauphöll Íslands hf. hefur yfirfarið og staðfest að uppfylli kröfur laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 sem breytt var með lögum nr. 31/2005 (e. Directive 2003/71/EC) og gert aðgengilegt almenningi frá og með 16. maí 2006.

**Útgefandi hefur gefið út og selt eftirfarandi skuldabréfaflokka:**

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 19.000.000.000 var gefinn út þann 30. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. KAUP CB1 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands hf. þann 16. maí 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitöluna í mars 2006, 252,3 stig, sem gildir til verðtryggingar í apríl 2006. Skuldabréfin bera 3,75% vexti og endurgreiðast með jafngreiðslu skilmálum á 109 gjalddögum vaxta, verðbóta og höfuðstóls á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 10. júlí 2006. Skuldabréfin eru verðlögð í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. án áfallinna vaxta og verðtryggingar (clean price).

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 29.068.676.100 var gefinn út þann 30. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. KAUP CB2 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands hf. þann 16. maí 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitöluna í mars 2006, 252,3 stig, sem gildir til verðtryggingar í apríl 2006. Skuldabréfin bera 3,75% vexti og endurgreiðast með jafngreiðslu skilmálum á 169 gjalddögum vaxta, verðbóta og höfuðstóls á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 10. júlí 2006. Skuldabréfin eru verðlögð í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. án áfallinna vaxta og verðtryggingar (clean price).

Lýsinguna er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, milli kl. 9:00 til 16:00 á virkum dögum og á vefsetri Kauphallar Íslands hf. www.icex.is og á vefsetri Kaupþings banka hf. www.kbbanki.is.

Reykjavík 16. maí 2006.

KB BANKI


# Skak fyrir grískt sjónvarp

**Silvía Nótt undirstrikaði að hún er ekki barnastjarna þegar hún mætti á súluprýdda næturklúbbinn Salon Oriental í helsta skemmtanahverfi Aþenuborgar í fyrrakvöld. Silvía var í stuttum kjól, sokkaböndum og á háum hælum. Hún baðaði sig í kastljósi fjölmiðla þar sem hún lá með sígarettu í munnvikinu uppi í rúmi sem beið hennar á næturklúbbnum.**



**SILVÍA SLÆR Í GEGN** Fáir keppendur hafa fengið jafn mikla athygli og Silvía Nótt en ljósmyndarar fylgja henni hvert fótmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Förum að dansa," hrópaði hún til Rómaríós við komuna á staðinn. Örfáum mínútum fyrr kom hún akandi í Ferrari-sportreið, hundelt af ljósmyndurum og kvikmyndatökumönnum. Hún lét það ekki á sig fá og fór rakleitt niður stigann í klúbbinn með vininum Peppe auk Rómaríós. Hún sagði við Fréttablaðið á leiðinni niður stigann að Eurovision væri hörkupúl enda kom í ljós að koman á skemmtistaðinn var í þeim tilgangi að leyfa grísku sjónvarpsstöðunni Antenna 1 að mynda hana.

„Undirbúningurinn hefur verið erfiður, mjög erfiður, skilurðu. En ég er Silvía, þú veist, og ég vil vera með fólkinu mínu og vera góð við það," sagði stjarnan. Skerandi hávaðinn mætti henni, en sigurlag Helenu Paparizu úr Eurovison í fyrra, My Number One, var á fóninum. Silvía fór rakleitt að rúmi í enda skemmtistaðarins. Þar lá hún með Rómaríó og Peppe um stund, hoppaði um og skemmti sér. Hún stóð síðan upp, gekk að plötusnúðinum og heimtaði að fá lagið sitt leikið. Það gekk ekki eftir.

Peppe sagði á skemmtistaðnum að hann ætti alltaf auka orku í djammið. „Ég veit ekkert af hverju ég er í þessu partíi, kannski af því að ég elska lífið og mig langar að vera þar sem fólkið er." Hann sagðist þó vonast til að hitta stelpur. „Það er ekki erfitt að krækja í mig."



**SILVÍA Í MIKLU STUÐI** Silvía skekur sig fyrir vinsælasta sjónvarpsþáttinn á grísku einkareknu stöðinni Antenna 1. Hann er sýndur að degi til og hefur ríflega fjörutíu prósenta áhorf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Atriðið var sýnt síðdegis í gær á grísku sjónvarpsstöðinni Antenna 1. Þáttastjórnandinn vildi kynna Silvíu fyrir grísku þjóðinni, en hún hefur vakið athygli hér í Eurovision, aðallega eftir að móðga Grikki á fyrstu æfinunni í O.A.K.A. höllinni. Grikkirnir töldu að hún hefði sagt þeim að fara til fjandans, þegar hún sagði það við einn sviðsmanninn. „En hún baðst afsökunar og það er gott," sagði Athanasios Klonopoulos, sem sá um Silvíu á skemmtistaðnum. Silvía Nótt fær mestu umfjöllun gríska fjölmiðla fyrir utan Önnu Vissi, gríska keppandann, og var í fjölda útvarpsviðtala í borginni í gær. Hún kom einnig fram í sjónvarpsviðtölum, þar á meðal á bresku stöðinni Channel Four en þar söng hún lagið sitt án undirleiks.

gag@frettabladid.is



**UMKRINGD AÐDÁENDUM** Silvía lætur sér fátt fyrir brjósti brenna en hefur heillað marga Grikkina upp úr skónum. Á Salon Oriental fékk hún mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# SUMARTILBOÐ!
## 25-30% AFSLÁTTUR!

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR
### með BORÐPLÖTUM úr ekta marmara og granít

NÝTT!



| | | |
|---|---|---|
| East White | Imberial Brown | Moca Crema |
| Black Absalute | Blue Pearl | Black Galaxy |

HVÍTTUÐ EIK stærðir frá 60 -120 sm



HLYNUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm



HNOTA á MDF stærðir frá 60 -120 sm



HVÍTUR FULNINGUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm



KIRSUBERfulningur stærðir frá 60 -120 sm

Seljum nokkrar sýningarinnréttingar á ótrúlegu verði!
Fyrstur kemur fyrstur fær!

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 -15**




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | kl. 6, 9 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 6 |
| CRY WOLF | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 4, 6 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| PRIME | kl. 8 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BANDIDAS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 10 ÁRA |
| CRY WOLF | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.45 og 8 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| CRY WOLF | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU | kl. 6 |
| INSIDE MAN | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Kylie Minogue** er nú komin aftur í sviðsljósið eftir að hafa haft hægt um sig síðan hún greindist með brjóstakrabbamein á síðasta ári. Þessi ástralski söngfugl segist vera búin að jafna sig eftir geislameðferðina og vera nú þegar byrjuð að leggja drög að nýrri plötu og vinnur að henni í London. Minogue vill koma lífi sínu aftur á venjulegt ról sem fyrst og eyða tímanum með kærasta sínum, franska leikaranum Olivier Martinez.



Leikkonan og fegurðardísin **Halle Berry** kom móður sinni ærlega á óvart á mæðradaginn. Ekki lét hún blóm eða konfekt duga eins og siður þykir heldur keypti hún heilt hús handa mömmu sinni. Judith, móðir Berry, er bresk og er samband mæðgnanna mjög náið. Berry vildi því flytja hana frá Bretlandi til Los Angeles og er húsið sem hún keypti í sömu götu og hún býr í.



Fína kryddið **Victoria Beckham** hefur látið hafa það eftir sér að Kate Moss sé tískugoðið hennar. Victoria segir að henni þyki Moss alltaf líta vel út og hún sé með puttana á púlsinum hvað varðar tísku. Victoria er sjálf mikið gúrú í þessum málum og hefur verið að hanna sína eigin gallabuxnalínu fyrir bandaríska merkið Rock and Republic. Hún og Moss eiga það sameiginlegt að hafa báðar sýnt föt fyrir hönnuðinn Roberto Cavalli.



Félagar í Ferðafélagi Íslands gengu upp á tind Vífilsfells í vikunni en eru hvergi hættir.

# Gengið á fjöll við fyrsta hanagal

Ferðafélag Íslands býður upp á morgungöngur við fyrsta hanagal þessa vikuna. Áætlað er að ganga á fimm fjöll í nágrenni höfuðborgarinnar á fimm dögum og það klukkan sex á morgnana. Göngurnar taka ekki meira en þrjá tíma þannig að þeir sem eiga að mæta í vinnu um níuleytið mæta ferskir og frjóir á sína vinnustaði eftir erfiðið. Í gær gengu 22 manns í einmuna veðurblíðu á Helgafell fyrir ofan Hafnarfjörð. Í dag var gengið á Vífilsfell, á morgun eru það Móskarðshnúkar, á fimmtudag verður gengið á Grímannsfell og á föstudag verður endað á Keili. Lagt er af stað frá skrifstofu Ferðafélagsins í Mörkinni 6 á slaginu 6 og eru allir velkomnir með. Fólk er hvatt til að taka með sér nesti og góðan útbúnað. Sögumenn mæta í hverja ferð og léttar teygjur eru teknar í upphafi ferðar. Þátttaka er ókeypis í þessum ferðum svo það er bara að stilla vekjaraklukkuna á 5.45.


Eurovision í upplausn

**HITACHI** 42PD7200 býður upp á mestu upplausn í 42” plasma sjónvarpi í dag

- Upplausn 1024 x 1024 punktar. Yfir 1000 línur!
- 68,6 milljarðar lita. Nýr 1024 punkta myndkubbur gerir myndina ótrúlega skarpa og góða.
- Allar tengingar til staðar sem hægt er að hugsa sér fyrir sjónvarp.
- Uppfyllir öll skilyrði til að vera HD ready og gott betur.
- Snúningsfótur með rafmótor. Glæsileg hönnun.
- www.raunveruleikasjonvarp.is



pipar / SÍA

Ef það á að vera stórt – þá er það HITACHI

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Hátækni

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Metnaður, gæði og árangur.

Allar upplýsingar í síma **525 4386** og á **www.hi.is**. Umsóknarfrestur er til 6. júní.




# Skítapakk að borða

## LEIKLIST

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Fagnaður**

**Höfundur:** Harold Pinter/**Þýðing:** Elísabet Snorradóttir.

**Leikarar:** Hjálmar Hjálmarsson/ Guðrún S. Gísladóttir/Ólafur Darri Ólafsson/Edda Arnljótsdóttir/Jón Páll Eyjólfsson/Nanna Kristín Magnúsdóttir/Kristján Franklín Magnús/Margrét Kaaber/Ólafur Egill Egilsson.

**Hljóðmynd:** Sigurður Bjóla/**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson/ **Búningar:** Rannveig Gylfadóttir/**Leikmynd:** Börkur Jónsson/**Leikstjóri:** Stefán Jónsson.

**Niðurstaða:** Í heildina má segja að þetta sé fremur slappt verk frá Pinters hálfu og uppfærsluna skortir fókus. Það er ekki nokkur leið að sjá hvað leikstjórinn vildi segja með henni.



Fagnaður gerist á veitingahúsi, þar sem hjónin Lambert (Hjálmar Hjálmarsson) og Julie (Guðrún Gísladóttir) halda upp á brúðkaupsafmæli sitt ásamt hjónunum Prue (Edda Arnljótsdóttir), sem er systir Julie, og Matt (Ólafur Darri Ólafsson), sem er bróðir Lamberts. Á næsta borði sitja hjónin Russell (Jón Páll Eyjólfsson) og Suki (Nanna Krisín Magnúsdóttir). Við sögu koma einnig tveir þjónar (Margrét Kaaber og Ólafur Egill Egilsson), ásamt eiganda staðarins, Richard (Kristján Franklín Magnús).

Sjónarhornið beinist til skiptis að borðunum tveimur; ýmist samræðum gestanna eða stússi þjónanna í kringum þau. Allir hafa eitthvað að segja, allir vilja halda athyglinni, en enginn fær að ljúka frásögn sem hann byrjar á; það er oftast gripið framí. Eina fólkið sem ekki er truflað í frásögn eru þjónarnir, einkum vegna þess að frásögn þeirra er svo framandi að gestirnir verða klumsa.

Þetta er allt gott og vel, en það verður að segjast eins og er að Fagnaður verður seint talið meðal bestu verka Pinters. Til þess eru minningabrot og frásagnir gestanna of eintóna. Það er ljóst að þarna er á ferðinni skítapakk, sem hvergi grillir í mennska taug hjá.

Björtu hliðarnar á verkinu eru þjónarnir og veitingahússeigandinn. Þjónustustúlkan Sonia, yfirþjónninn sem talar stanslaust um afa sinn sem þekkti öll andans mikilmenni heimsins á sinni tíð (og annarra) og veitingahússeigandinn sem fylgist með öllu saman, óskaplega fágaður og lætur sér hvergi bregða. Hann á allt undir því komið að svona hyski komi aftur á staðinn hans til þess að spreða peningum.

Hvað uppfærslu Þjóðleikhússins varðar, þá eru leikmynd og lýsing bráðskemmtileg. Veitingahúsið er eins ópersónulegt og tilgerðarlegt og hugsast getur, þótt það eigi sér fyrirmynd í hlýlegri sveitakrá að því er veitingahússeigandinn segir. Það var eiginlega fyndnasta atriðið í sýningunni og afhjúpar þann smekklausa veikleika okkar að vá-a opinmynnt yfir því þegar veitingamenn telja okkur trú um að hönnunin á þeirra veitingahúsi sé alveg spes, afþví að... og snobba svo fyrir því. Á sama hátt voru þau Kristján Franklín, Margrét Kaaber og Ólafur Egill mjög svo skemmtileg í sínum hlutverkum. Það var alveg á hreinu að starfsfólkið vissi að það var að hafa gestina að fíflum.

Hvað gestina sex varðar, þá var lögnin á þeim einfaldlega of ýkt og tilgerðarleg til þess að einhver dulin merking kæmist til skila. Þeir voru of ruddalegir og háværir, of blankir á smekkvísi og það var undirstrikað í búningum þeirra. Þetta var svo þreytandi að helsta fagnaðarefni kvöldsins var að sýningin skyldi ekki taka nema eina klukkustund.

Súsanna Svavarsdóttir

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan og Íslandsvinkonan **Pink** var aðeins tíu ára þegar hún byrjaði að reykja marijúana og aðeins níu ára þegar hún varð háð sígarettum. Þetta kom fram í viðtali við blaðið Glamour og segist hún hafa byrjað að misnota eiturlyf eftir skilnað foreldra sinna. Þetta villta partíljón segir að tímabilið milli tólf og fimmtán ára aldurs hafi verið sem rússíbanaferð og eftir að hafa verið nær dauða en lífi um þakkargjörðarhelgi ákvað hún að breyta um lífstíl.



Bandaríska tímaritið Autograph Collectors Magazine hefur kosið bestu og verstu eiginhandaráritun stjarnanna. Annað árið í röð hafði leikarinn **Johnny Depp** vinninginn og hin fallega leikkona **Cameron Diaz** átti verstu áritunina. Samkvæmt blaðinu er þetta ekki spurning um góða rithönd heldur er það hvernig þau koma fram við aðdáendur sína og hversu dugleg þau eru að skrifa nafn sitt á blað. Með Depp í hópi þeirra bestu voru **George Clooney**, **Matt Damon** og **Angelina Jolie** en í hópi þeirra verri voru meðal annars **Bruce Willis** og **Demi Moore**. Þetta er árleg kosning hjá blaðinu og í fyrra var það **Russell Crowe** sem trónaði á toppi þeirra verstu en hann hefur einmitt verið ásakaður um að lemja ljósmyndara og dónalegt orðbragð við aðdáendur sína.




Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING

Ertu á aldrinum 12-16 ára?*

Dagana 12.-16. júní býðst þér að setjast á skólabekk í Háskóla Íslands og taka þátt í umræðum, tilraunum, vettvangsferðum og heilabrotum um flest milli himins og jarðar.

Hvað vekur áhuga þinn? Viltu vita meira? Skráning í Háskóla unga fólksins er hafin. Líttu inn á www.ung.is og skoðaðu þig um.

*Háskóli unga fólksins er opinn unglingum fæddum á árunum 1990 - 1994.

HÁSKÓLIUNGAFÓLKSINS



## Slegist um miðana

Forsala á leik Íslands og Svíþjóðar í umspili fyrir HM 2007 sem fram fer í Laugardalshöll 17. júní fer vel af stað og með álíka framhaldi verður uppselt á leikinn fyrir mánaðamót. Hægt er að kaupa miða á midi.is og icelandair.is. Einnig býður Icelandair upp á hópferðir á leikinn í Stokkhólmi 11. júní en 500 miðar fara til Íslands. 16 þúsund manns verða á leiknum.

**sport**

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAMAÐURINN HELGI MÁR MAGNÚSSON: HEFUR LOKIÐ NÁMI Í BANDARÍKJUNUM

# Stefnir á atvinnumennsku í Evrópu

Helgi Már Magnússon, landsliðsmaður í körfubolta, stefnir á að komast að hjá atvinnumannaliði í Evrópu næsta vetur en hann er við það að ljúka námi í North Carolina-háskólanum í Bandaríkjunum þar sem hann hefur verið undanfarin þrjú ár. Helgi Már er með „nokkra góða menn“ að vinna í sínum málum þessa dagana og er bjartsýnn á að dæmið gangi upp.

„Það er ekkert fast í hendi enn sem komið er en þetta kemur allt í ljós í sumar,“ sagði Helgi við Fréttablaðið og bætti því við að ef hann kæmist ekki að hjá neinu liði myndi hann spila heima á Íslandi og þá nánast örugglega með sínum gamla félagi í Vesturbænum, KR. „Annars held ég að það færi illa fyrir mér,“ sagði Helgi og hló en bróðir hans situr í stjórn körfuknattleiksdeildar KR og myndi líklega ekki sætta sig við að Helgi færi til einhvers annars félags. „Ég held að ég geti alveg staðfest það að ef ég spila á Íslandi verður það með KR.“



Helgi Már er og hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu síðustu ár og af flestum talinn einhver allra sterkasti framherji Íslands.

Ljóst er að hann yrði mikill hvalreki á fjörur KR en sjálfur segist hann frekar eiga von á því að spila erlendis á næstu leiktíð. „Ég stefni á Evrópu og ég hef fulla trú á að ég geti spjarað mig þar. Ég á mér engan sérstakan draumaáfangastað heldur stefni fyrst og fremst á að komast að hjá liði þar sem ég fæ að spila reglulega. Það heillar miklu meira en að vera hjá of góðu liði og fá lítið sem ekki neitt að spila,“ segir Helgi.

## > Björgvin á leið til Fram

Markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson mun að öllum líkindum skrifa undir samning við Íslandsmeistara Fram á allra næstu dögum. Björgvin Páll er eftirsóttur af nokkrum félögum í DHL-deildinni en staðfesti við Fréttablaðið í gær að líklegast væri hann á leið í Safamýrina. Það er hins vegar í Digranesinu sem málið hefur farið í hnút því þar á bæ eru menn ekki á því að leyfa Björgvini að fara án þess að HK fái eitthvað fyrir sinn snúð, en markvörðurinn á ennþá eitt ár eftir af samningi sínum við félagið. Björgvin Páll kvaðst þó ekki eiga von á öðru en að allir hlutaðeigandi aðilar næðu saman að lokum.



**Breiðablik 2-1 Valur**

Kópavogsv, áhorf: 1200 — Egill Már Markússon (7)

*1–0 Guðmann Þórisson (42.)*
*2–0 Atli Sveinn Þórarinsson, sjálfsm. (70.)*
*2–1 Valur Fannar Gíslason (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–12 (6–5) |
| Varin skot | Hjörvar 5 – Kjartan 4 |
| Horn | 12–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–15 |
| Rangstöður | 3–4 |

| BREIÐ. 4–5–1 | | VALUR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hjörvar | 7 | Kjartan | 6 |
| Árni Kristinn | 6 | Birkir Már | 5 |
| Guðmann Þóris. | 7 | Valur Fannar | 7 |
| Oliver Risser | 7 | Atli Sveinn | 6 |
| ***Stig Haaland** | **8** | Ari Freyr Skúla. | 5 |
| Kristján Óli Sig. | 5 | Baldur Aðalsteins. | 3 |
| (90. Magnús Páll | –) | (76. Barry Smith | –) |
| Petr Podzemsky | 7 | Sigurbjörn | 6 |
| Olgeir Sigurgeirs. | 8 | Pálmi Rafn | 6 |
| Ragnar Heimir | 4 | (53. Kristinn Hafl. | 6) |
| Gunnar Örn | 5 | Matthías Guð. | 4 |
| (64. Steinþór Freyr | 5) | Guðmundur Ben. | 4 |
| Marel Baldvins. | 5 | Garðar Gunnlaugs. | 4 |
| **Maður leiksins* | | (67. Jakob Spansberg | 5) |

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*1. deild karla:*

LEIKNIR-HK 2-0
1-0 Pétur Örn Svansson (6.), 2-0 Einar Örn Einarsson (14.).

HAUKAR-ÞRÓTTUR 0-2

*Sænski boltinn:*

KALMAR-HALMSTAD 2-1
Gunnar Heiðar lék allan leikinn en skoraði ekki.

# Draumabyrjun hjá Breiðabliki

**Nýliðar Blika fengu óskabyrjun í Landsbankadeildinni er þeir lögðu bikarmeistara Vals í Kópavogi í gærkvöldi, 2-1. Blikar stóðust nokkuð mikla pressu Valsmanna á lokamínútum leiksins og uppskáru óvæntan en verðskuldaðan sigur, stuðningsmönnum liðsins til mikillar gleði.**

**FÓTBOLTI** Leikurinn byrjaði með nokkrum látum og bæði lið kepptust við að sækja. Valsmenn fengu dauðafæri strax á 5. mínútu en Hjörvar varði slakt skot Vals Fannars auðveldlega.

Blikar fengu fljótlega sín færi en Kjartan, markvörður Vals, var vel með á nótunum eins og félagi hans hinum megin.

Eftir tuttugu mínútur rann mesti móðurinn af liðunum og ekki nokkur skapaður hlutur gerðist fyrr en Guðmann Þórisson kom heimamönnum yfir á 42. mínútu með góðum skalla eftir hornspyrnu Stigs Haaland. Nýliðarnir yfir í leikhléi og sú staða gaf góð fyrirheit fyrir síðari hálfleikinn.

Síðari hálfleikur stóð ekki alveg undir væntingum. Hinir skemmtilegu sóknarmenn Vals voru úti á túni og lítið sem ekkert gerðist í sóknarleik þeirra. Sóknarlotur Blika voru ekki heldur merkilegar en þeim fyrirgafst það enda marki yfir. Jafnræði var með liðunum en dagskránni lauk um tuttugu mínútum fyrir leikslok þegar Atli Sveinn skoraði skrautlegt sjálfsmark. Skallaði í eigið net einn í teignum og ekki undir neinni pressu. Spurning hvort Kjartan hafi látið hann vita?



**1-0** Varnarjaxlinn Guðmann Þórisson sést hér skora fyrsta mark leiksins í gær með góðum skalla eftir hornspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Valsmenn færðust allir í aukana undir lokin og Valur Fannar minnkaði muninn fyrir þá undir lokin en það var of lítið og of seint. Blikar fögnuðu sigrinum innilega í lokin en þeir sýndu í leiknum að ekkert lið mun hafa af þeim stig á auðveldan hátt.

Liðið er vel skipulagt, þekkir sín takmörk og leikmenn vinna vel hver fyrir annan. Með þolinmæði og álíka baráttu munu Blikar vel geta halað inn fjölda stiga og haldið sæti sínu í deildinni.

Valsmenn ollu nokkrum vonbrigðum í leiknum en sóknarleikur liðsins var broddlítill og lykilmenn fjarri sínu besta. Tapið er liðinu klárlega áfall en Valur á mikið inni og verður gaman að sjá liðið með Barry Smith í formi.

„Þetta var algjör klassi en tæpt í lokin,“ sagði hinn ungi markaskorari Blika, Guðmann Þórisson, sem átti fínan leik. „Það fór um okkur síðustu mínúturnar en við náðum að bjarga þessu og yfir því er ekki hægt að kvarta. Annars fannst mér við eiga leikinn fyrir utan lokamínúturnar.“

henry@frettabladid.is




Keppni í Landsbankadeild kvenna hefst í kvöld með fjórum leikjum:

# Breiðablik er sigurstranglegast

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuvertíðin hjá konunum hefst í kvöld þegar fyrsta umferðin í Landsbankadeild kvenna verður leikin. Öruggt má telja að Breiðablik, Valur og KR verði í sérflokki en ÍBV verður ekki með þar sem meistaraflokkur kvenna hjá félaginu var lagður niður.

Flestir bjuggust við því að Breiðablik myndi rúlla deildinni upp enda valinn maður í hverju rúmi en landslagið breyttist mikið um daginn þegar ljóst varð að landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir myndi ekki leika með Breiðabliki í sumar. Á svipuðum tíma landaði Valur gríðarlega sterkri þýskri landsliðskonu.

„Það er klárt að Breiðablik er með sterkasta hópinn en staðan hefur jafnast og svo má ekki gleyma því að KR hefur líka bætt við sig og er komið með helling af útlendingum. Þetta gæti orðið spennandi þriggja liða mót,“ sagði Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari kvennalandsliðsins.

„Vonandi verður þetta skemmtilegt allt til enda. Ég ætla ekki að tala svo digurbarkalega að halda því fram að það verði slys ef Breiðablik vinnur ekki mótið. Það er samt sigurstranglegast og er líka með mestu breiddina. Liðið hefur samt ekki verið að spila sérstaklega vel á undirbúningstímabilinu. Það voru allir að bíða eftir Ásthildi og svo kemur hún ekkert og það gæti sett strik í reikninginn hjá þjálfaranum,“ sagði Jörundur Áki, sem gerir ráð fyrir því að Stjarnan komi í humátt á eftir þessum þremur liðum og Keflavík, FH, Fylkir og Þór/KA berjist síðan á botninum.

„Hvað leikmenn varðar verður spennandi að sjá hvernig Greta Mjöll fylgir eftir tímabilinu í fyrra. Svo verður einnig spennandi að sjá Þjóðverjann hjá Val og hvort hún sé eins góð og af er látið. Katrín Ómarsdóttir í KR er mikið efni og spurning hvort hún blómstri í sumar. Annars eru öll teikn á lofti að þetta geti orðið ágætt fótboltasumar hjá stelpunum,“ sagði Jörundur Áki. - hbg



**ÞAÐ SEM KOMA SKAL?** Blikum er spáð góðu gengi í sumar en liðið er þegar búið að vinna deildabikarinn og Meistarakeppni KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

| | |
|---|---|
| Breiðablik-KR | 19.15 |
| Valur-Stjarnan | 19.15 |
| Þór/KA-FH | 19.15 |
| Fylkir-Keflavík | 19.15 |

Chelsea kynnti Michael Ballack til leiks í gær:

# Verst geymda leyndarmál Evrópu loksins afhjúpað

**FÓTBOLTI** Chelsea staðfesti það sem allir vissu í gær. Michael Ballack spilar með liðinu á næstu leiktíð og vel það því hann er búinn að skrifa undir þriggja ára samning við ensku meistarana. Hann kemur án greiðslu frá Bayern München þar sem samningur hans við þýsku meistarana er að renna út. Laun hans voru ekki gefin upp í gær en enskir fjölmiðlar tala um að hann fái að minnsta kosti tólf milljónir króna í vikulaun.

„Ég spurði leikmenn eins og Robert Huth og Jens Lehmann um ensku deildina. Þeir voru mjög jákvæðir og ég er mjög ánægður með að vera kominn hingað,“ sagði Ballack á blaðamannafundi á Stamford Bridge í gær. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var ánægður með nýja liðsmanninn.

„Chelsea er mjög ánægt og enskur fótbolti ætti að fagna því að fá mann eins og Ballack í deildina. Við erum með meistara í okkar liði og til að bæta það verðum við að fá fleiri meistara. Hér er kominn meistari sem mun aðstoða okkur við að ná markmiðum næstu leiktíðar,“ sagði Mourinho.

**- hbg**



**MÆTTUR TIL LONDON** Chelsea kynnti Michael Ballack fyrir blaðamönnum í gær. Hann er fyrsti leikmaðurinn sem Chelsea fær í sumar. Næstur á óskalistanum er Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko hjá AC Milan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ENNÞÁ Í SIGURVÍMU** Eiður Smári tók að sjálfsögðu þátt í sigurskrúðgöngu Chelsea um London sem fram fór á sunnudag. Hér sést hann ásamt John Terry og Frank Lampard á góðri stund í gleðinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eiður Smári og Chelsea:

# Eiður orðaður við Hearts

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen er í nokkrum ensku dagblaðanna í gær orðaður við skoska úrvalsdeildarliðið Hearts, en sagt er að Vladimir Romanov, hinn moldríki aðaleigandi félagsins, sé mikill aðdáandi Íslendingsins. Rætt er um að kaupverðið verði kringum fjórar milljónir punda og þó að það sé býsna há upphæð á skoskan mælikvarða myndi Romanov ekki eiga í erfiðleikum með að reiða fram slíkan pening.

Telja má ólíklegt að Eiður Smári hafi hug á því að leika í skosku úrvalsdeildinni en uppgangur Hearts hefur engu að síður verið með besta móti í ár. Liðið hafnaði í öðru sæti úrvalsdeildarinnar á eftir Celtic og hampaði bikarmeistaratitlinum um helgina. Með árangri sínum tryggði liðið sér sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári. Hjálmar Þórarinsson er á mála hjá Hearts en auk þess leika Eggert Gunnþór Jónsson og Haraldur Björnsson með unglingaliði félagsins.

Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára, vildi lítið tjá sig um mál Eiðs við Fréttablaðið í gær en játti því að viðræður við Chelsea væru enn í fullum gangi. Hann vildi ekkert segja til um hvort einhver félög hefðu sýnt Eiði áhuga á síðustu dögum, en sem kunnugt er hefur hann einkum verið orðaður við Manchester United, Arsenal, Tottenham, Blackburn og nú Hearts.

**- vig**



**ANNA ÚRSULA GUÐMUNDSDÓTTIR** Kemur frá Noregi í leikina gegn Hollendingum.

Kvennalandsliðið í handbolta:

# Spilar tvo leiki við Holland

**HANDBOLTI** Í kvöld og annað kvöld leikur íslenska kvennalandsliðið æfingaleiki við Holland. Leikirnir eru liður í undirbúningi fyrir umspilsleiki gegn Makedóníu sem fram fara í lok mánaðarins. Hollenska liðið er mjög sterkt og varð í fimmta sæti á síðasta HM. Fyrri leikurinn fer fram í Laugardalshöll í kvöld klukkan 20.

**- hbg**

**LANDSLIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| Hrafnhildur Skúladóttir | SK Århus |
| Drífa Skúladóttir | Valur |
| Rebekka Rut Skúladóttir | Valur |
| Ágústa Edda Björnsdóttir | Valur |
| Berglind Íris Hansdóttir | Valur |
| Jóna Margrét Ragnarsdóttir | Stjarnan |
| Hanna Guðrún Stefánsdóttir | Haukar |
| Rakel Dögg Bragadóttir | Stjarnan |
| Elísabet Gunnarsdóttir | Stjarnan |
| Harpa Sif Eyjólfsdóttir | Stjarnan |
| Kristín Clausen | Stjarnan |
| Sólveig Lára Kjærnested | Stjarnan |
| Anna Úrsula Guðmundsdóttir | Levanger |
| Eva Margrét Kristinsdóttir | Levanger |
| Helga Torfadóttir | Haukar |
| Dröfn Sæmundsdóttir | FH |
| Ragnhildur Guðmundsdóttir | Haukar |
| Guðbjörg Guðmannsdóttir | Haukar |
| Íris Símonardóttir | Grótta |




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I hate to say this, Cyrus, but we are three white dudes short. Or as they say in Ebonics, „We be fucked“.“**

**Svar:** Pinball úr Con Air frá 1997.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR SYNGUR MEÐ SJÓNVARPSSTEFUM**

## *Baywatch og Bráðavaktin á toppnum*

Ég er þeim töfrum gædd að geta lagt á minnið og lært fjölmörg stef sem fylgja hinum ýmsu sjónvarpsþáttum. Þegar ég hugsa til baka er ég ekki frá því að þessi árátta mín hafi byrjað þegar ég söng: „Doo-oon't you worry, it's gonna be aaaalriiight! Cause I'm always ready, I won't let you out of my siiiight!“ Baywatch-lagið var náttúrlega besta „singalong“-stef í heimi og það var góð upphitun fyrir þessa dásamlegu þætti að tryllast fyrir framan sjónvarpið, syngjandi í fjarstýringuna.

Núna er ég auðvitað orðin eldri og þroskaðri en get samt ekki alveg alltaf hamið mig þegar grípandi stef byrjar í sjónvarpinu. Þessa dagana er Kastljóssstefið í uppáhaldi hjá mér og ég syng það hástöfum á hverju kvöldi. Ekki það að mér finnist lagið svo frábært, það er bara svo gaman að syngja það. „Dudududu, deerereng derererereng.“ Ég syng það einhvern veginn svona.

Önnur stef sem ég kann eru til dæmis Sex and the city stefið, Simpsons stefið, Gettu betur stefið, Fréttastefið í Ríkissjónvarpinu og Gilmore Girls stefið kann ég alveg utan að og sýni snilli mína í hvert skipti sem sá þáttur byrjar. Best er þegar einhver fer að syngja með mér.

Uppáhaldsstefið mitt er samt sennilega Bráðavaktarstefið. Það er alveg hrikalega gaman að syngja það og ég kann það alveg frá upphafi til enda, öðrum fjölskyldumeðlimum til mikillar skemmtunar. Endirinn í laginu er líka svo hrikalega töff, „tjsuggutsjhh dududuu!“




**BAYWATCH** Upphafslagið í þættinum er sennilega eitt skemmtilegasta þemalag í heimi.



▶ **19.35** *Dægurmál*

KASTLJÓS



▶ **21.45** *Spenna*

PRISON BREAK



▶ **21.00** *Gaman*

BERNIE MAC



▶ **22.50** *Spjall*

JAY LENO



▶ **7.00** *Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (36:52) **18.25** Draumaduft (11:13)

**18.30** **Gló magnaða (51:52)** (Kim Possible)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35** **Kastljós**
**20.15** **Mæðgurnar (11:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel.
**21.00** **Taka tvö (1:10)** Ný syrpa af hinni vinsælu þáttaröð Töku tvö, þar sem Ásgrímur Sverrisson ræðir við íslenska kvikmyndagerðarmenn um myndir þeirra og hugmyndirnar á bak við þær. Að þessu sinni er rætt við Egil Eðvarðsson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Víkingasveitin (2:4)** (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.

**23.20** Dýrahringurinn (3:10) **0.10** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement 4 **13.30** Jack Osbourne – Adrenaline Rush **14.20** Amazing Race **15.05** Super-nanny **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.50** **Strákarnir**
**20.15** **Amazing Race (8:14)**
**21.00** **Las Vegas (12:22)** (Bait And Switch) Demöntum, sem notaðir voru í tónlistarmyndbandi, er stolið af Montecito. Bönnuð börnum.
▶ **21.45** **Prison Break (16:22)** (Bak við lás og slá) Ýmsar ástæður koma upp á yfirborðið sem leiddu til fangelsunar Lincoln, Sucra, T-Bag og C-Note á sínum tíma. Loka partur í flóttaáætlun Michael kemur í ljós. Dr. Trancredi rifjar upp hvernig hún endaði sem læknir á Fox River fangelsinu. Bönnuð börnum.
**22.30** **The Robinsons** Breskur gamanmyndaflokkur.

**23.00** Twenty Four (Str. b. börnum) **23.45** Bones **0.30** Blown Away (Str. b. börnum) **2.25** The Good Girl (B. börnum) **3.55** DNA (B. börnum) **5.05** The Simpsons **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Sirkus RVK (e)**
**20.00** **Friends (4:23)** (Vinir) Phoebe er hrædd um að missa nýjasta kærastann sinn og ótti hennar eykst eftir kjánalegar athugasemdir Ross.
**20.30** **Tívolí**
▶ **21.00** **Bernie Mac (6:22)** Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.
**21.30** **Supernatural (14:22)** Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bönnuð börnum.
**22.15** **Brokedown Palace** (Endastöð) Tvær bandarískar stúlkur eru gripnar þegar þær reyna að smygla eiturlyfjum frá Taílandi til Hong Kong. B. börnum.

**23.55** Extra Time – Footballers' Wive **0.20** Friends (4:23) (e) **0.45** Tívolí

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Frasier**
**19.30** **All of Us (e)**
**20.00** **How Clean is Your House** Bresku kjarnakonurnar Aggie MacKenzie og Kim Woodburn eru komnar vestur um haf.
**20.30** **Too Posh to Wash** Það er komið að mannslíkamanum.
**21.00** **Innlit / útlit**
**22.00** **Close to Home** Maður er ákærður fyrir að hafa myrt tengdamóður sína.
▶ **22.50** **Jay Leno** Jay Leno hefur verið kallaður ókrýndur konungur spjallþáttastjórnenda og hefur verið á dagskrá SKJÁSEINS frá upphafi. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

**23.35** Survivor: Panama (e) **0.30** Frasier – 1. þáttaröð (e) **0.55** Óstöðvandi tónlist

### NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

**19.40** **Hrafnaþing**Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Moonlight Mile **8.00** It Runs in the Family **10.00** Two Weeks Notice **12.00** The Girl With a Pearl Earring **14.00** Moonlight Mile **16.00** It Runs in the Family **18.00** Two Weeks Notice **20.00** **The Girl With a Pearl Earring** (Stúlka með perlueyrnalokk) Verðlaunakvikmynd sem er fullyrða má að sé sannkallað listaverk, konfekt fyrir augun rétt eins og myndlist viðfangsefnis myndarinnar, sem er hollenski listmálarinn Vermeer. Aðalhlutverk: Colin Firth, Tom Wilkinson, Scarlett Johansson. Leikstjóri: Peter Webber. 2003. **22.00** **Birthday Girl** (Afmælisstelpa) Dramatísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Ben Chaplin, Vincent Cassel. Leikstjóri: Jez Butterworth. 2001. Bönnuð börnum. **0.00** Kill Me Later (Bönnuð börnum) **2.00** Dinner Rush (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Birthday Girl (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** 50 Steamiest Southern Stars **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** Superstar Money Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Number One Single **22.30** Number One Single **23.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Látum okkur líða vel

Hvað getur verið betra en að byrja daginn á því að skella sér í heitan pott, láta nuddið koma blóðrásinni af stað og fylla sig orku fyrir eril dagsins eða koma heim að loknum vinnudegi og láta þreytuna líða úr sér í heitu vatninu í rólegu umhverfi með fjölskyldunni?
Þetta gæti verið draumur hvers manns. En þegar velja skal heitan pott skiptir útlitið vissulega miklu máli en ekki síður efnisval og búnaður svo rekstrarkostnaður og viðhald sé í lágmarki.

Marquis spas hafa framleitt hágæða nuddpotta í meira en 25 ár. Í þeim er eingöngu besti mögulegi búnaður og tækni. Pottarnir eru búnir tveimur öflugum tveggja hraða dælum sem afkasta allt að 1210 ltr. á mín. Sá kraftur drífur áfram kröftugt nudd fyrir alla helstu vöðva líkamans. Pottarnir eru fylltir með einangrun frá ytri að innri skel ásamt hitadúk sem lagður er með hliðum pottsins undir viðhaldsfrírri klæðningunni. Þessi frágangur tryggir bestu mögulegu orkunýtingu. Einnig státar Marquis spas af einum fullkomnasta hreinsibúnaði sem völ er á, sem hreinsar vatnið 100%.

MARQUIS SPAS

Orlando



Það er notalegt að vera í heitum potti og njóta sólarinnar á góðum degi. Einnig að liggja í heitu vatninu á heiðskíru vetrarkvöldi og horfa á tunglið og stjörnurnar. Kostir þess að hafa heitan pott utandyra eru ótvíræðir en þegar veðrið er ekki sem skyldi, rok eða rigning getur verið gott að geta lokað að sér. Með garðkúlu frá IPC eykst notagildi pottsins verulega þar sem mögulegt er að vera úti þegar veðrið er gott en vera inni þegar það hentar.

Garðkúlurnar er hægt að fá í þremur mismunandi gerðum.
a) 160° opnun, annar hluti hússins festur niður en hinn hlutinn á braut og snýst í kringum húsið.
b) 130° opnun, báðir hlutar hússins eru á braut, opið getur snúið í hvaða átt sem er. Þvermál húsa a) og b) getur verið frá þremur til tíu metrar.
c) 100° opnun, hringlaga þak yfir miðju hússins sem gerir það að verkum að hliðarnar eru brattari. Báðir hlutar hússins eru á braut, opið getur snúið í hvaða átt sem er. Þessi kúla er framleidd í einni stærð: þvermál 4,0 m. og hæð 2,3 m.



- Þyngd á potti 30 kg.
- Í sumarbústaðnum á sumrin - heima á veturna.
- Góður kostur á svalir.
- Framleiddur úr einangrunarefni.
- Mjúkir fletir - notalegir að sitja í.
- Barnvænir - engar harðar brúnir.
- Alltaf heitur - meiri notkun.
- Góð orkunýting - aðeins 1.100 kr. á mánuði.
- Stungið í samband hvar sem er (220 v, 1400 w og 6 amp.)
- Fylltur með garðslöngu - engra lagna þörf.
- Skipt um vatn 2 til 4 sinnum á ári.
- Allur stýribúnaður og dæla í dunk við hlið pottsins.
- Varinn gegn óstöðugu rafmagni og auðvelt að “frosttæma”.
- Staðalbúnaður: rafkynding, nudd, ozone hreinsibúnaður, marglitt ljós, stafrænn stjórnbúnaður og tvískipt lok.
- Öryggislæsing á loki.
- 6 ára reynsla á Íslandi.
- Fallegt útlit.

JÓN BERGSSON EHF. Kletthálsi 15 110 Rvk S: 588 8886 JÓN BERGSSON EHF.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Gilmore Girls — Sjónvarpið kl. 20.15

### *Mæðgur í blíðu og stríðu*



Bandarísk þáttaröð sem hefur verið sýnd á RÚV um nokkurt skeið við góðan orðstír. Þættirnir fjalla um einstæða móður, Lorelai Gilmore, sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki ásamt því að við kynnumst dóttur hennar á unglingsaldri, Rory, vinum þeirra og kunningjum. Lorelai hefur gert margvísleg mistök á ævinni en hún gerir sitt besta til að fyrirbyggja að dóttir hennar og besta vinkona feti í fótspor hennar. Það er hægara sagt en gert vegna þess að þær hafa sömu áhugamál og eru að flestu leyti afar líkar. Rory er þó alvörugefnari en mamma hennar en þegar að ástamálunum kemur er greinilegt að henni kippir í kynið. Segja má að þær hafi alist upp saman vegna þess að Lorelai var mjög ung þegar hún átti Rory og tók þá erfiðu ákvörðun að ala barnið upp ein.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | | | 3 | |
| 7 | | | | | | 6 | | |
| | 5 | | 9 | | | 2 | | 7 |
| | | | | | 9 | | | 6 |
| 5 | | | | 1 | | | | 8 |
| 4 | | | 8 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 4 | | 7 | |
| | | 9 | | | | | | 1 |
| | 2 | | | 6 | 1 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 9 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 2 |
| 9 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |



▶ 18.55

*Knattspyrna*

SEVILLA - REAL MADRID

SÝN besta sætið

**16.10** Landsbankadeildin 2006 (Breiðablik – Valur) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

▶ **18.55 Spænski boltinn**(Sevilla-Real Madrid) Bein útsending

**21.00 UEFA Champions League** (Liverpool – AC Milan)Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeildinni í knattspyrnu í fyrra þegar mættust Liverpool og AC Milan.

**0.00** Sporðaköst II **0.30** Súpercross **1.25** Ensku mörkin **1.55** World Poker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Kjarkur, von og söngur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30**

Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.20** Þar sem börnin eru fyrir ofan meðallag **21.00** Þau létu verkin tala **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Fiðlusnillingar barokksins **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** A Prairie Home Companion: Garrison Keillor **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


Samfylkingin | Reykjavík 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. maí

# Góðar fréttir fyrir ungt fólk

Eftir gríðarlegan árangur undanfarinna ára blasa tækifærin við í Reykjavík. Samfylkingin áformar byggingu 800 stúdentaíbúða við Hlemm og í Vatnsmýrinni. Auk þess viljum við byggja upp öflugan leigumarkað.

Gjaldfrjálsir leikskólar, kortagreiðslur í Strætó, kraftmikið íþróttastarf, skemmtilegur miðbær, Airwaves, Reykjavík Loftbrú - allt eru þetta mál sem Samfylkingin setur á oddinn.

**Dagur B. Eggertsson er borgarstjóraefni Samfylkingarinnar**
Með verkum sínum hefur Dagur sýnt að hann er maður framtíðarinnar í Reykjavík





## HRÓSIÐ

*...fær Agnar Jón Egilsson, sem heldur leiklistarnámskeið í sumar fyrir unga og jafnvel upprennandi leikara.*

## AÐ MÍNU SKAPI: ERNA BERGMANN BJÖRNSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA

# *CocoRosie, Kronkron og jazzballett*

**TÓNLIST**
Í augnablikinu er ég mikið að hlusta á CocoRosie og Joönnu Newsom. Þær eru með svo viðkvæmar og fallegar raddir og tónlist CocoRosie fær mig næstum til þess að dansa. Hún er svo dreymandi og falleg. Svo ætla ég á CocoRosie-tónleikana sem eru á fimmtudaginn en veit ekki með Joönnu.

**BÓKIN**
Uppáhaldsbókin mín er eiginlega ekki lesbók. Hún heitir Sample og fjallar um 100 mest spennandi tískuhönnuði samtímans og það eru tíu manneskjur sem fjalla um hvern og einn. Auk þess fannst mér Minningar Geisju alveg æðisleg.

**BORGIN**
Reykjavík, af því þar eru flestir sem mér þykir vænt um.

**BÍÓMYNDIN**
Það fyrsta sem mér dettur í hug eru myndirnar Walk the Line, Napoleon Dynamite og Almost Famous, mér finnst þær allar alveg ótrúlega skemmtilegar.

**BÚÐIN**
Tvímælalaust Spúútnik og Kronkron. Ég elska notuð föt, það er svo mikil saga á bakvið þau. Kronkron er svo bara alveg æðisleg og þau selja flíkur frá mörgum hönnuðum sem eru í uppáhaldi hjá mér, ég er sjúk í allt þarna inni.

**VERKEFNIÐ**
Ég er kennari í Jazzballettskóla Báru og þetta er fyrsta önnin mín. Nemendur mínir eru að fara að sýna á mánudaginn og það verður fyrsta verkið mitt sem þeir sýna á sviði, það er mjög spennandi. Svo er ég bara að vonast til þess að það komi framhald af þáttunum Á bak við böndin en það væri þá varla fyrr en í haust.






**LÁRÉTT:**
**2** hróss **6** holskrúfa **8** fúsk **9** kúgun **11** tveir eins **12** lafi **14** leikhúsfarði **16** bardagi **17** að **18** niður **20** slá 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT:**
**1** krass **3** klafi **4** nokkrir **5** gerast **7** galli **10** angan **13** farfa **15** flink **16** flýti **19** tveir eins.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** ró, **8** kák, **9** oki, **11** ee, **12** tolli, **14** smink, **16** at, **17** til, **18** suð, **20** rá, **21** arða. **LÓÐRÉTT: 1** krot, **3** ok, **4** fáeinir, **5** ske, **7** ókostur, **10** ilm, **13** lit, **15** klár, **16** asa, **19** ðð.


MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


## DAGUR KÁRI PÉTURSSON: UNDIRBÝR NÆSTU KVIKMYND

# Tom Waits leikur fyrir Dag Kára í The Good Heart

„Þetta voru óskaleikarar leikstjórans og með einhverjum ótrúlegum hætti tókst að fá þá um borð," segir Skúli Fr. Malmquist hjá kvikmyndafélaginu Zik Zak. Í gær var tilkynnt að sjálfur Tom Waits myndi leika í næstu mynd leikstjórans Dags Kára Péturssonar. Hún mun heita The Good Heart og verður tekin upp bæði hér á landi og í Bandaríkjunum þar sem sagan gerist. Auk Waits hefur ungstirnið Ryan Gosling verið ráðinn í hitt aðalkarlhlutverkið.

„Það er auðvitað frábært að fá þessa tvo leikara og nú eigum við bara eftir að ganga frá ráðningu í aðalkvenhlutverkið. Við vonumst til þess að geta klárað það fljótlega," segir Skúli en um evrópska leikkonu verður að ræða. Ekki náðist í Dag Kára í gær þar sem hann var upptekinn við æfingar með hljómsveit sinni, Slowblow.

Tom Waits þarf vart að kynna fyrir Íslendingum en hann er einn af virtari tónlistarmönnum veraldar. Waits hefur talsvert fengist við kvikmyndaleik en þekktustu myndir sem hann hefur leikið í eru Short Cuts og Dracula. Ryan Gosling er þekktastur fyrir hlutverk sitt í hinni ofurrómantísku kvikmynd The Notebook en hann þykir einn af athyglisverðari ungu leikurunum í Hollywood.

Skúli Fr. Malmquist og Þórir Snær Sigurjónsson framleiða myndina fyrir Zik Zak auk þess sem Sigurjón Sighvatsson kemur að framleiðslunni. The Good Heart fjalar um ungan heimilislausan mann í San Francisco, Lucas, sem gengur allt í mót. Eftir misheppnaða tilraun til að fremja sjálfsmorð hittir hann Jacques, sem er að jafna sig eftir sitt fimmta hjartaáfall. Jacques tekur Lucas að sér og hefur í hug að arfleiða hann að bar sem hann á. Áform þeirra breytast þó þegar April, ung evrópsk flugfreyja, rambar inn á barinn eitt kvöldið.

Að sögn Skúla er stefnt að því að tökur á myndinni hefjist í nóvember. Innitökur verða hér á landi en útitökur verða í San Francisco og Oakland í Bandaríkjunum. Fyrirtækið Katapult Film Sales sér um sölu myndarinnar og verður hún kynnt á kvikmyndahátíðinni í Cannes nú í vikunni.

hoskuldur@frettabladid.is



**DAGUR KÁRI** Prúðbúinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra. Þar verður ný mynd hans kynnt síðar í vikunni.



**TOM WAITS** Leikur í nýjustu mynd íslenska leikstjórans Dags Kára Péturssonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Systrahljómsveitin **CocoRosie** er væntanleg til landsins í dag en mikil eftirvænting ríkir meðal tónlistarfrömuða sem geta vart beðið eftir því að sjá systurnar á sviði enda eru þær með því ferskasta sem sést hefur í langan tíma. Stúlkurnar verða í Kastljósinu annað kvöld og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða systurnar í stuttu viðtali en klykkja út með skrautlegri uppákomu.



Kosningabaráttan í Reykjavík er í algleymingi þessa dagana eins og víða um land. Fréttablaðið birti fyrir skömmu frétt þess efnis að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins hefðu ljáð rödd sína sem hringitón hjá Og Vodafone. Herbragðið virðist augljóslega hafa virkað að mati keppinautana því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom **Björn Ingi** á harðaspretti inn á skrifstofur símafyrirtækisins og lét taka upp sína eigin útgáfu af hringitón. „Halló, þetta er Björn Ingi, ég get lofað því að síminn er að hringja," er hringitónn Framsóknarflokksins um þessar mundir. Samfylkingin fylgdi síðan í humátt á eftir en flokkurinn notast þó ekki við raddir frambjóðenda sinna heldur hljómar lag kosningabaráttunnar.



Dagskrá tónlistarhátíðarinnar Reykjavík rokkar er óðum að taka á sig endanlega mynd. David Gray er aðalnúmerið á laugardagskvöldinu en með honum koma fram Ampop og Hjálmar. Nú hefur verið staðfest að norska söngkonan **Kate Havnevik** bætist í þennan hóp en hún er sögð bjartasta von Norðmanna á tónlistarsviðinu. Lög hennar hafa verið notuð í sjónvarpsþættinum Grey's Anatomy og hafa stór plötufyrirtæki slegist um að fá Kate til liðs við sig. Kate er búsett í London en hún er alls ekki ókunnug Íslandi því kærasti hennar er leikarinn Gottskálk Dagur Sigurðarson.






Kraftur og hugmyndir

Tryggjum Karli og Bryndísi sæti í bæjarstjórn

Hugmyndaríkur athafnamaður sem lætur verkin tala.


## EUROVISION GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ GRIKKLANDI

# *Norðmenn komu mest á óvart í gær*

Fyrsta æfing þjóðanna sem eiga fast sæti á lokakvöldi Eurovision var í gær. Flestir voru á því að Norðmenn hefðu komið mest á óvart og spá þó nokkrir þeim sigri í keppninni. Aðrir töldu Bretana standa sig vel, en höfðu áður talið að stúlknakórinn gæti brugðist.

Norska stúlkan Christine Guldbrandsen söng Álfadansinn sinn og þegar hún var spurð hvers vegna lagið væri svona miklu betra núna en í undankeppninni í Noregi, svaraði hún: „Ég æfði." Silvía hefði átt að taka hana til fyrirmyndar.

Æfingarnar gengu allar greiðlega fyrir sig í gær og var lítið um hnökra. Flytjendurnir fjórtán æfa aftur í dag og þá í búningunum. Flestir komu vel til hafðir í höllina, utan hinnar sautján ára dönsku stúlku Sidsel Ben Semmane, sem hefði rétt eins getað mætt í sömu fötunum í skólann á mánudegi.

Hin gríska Anna Vissi steig síðust á sviðið í O.A.K.A í gær og segja strákarnir á ESCtoday.com, vinsælasta vef Eurovision-aðdáenda, að atriðið hafi greinilega verið æft á laun. Myndavélarnar hafi gripið hvert einasta rétta augnablik er Anna söng lagið sitt af innlifun á sviðinu.

Sömu strákar voru sannfærðir í gær um að Silvía Nótt væri í raun Selma Björnsdóttir dulbúin en söngkonan hefur tvívegis áður verið fulltrúi okkar Íslendinga. Þeir gengu svo langt að láta kanna fyrir sig hvort þær bæru sama vegabréf og fengu úr því skorið að svo væri ekki. Þeir voru ekki sannfærðir og sögðu þær rosalega líkar. Strákarnir tóku viðtal við Silvíu í fyrradag, sem sett var á vefi þeirra í gær, og spurðu hana meðal annars hvaða tyggjó hún tyggði. „Ég get ekki sagt ykkur það því ég er ekki með styrktarsamning við framleiðandann," svaraði Silvía snilldarlega.



**SIDSEL BEN SEMMANE** Danska stúlkan hafði ekki áhyggjur af klæðaburðinum í gær. Hún söng á blaðamannafundinum lagið Mercedes Benz sem Janis Joplin gerði frægt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## Elli kerling

Daginn sem fyrsta plata Utangarðsmanna kom út var ég í bæjarferð með fyrsta kaupið mitt í buddunni. Þar sem farið var að örla á dálítilli gelgju í stelpunni ákvað ég að fjárfesta í þessari plötu. Verandi samt meira lítil en stór, þá hringdi ég fyrst í mömmu til að fá leyfi til að ráðstafa aurunum. Roggin með fenginn á heimleið í stræó fann ég uppreisnargirnina krauma í sálinni og var tilbúin til að gefa skít í hefðbundin gildi. Ég hafði nefnilega eignast rokk og ról fyrir eigin pening og nýja sjálfsmynd í kaupbæti.

**HÚN** er sennilega eitt magnaðasta vopnið sem við höfum í hendi. Sjálfsmyndir geta þó auðveldlega verið nokkuð lífseigar ranghugmyndir og jafnvel dagað þannig uppi. Þannig finnst mér ennþá áratugum síðar ég enn vera dálítill villingur þrátt fyrir allt þó smátt og smátt hafi veruleikinn seytlað inn. Að lokum verður að viðurkennast að maður er ekki lengur sami pönkarinn í hjarta sér og uppúr miðri síðustu öld.

**NÚORÐIÐ** finnst mér í alvörunni rás eitt notalegasta útvarpsstöðin, óskalög sjúklinga, miðdegissagan og allt það. Með aldrinum og auknum skyldum fer maður líka að klæða sig eftir veðri, borða úr öllum fæðuflokkum, verða sybbinn fyrir miðnætti og nýta tímann. Horfi tortryggin á unglinga með eyrnalokka í augabrúnunum eða tattú og herði takið um dömuveskið. Geri áætlanir sem standast. Nenni ekki á djammið, tek lýsi og keyri á löglegum hraða. Nú er jafnvel svo komið fyrir mér að ég glápi öfundaraugum á eftir fólki á Volvo.

**LÍFIÐ** er nefnilega lunkið við að kenna manni að vera praktískur. Það hljómar leiðinlega, ég veit, en fimm manna fjölskylda í tveggja manna sportbíl er dæmi sem gengur illa upp.

**FYRSTA** gráa hárið mitt dinglaði sér storkandi í speglinum á rauðu ljósi á leiðinni í jarðarför. Sem var mjög við hæfi því útfarir og erfidrykkjur eru einmitt vettvangurinn þar sem sumt roskið fólk sinnir félagsþörfinni. Síðan þá hefur gráu hárunum fjölgað með lógaritmískum hraða svo núorðið táknar „hið mánaðarlega“ aðallega hina mánaðarlegu hárlitun. Ég hugga mig við að sem betur fer hef ég ekki snefil af áhuga á bútasaumi og ættfræðiþekking mín er ennþá í molum.


Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ






**KIA Rio** er magnaður bíll og með aflmikilli 112 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Eins og alltaf fara hér saman gæði, afl og hagkvæmni. Rio er jafnframt búinn akstursölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn og álfelgum. **KIA Rio dísil kostar 1.698.000 kr.**

**KIA er sá bílaframleiðandi** sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi*
*3 ára ábyrgð*

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700